

Möguleikar fatlaðs fólks til náms að loknum
framhaldsskóla

María Hildipórsdóttir

Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í
uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands.

Reykjavík október 2006

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um námsóskir fatlaðra ungmenna og þann raunveruleika sem þau standa frammi fyrir að loknum framhaldsskóla. Markmið rannsóknarinnar var að skoða óskir og væntingar nemenda og foreldra þeirra og fjalla um þá möguleika sem bjóðast til náms við þau tímamót. Símenntunarmiðstöðin Fjölmennt var skoðuð og gerð verður grein fyrir þeim sóknarfærum sem stofnunin stendur frammi fyrir.

Ritgerðin byggir á niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar sem unnin var að mestu veturinn 2004-2005. Lykilþátttakendur rannsóknarinnar voru sex fatlaðir nemendur á aldrinum 20-23 ára sem lokið hafa fjögurra ára námi í framhaldsskóla, foreldrar, starfsmaður atvinnu með stuðningi, ásamt aðilum sem tengjast stjórnkerfi Fjölmenntar. Einnig var rætt við kennara á starfsbrautum framhaldsskóla til að skoða hvernig framhaldsskólinn undirbýr nemendur undir nám og störf að framhaldsskóla loknum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að valkostir til náms og starfa að loknum framhaldsskóla séu afar takmarkaðir. Margir nemendur sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna hafa ekki að nokkru að hverfa að framhaldsskóla loknum, hvorki atvinnu né áframhaldandi menntun. Hluti nemenda óskar eftir atvinnu að loknum framhaldsskóla en aðrir óska eftir áframhaldandi formlegu námi. Nokkrir óska eftir að geta stundað vinnu og símenntun jafnhliða. Eina menntunin sem í boði er eru námskeið hjá Fjölmennt. Helstu niðurstöður mínar varðandi Fjölmennt sem símenntunarstofnun fyrir fatlað fólk eru þær að vinna þarf markvisst að þróun innra starfs stofnunarinnar í von um aukin tengsl við aðrar sambærilegar menntastofnanir í samfélaginu. Mikilvægt er að þátttakendur hafi möguleika á virkri þátttöku í námi sínu í Fjölmennt og að fatlað fólk fái aukin tækifæri til náms hjá almennum símenntunarmiðstöðvum.

Ekkert nám á háskólastigi eða annað samfelld nám að loknum framhaldsskóla stendur þessum nemendahóp til boða og verður því að segja að þau búi við mjög svo skerta námsmöguleika miðað við jafnaldra sína.

Abstract

In this essay I try and shed light on the study wishes of youth with disability and the reality they face after concluding secondary education. The object of the study was to consider the wishes and expectations of the students and their parents and discuss the study options they have after concluding secondary education. The Centre for ongoing education „Fjölmennt“ was studied and the fields in which the centre can advance are discussed.

The essay is based on the results of a qualitative research project which was for the most part done in the winter of 2004-2005. The key participants in the project were six students with disability 20-23 years old who have concluded four years of secondary school, parents, an employee of Supported employment as well as parties involved with the administration of Fjölmennt.

The results of the study suggest that the options for study and work after secondary school are very limited. Many students who graduate from the vocational lines of the secondary schools do not have any alternatives after secondary school, neither work nor further education. Some of the students want to get work after secondary school, but others wish to continue with formal education. A few want to be able to work and to study simultaneously. The only education available are courses at Fjölmennt. My main results regarding Fjölmennt as an institution for ongoing education for people with disabilities are that it is necessary to focus on developing the internal work of the institution in the hope of strengthening relations with other comparable educational institutions in the society. It is important that the participants have the possibility of active participation in their studies at Fjölmennt and that people with disabilities have increased opportunities at ongoing education centres for the general public.

There is no University-level or other consecutive study opportunities after secondary school available for the student group and it is therefore clear that they have substantially reduced study opportunities compared to their peers.

Formáli

Ritgerðin *Möguleikar fatlaðs fólks til náms að loknum framhaldsskóla* er 25 eininga lokaverkefni í meistaranámi á sérkennslusviði við Kennaraháskóla Íslands. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Guðrúnar V. Stefánsdóttur lektors við Kennaraháskóla Íslands.

Við vinnslu þessa verkefnis naut ég aðstoðar margra og kann ég þeim bestu þakkir fyrir. Leiðbeinanda mínum Guðrúnu V. Stefánsdóttur þakka ég ómetanlegan stuðning, hvatningu og leiðsögn á öllum stigum rannsóknarvinnunnar. Við undirbúning rannsóknarinnar tók ég tvö námskeið í eigindlegri aðferðafræði í Háskóla Íslands hjá dr. Rannveigu Traustadóttur. Kann ég henni bestu þakkir fyrir leiðsögn og kennslu. Hróbjarti Árnasyni kann ég bestu þakkir fyrir góðar ábendingar við lokavinnslu ritgerðarinnar.

Stjórnendum Fjölmenntar þakka ég gott aðgengi að Fjölmennt og starfsfólki Fjölmenntar sem aðstoðaði mig við gagnasöfnun. Reyni Gunnlaugssyni vil ég þakka fyrir prófarkalestur og aðstoð við uppsetningu ritgerðarinnar. Fjölskyldu minni, vinum og vandamönnum þakka ég ómetanlegan stuðning, hvatningu og óendanlega þolinmæði.

Síðast en ekki síst þakka ég öllum þátttakendum í rannsókninni fyrir ánægjulegt samstarf og hlýjar og góðar móttökur.

María Hildipórsdóttir, 2006

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR	2
ABSTRACT	3
FORMÁLI	4
EFNISYFIRLIT	5
1. INNGANGUR	7
1.1 RANNSÓKNIN Í HNOTSKURN.....	8
1.1.1 Markmið og rannsóknarspurningar.....	9
1.2 MIKILVÆGI RANNSÓKNAR.....	10
1.3 FRÆÐILEGT SJÓNARHORN.....	11
1.3.1 Skilgreiningar og hugtök.....	12
1.4 TRÚNAÐUR OG NAFNLEYND.....	13
1.5 UPPBYGGING RITGERÐAR.....	13
2. RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS TIL NÁMS OG ATVINNU	15
2.1 RÉTTINDI TIL NÁMS.....	15
2.2 FRAMHALDSMENNTUN.....	18
2.3 NÁM Á HÁSKÓLASTIGI.....	19
2.4 FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA.....	21
2.5 FJÖLMENNT.....	22
2.6 ATVINNUMÁL FATLAÐRA.....	26
SAMANTEKT.....	29
3. FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR	30
3.1 ÞRÓUN HUGMYNDAFRÆÐI UM EÐLILEGT LÍF OG FULLA ÞÁTTTÖKU.....	30
3.1.1 „Skóli án aðgreiningar“.....	31
3.1.2 Nám sem undirbúningur undir fullorðinsár.....	34
3.2 FÖTLUNARFRÆÐI.....	35
3.3 ÓLÍK SJÓNARHORN Á FÖTLUN.....	36
3.3.1 Læknisfræðilegt sjónarhorn.....	37
3.3.2 Norræni tengslaskilningurinn.....	39
3.3.3 Breska félagslega líkanið um fötlun.....	40
3.4 VALDEFLING OG SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTTUR.....	41
3.5 VALFRELSI FATLAÐS FÓLKS.....	44
3.6 EINKENNI FULLORÐINSFRÆÐSLU.....	46
SAMANTEKT.....	52
4. FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR	53
4.1 MARKMIÐ OG RANNSÓKNARSPURNINGAR.....	53

4.2 AÐFERÐIR	54
4.3 ÞRÓUN RANNSÓKNAR.....	55
4.4 ÞÁTTTAKENDUR OG UMFANG RANNSÓKNAR	56
4.4.1 Val á þátttakendum	57
4.4.2 Tengsl við þátttakendur.....	58
4.5 GAGNASÖFNUN	59
4.5.1 Opin viðtöl	60
4.5.2 Þátttökuathuganir	60
4.5.3 Rýnihópar.....	61
4.6 GREINING GAGNA.....	62
4.7 TAKMARKANIR OG SIÐFERÐILEGAR ÁSKORANIR	64
4.8 GILDI RANNSÓKNAR.....	65
SAMANTEKT.....	67
5. AÐ LOKNUM FRAMHALDSSKÓLA - MÖGULEIKAR OG VALKOSTIR	68
5.1 AÐSTÆÐUR NEMENDA VIÐ LOK FRAMHALDSSKÓLA	68
5.2 INNIHALD NÁMS	74
5.3 FÉLAGSLEG HLIÐ NÁMS	79
5.4 NÁMSÓSKIR	81
5.4.1 Samfellt nám.....	86
5.4.2 Nám á háskólastigi.....	90
SAMANTEKT.....	93
6. SÓKNARFÆRI FJÖLMENNTAR.....	94
6.1 NÁM MEÐ STUÐNINGI.....	94
6.2 TENGL VIÐ AÐRAR SÍMENNTUNARSTÖÐVAR	99
6.3 ATVINNUTENGT NÁM	101
6.4 NÁM BYGGT UPP SEM SJÁLFSSTYRKING.....	105
6.5 FÉLAGSLEGT NÁM - TÓMSTUNDATENGT NÁM.....	108
6.6 HEILDRÆN ÞJÓNUSTA	111
6.7 ÞRÓUNARSTÖRF OG RÁÐGJÖF.....	114
SAMANTEKT.....	118
7. NIÐURLAG: SAMANTEKT OG LÆRDÓMAR	119
7.1 HELSTU NIÐURSTÖÐUR	119
7.1.1 Námsóskir og væntingar nemenda.....	121
7.1.2 Möguleikar til náms að loknum framhaldsskóla.....	127
7.2 HELSTU LÆRDÓMAR.....	133
7.3 LOKAORÐ.....	135
HEIMILDASKRÁ	136
VIÐAUKI.....	144

1. Inngangur

Á undanförunum árum hafa möguleikar fatlaðs fólks til náms á framhaldsskólastigi á Íslandi aukist verulega. Árið 1996 var lögbundið að fatlað fólk ætti rétt á námi í almennum framhaldsskólum á svonefndum starfsbrautum (Lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996). Það nám hefur breytt námsmöguleikum fatlaðs fólks verulega frá því sem áður var. Nemendur sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna eru með allt aðra undirstöðumenntun en áður var. Því fannst mér áhugavert að skoða hvað tæki við að framhaldsskóla loknum með tilliti til áframhaldandi náms og skoða hvaða framtíð býður ungs fatlaðs fólks við þessi tímamót í lífi sínu.

Markmið mitt er að koma reynslu, upplifun og aðstæðum þátttakenda á framfæri á þann hátt að raddir þeirra heyrist. Með því að gera grein fyrir væntingum þeirra og möguleikum til frekara náms og atvinnu vonast ég til að geta gefið lesendum innsýn í líf og aðstæður þessara einstaklinga. Samhliða rannsókn minni á óskum og væntingum nemenda og aðstandenda þeirra skoða ég þá möguleika sem þeim standa til boða í námi og reyni að varpa ljósi á hugmyndir og framtíðarsýn þess fólks sem vinnur að stefnumörkun og skipulagningu menntunar fyrir fatlað fólk. Það er von mín að niðurstöður rannsóknarinnar geti orðið að gagni við stefnumótun og uppbyggingu náms að loknum framhaldsskóla fyrir fatlað fólk.

Rannsóknin skiptist í tvo hluta. Annars vegar snýr hún að óskum nemenda til náms og starfa að framhaldsskóla loknum og þeim möguleikum sem nú bjóðast fötluðu fullorðnu fólki til náms hjá Fjölmennt-fullorðinsfræðslu fatlaðra. Hins vegar beinist rannsóknin að framtíðarsýn stjórnenda og hagsmunaaðila á hlutverk þeirrar stofnunar svo og sóknarfærum hennar.

Ástæðan fyrir því að ég valdi mér þetta viðfangsefni er að ég hafði sem sérkennari á starfsbraut framhaldsskóla og síðar sem sviðsstjóri og kennari hjá Fjölmennt gert mér grein fyrir hversu takmarkaðir möguleikar ungs fatlaðs fólks til náms og starfa voru að framhaldsskóla loknum. Ekki var um samfellu að ræða milli starfsnáms framhaldsskóla og vinnu á hinum almenna vinnumarkaði fyrir þá sem þess óskuðu. Ég varð einnig vör við að

margt af því unga fólki sem stóð á þessum tímamótum hafði löngun til að halda áfram samfelldu námi að framhaldsskóla loknum en hafði einungis möguleika á að sækja um einstök námskeið hjá Fjölmennt sem engan veginn nægðu til að koma til móts við námsóskir þessa unga fólks. Mikils óöryggis og vonleysis gætti bæði hjá unga fólkinu og ekki síður meðal aðstandenda þeirra. Ég stóð einnig frammi fyrir því sem sviðsstjóri hjá Fjölmennt að ásókn í símenntun var mikið meiri en hægt var að koma til móts við og umsækjendum fjölgaði um 20-30 á ári hverju. Það varð til þess að námstilboð sem stendur til boða fyrir hvern og einn umsækjenda hefur farið minnkandi ár frá ári.

Rannsóknarspurningar mínar voru í upphafi tengdar starfsnámi framhaldsskólanna og hvernig umskiptin (transition) frá skóla til atvinnulífs gengu fyrir sig. Þegar ég hóf störf hjá Fjölmennt símenntunarmiðstöð fyrir fullorðið fatlað fólk tók rannsóknin nýja stefnu og ég fór að skoða þessi tímamót hjá ungu fötluðu fólki í nýju ljósi. Þegar ég fór að ræða við þátttakendur í báðum hlutum rannsóknarinnar tók rannsóknin enn aðra stefnu og ég fór að velta fyrir mér ýmsum þáttum sem tengdust þeim valkostum sem ungt fatlað fólk hefur við þessi tímamót, sjálfsákvörðunarrétti fatlaðs fólks sem og valdeflingu. Einnig fannst mér áhugavert að skoða hvaða nám stæði ungu fötluðu fólki til boða og hvaða framtíðarsýn birtist í stefnumörkun um námstilboð fyrir fatlað fólk. Mér fannst mikilvægt að skoða það sem einkennir fræðslu fullorðins fólks í von um að sjá tengingu milli náms og kennslu fullorðins fatlaðs fólks við símenntun þeirra sem ófatlaðir eru. Rannsókn þessi er sú fyrsta sinnar tegundar sem gerð er hér á landi með þetta sjónarhorn að leiðarljósi.

1.1 Rannsóknin í hnotskurn

Rannsóknin sem fjallað er um í ritgerð þessari byggir á eigindlegri rannsókn og beinist hún að hópi fatlaðs fólks sem lokið hefur fjögurra ára námi á starfsbrautum framhaldsskóla. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig fatlað fólk horfir til framtíðar í tengslum við atvinnu og áframhaldandi menntun. Einnig leitaði ég eftir framtíðarsýn foreldra, kennara og starfsfólks innan málaflokksins á möguleikum fatlaðs fólks til frekari menntunar að framhaldsskóla loknum. Val mitt á þátttakendum miðaðist fyrst og fremst við að fá sem gleggsta mynd af óskum og væntingum ungs fatlaðs fólks við lok framhaldsskóla og jafnframt að fá sjónarhorn þeirra sem staðið hafa að þróun og uppbyggingu Fjölmenntar.

Flestir þeirra nemenda sem hafa útskrifast úr framhaldsskóla sækja um námskeið hjá Fjölmennt. Um fáa aðra námsmöguleika er að ræða.

Gagna var aflað með því að gerðar voru þátttökuathuganir, tekin opin viðtöl og rýnihópaviðtöl. Tekin voru bæði opin viðtöl og rýnihópaviðtöl við nemendur úr hópi þeirra sem lokið hafa fjögurra ára námi á starfsbrautum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Tekin voru opin viðtöl við aðra þátttakendur. Þátttökuathuganir fóru fram í framhaldsskóla í Reykjavík, í Fjölmennt símenntunarmiðstöð fyrir fatlað fólk og á ráðstefnu um atvinnumál fatlaðs fólks.

Lykilþátttakendur í rannsókn minni eru sex nemendur sem hafa útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna, fjögur þeirra stunda nú nám í Fjölmennt. Í rannsókninni var einnig rætt við tvo foreldra sem eiga börn sem lokið hafa fjögurra ára námi í framhaldsskóla og stunda nám hjá Fjölmennt. Auk þess var rætt við þá sem koma að skipulagningu námsins, eigendur stofnunarinnar og/eða stjórnendur, trúnaðarmann fatlaðra og starfsmann Atvinnu með stuðningi. Þessir þátttakendur eru fimm talsins. Aðrir þátttakendur eru þrjú kennarar á starfsbraut framhaldsskóla, umsjónarmaður starfsnáms og eitt foreldri. Alls eru þetta því 16 viðtöl sem rannsóknin byggir á auk þátttökuathugana. Ritgerðin byggir fyrst og fremst á reynslu lykilþátttakenda minna en markmiðið var einmitt að fá fram þeirra sjónarmið og láta rödd þeirra heyrast.

Rannsóknin beindist að námsóskum fatlaðra nemenda að framhaldsskóla loknum og möguleikum þeirra við núverandi aðstæður. Um er að ræða breiðan hóp nemenda og því mikilvægt að fá sjónarmið þeirra sem ekki geta talað fyrir sig sjálfir og í þeim tilvikum ræði ég við foreldra þeirra. Það taldi ég mikilvægt til að fá raunhæfa mynd af ólíkum námsþörfum hjá þeim nemendahópi sem útskrifast á ári hverju úr framhaldsskólunum.

1.1.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Eins og áður er getið vildi ég í rannsókn minni fá sem heildstæðasta mynd af upplifun og reynslu þátttakanda við þau tímamót að útskrifast úr framhaldsskóla og skoða hvaða möguleikar þeim standa þá til boða. Út frá þessari áherslu mótaði ég markmið og rannsóknarspurningar sem liggja til grundvallar rannsókn minni. Rannsóknin er í tveim hlutum og beinist annars vegar að nemendunum sjálfum, skoðunum þeirra, óskum og væntingum til náms og starfa við þessi tímamót. Jafnframt beinist rannsóknin að þeim

möguleikum sem þeim standa til boða við núverandi aðstæður. Hins vegar er leitast við að varpa ljósi á þá framtíðarsýn sem höfð er að leiðarljósi við áframhaldandi skipulagningu menntunar fyrir fatlað fólk hjá Fjölmennt. Sú stofnun er eina menntastofnunin sem hefur það skilgreinda hlutverk að sinna fötluðu fullorðnu fólki.

Út frá ofangreindum markmiðum voru rannsóknarspurningar mótaðar.

- Hvaða námsóskir hafa fötluð ungmenni að loknu fjögurra ára námi á starfsbrautum framhaldsskóla?
- Hvaða valmöguleika hafa þau til áframhaldandi náms og atvinnu að framhaldsskóla loknum?
- Hver eru helstu sóknarfæri Fjölmenntar í uppbyggingu símenntunar fyrir fatlað fólk á Íslandi?

1.2 Mikilvægi rannsókna

Möguleikar fatlaðs fólks til náms á framhaldsskólaaldri breyttist verulega þegar tækifæri gafst á námi í almennum framhaldsskólum (Lög um framhaldsskóla, nr 80/1996). Árið 2002 útskrifaðist fyrsti hópur fatlaðs fólks eftir fjögurra ára nám á starfsbrautum framhaldsskóla. Það nám hefur verið í þróun síðan þá og vorið 2005 kom fyrst út námskrá fyrir öll árin fjögur (Menntamálaráðuneyti, 2005). Áður hafði verið til námskrá sem náði einungis yfir fyrri árin tvö (Menntamálaráðuneyti, 2000). Þessir auknu námsmöguleikar fatlaðra ungmenna á framhaldsskólaaldri verða til þess að nú eru að koma í Fjölmennt nemendur með allt annan námslegan bakgrunn en áður gerðist hjá forvera þeirrar menntastofnunar sem hét Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Sumir þátttakendur í rannsókn minni eru fyrstu nemendur sem útskrifuðust úr framhaldsskóla eftir fjögurra ára nám. Því er mikilvægt að kanna reynslu þessa hóps og fá sjónarmið þeirra hvað óskir og væntingar til náms og atvinnu varðar. Helsti ávinningur rannsóknarinnar er að afla þekkingar á upplifun og sjónarhornum þessa hóps með von um að betur sé hægt að koma til móts við óskir nemenda með þennan námslega bakgrunn í framtíðinni.

Í rannsókninni er einnig símenntunarstofnunin Fjölmennt skoðuð og rætt við þá aðila sem stóðu framarlega í uppbyggingu hennar og þróun. Fjölmennt er eins og síðar kemur betur fram ný menntastofnun sem hefur framsækna stefnuskrá og byggir á þeirri hugmyndafræði sem nú er ríkjandi í tengslum við aukna þátttöku fatlaðs fólks í

samfélaginu. Vonast ég til að niðurstöður þessarar rannsóknar geti nýst til áframhaldandi uppbyggingar á þeim menntunartilboðum sem Fjölmennt býður upp á í framtíðinni og einnig að horft sé til námsóska nemendanna sem tóku þátt í rannsókninni um aukna möguleika til náms miðað við það sem nú er í boði. Auk þess vonast ég til að rannsóknin nýtist fötluðu fólki í baráttu þess fyrir auknum möguleikum til náms og starfa til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

1.3 Fræðilegt sjónarhorn

Rannsókn mín er unnin í anda rannsókna innan fötlunarfræða og er fræðilegt sjónarhorn undir áhrifum félagslegra líkana um fötlun en um þau verður fjallað nánar í öðrum kafla. Fötlunarfræði er ný fræðigrein bæði hér á landi og erlendis. Markmið rannsókna á sviði fötlunarfræða er að unnt sé að nýta niðurstöður þeirra sem innlegg í umræðu um líf og aðstæður fatlaðs fólks með þá von að leiðarljósi að bæta aðstæður fatlaðs fólks og ýta undir að fatlað fólk eigi greiðari aðgang að fullri þátttöku í samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á að rannsóknir á sviði fötlunarfræða séu ekki eingöngu um fatlað fólk heldur einnig fyrir fatlað fólk. Kenningar í fötlunarfræðum fjalla einnig um hvernig fötlun er skilgreind og hvernig litið er á möguleika fatlaðs fólks til að hafa áhrif á líf sitt (Rannveig Traustadóttir, 2003). Rannsóknir innan fötlunarfræða hafa meðal annars beinst að því að efla fólk til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um líf sitt og aðstæður og því eru fræðileg hugtök eins og valdefling (empowerment) og sjálfsákvörðunarréttur (self-advocacy) fatlaðs fólks miðlæg.

Rannsókn mín beinist að valkostum og möguleikum ungs fatlaðs fólks til framhaldsnáms að framhaldsskóla loknum. Breska fræðikonan Jeanne Sutcliffe (1991) heldur því fram að í allri fullorðinsfræðslu fyrir fatlað fólk ættu valdefling og sjálfsstyrking að vera megin markmið. Eins og fram hefur komið er eitt af meginsjónarhornum fötlunarfræðinnar að fatlað fólk eigi fullan rétt á þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Út frá mínu umfjöllunarefni fannst mér því brýnt að skoða einkenni fullorðinsfræðslu almennt. Þrátt fyrir að fræðilegt sjónarhorn rannsóknar minnar byggji fyrst og fremst á fötlunarfræði sækir ég því einnig til hugmynda innan siðfræði og fullorðinsfræðslu.

1.3.1 Skilgreiningar og hugtök

Þau hugtök sem notuð hafa verið um fatlað fólk hafa breyst í áranna rás. Sérstaklega er nú mikilvægt að greina á milli orðfærisins *fatlað fólk* og *fólk með fötlun* sem hvoru tveggja hefur verið notað hér á landi. Í Bretlandi hefur hugtakið fatlað fólk verið notað, meðal þeirra sem aðhyllast hina félagslegu sýn innan fötlunarfræða, um fólk sem hefur skerðingar (impairment) af einhverjum toga, sem hafa áhrif á möguleika þeirra til að lifa eðlilegu lífi. Fylgismenn breska félagslega líkansins leggja mikla áherslu á að greina milli skerðingar og fötlunar bæði í málfari sem og á fræðilegum grunni. Þeir telja að með hugtakinu fólk með fötlun sé verið að vísa til úreltrar læknisfræðilegrar sýnar á fötlun. Þar sem fötlun er álitin til komin af félagslegri undirokun vegna samfélagslegra hindrana telja þeir sem aðhyllast þetta félagslega sjónarhorn að það endurspeglar í hugtakinu fatlað fólk (Rannveig Traustadóttir, 2003:33-34). Hér á landi hefur hugtakið fólk með fötlun verið notað um nokkurn tíma en í tengslum við félagsleg líkön innan fötlunarfræða hefur verið lögð áhersla á að nota hugtakið fatlað fólk í þessu samhengi og hefur því það orðfæri aukist. Því verður það gert í þessari ritgerð.

Á Íslandi hefur ekki verið samræmd orðanotkun hvað þetta varðar. Átak hagsmunafélag fólks með þroskahömlun hefur til dæmis notað hugtakið *fólk með þroskahömlun* og algengt er að fólk innan málaflokks fatlaðra noti hugtakið *fólk með fötlun* í umfjöllun sinni. Útskýringar fólks með þroskahömlun eru af öðrum toga og vilja þau vísa til þess að þau séu fyrst og fremst manneskjur. Enda hefur barátta fólks með þroskahömlun oft snúist um að standa vörð um mennsku sína sem oft hefur verið dregin í efa (Rannveig Traustadóttir, 2003:33–34). Skilgreining á hugtakinu fötlun er mikilvæg ekki bara í orðræðunni heldur byggist réttur fatlaðs fólks á þeirri skilgreiningu samkvæmt lögum. Í lögum um málefni fatlaðra er skilgreining á fötlun sem skilgreinir hverjir eiga rétt á þjónustu samkvæmt Lögum um málefni fatlaðra. Þar er hugtakið fatlaður notað um þann sem „er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum“ (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992: 2. gr.). Brynhildur Flóvenz (2004) bendir hins vegar á að hugtakið fötlun verði ekki skilgreint í eitt skipti fyrir öll. Það sé í stöðugri þróun og mikilvægt sé að halda opinni umræðu um skilgreininguna svo að

samstaða geti ríkt um það hverjir séu fatlaðir og hverjir ekki. Brynhildur veltir því einnig upp hvort skilgreiningin á fötlun sé óháð tíma og stað eða hvort hún geti verið breytileg eftir samfélögum og/eða menningu.

Nemendurnir sem taka þátt í rannsókn minni eru öll fólk með þroskahömlun og svo er um allfesta nemendur Fjölmenntar. Ég hef kosið að nota frekar hugtakið fatlað fólk um nemendahóp Fjölmenntar og svo er jafnframt gert í öllum þeim rituðu gögnum sem ég hef undir höndum um þá stofnun. Í Fjölmennt sem byggð er upp af námskeiðum fyrir fatlað fólk er talað um *þátttakendur* á námskeiðum Fjölmenntar. Ég hef hins vegar kosið að nota hugtakið *nemendur* í þessu verkefni þegar ég tala almennt um fólk sem sækir þangað námskeið. Það geri ég til aðgreiningar frá þátttakendum í rannsókn minni.

1.4 Trúnaður og nafnleynd

Til að tryggja nafnleynd og trúnað við þátttakendur hefur öllum nöfnum þátttakenda verið breytt. Einnig breytti ég öðrum einkennum og staðháttum sem hefðu getað gert þátttakendur mína auðgreinanlega. Ég tók hins vegar þá ákvörðun í samráði við yfirmann Fjölmenntar að nota rétt nafn þeirrar stofnunar, þar sem sú stofnun er eina sinnar tegundar sem sinnir þessu hlutverki og mjög erfitt var að dylja hana. Allar upplýsingar sem hér koma fram um Fjölmennt hafa því verið bornar undir yfirmann Fjölmenntar til samþykktar.

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og samþykkt. Þátttakendur í rannsókn minni fengu nákvæmar upplýsingar um rannsóknina og þeim gerð grein fyrir að þeir gætu hætt þátttöku óskuðu þeir þess. Öllum upplýsingum verður eytt að loknum skrifum verkefnisins.

1.5 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í sjö kafla. Í öðrum kafla ritgerðarinnar geri ég grein fyrir réttindum fatlaðs fólks til náms. Í því sambandi skoða ég alþjóðlegar samþykktir sem Íslendingar eru aðilar að og skoða hvaða réttindi fatlað fólk hefur til náms á Íslandi. Jafnframt fjalla ég um það skipulag sem ríkir á framhaldsmenntun og möguleika fatlaðs fólks til frekara náms á háskólastigi og til símenntunar. Að því loknu fjalla ég um sögulegan bakgrunn Fjölmenntar sem hét Fullorðinsfræðsla fatlaðra og var eina skólastofnunin sem sinnti framhaldsmenntun

og símenntun fatlaðs fólks um áratugaskeið. Einnig geri ég grein fyrir Fjölmennt sem nú er eina símenntunarmiðstöðin fyrir fatlað fólk frá 20 ára aldri. Atvinnumál brenna á þátttakendum í rannsókn minni og fjalla ég einnig lítillega um það fyrirkomulag sem ríkir í atvinnumálum fatlaðs fólks. Ég geri því að nokkru leyti grein fyrir Atvinnu með stuðningi og þeirri hugmyndafræði sem sú atvinnumiðlun byggir á.

Þriðji kafli ritgerðarinnar fjallar um þann fræðilega bakgrunn sem tengist viðfangsefni mínu. Verkefni mitt tengist fræðilega sjónarhorni innan fötlunarfræði, en til að dýpka umfjöllunina fjalla ég einnig um valfrelsi, valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks. Í lok kaflans fjalla ég um helstu einkenni kennslu fullorðins fólks í þeirri von að sjá samsvörun við þá menntun sem í boði er fyrir fullorðið fatlað fólk.

Í fjórða kafla geri ég grein fyrir framkvæmd rannsóknarinnar, rannsóknaraðferðum, öflun og greiningu rannsóknargagna. Auk þess kynni ég þátttakendur mína og geri grein fyrir tengslum mínum við þátttakendur. Einnig beini ég sjónum að takmörkunum rannsóknarinnar og þeim siðferðilegu áskorunum sem tengjast rannsóknum sem þessari.

Síðustu þrjú kaflarnir byggja á niðurstöðum rannsóknar minnar. Fimmti kafli snýr að óskum og væntingum nemendanna sem tóku þátt í rannsókninni til náms og atvinnu. Þar er litið til upplifunar nemenda og foreldra á aðstæðum nemenda við lok framhaldsskóla. Einnig er fjallað um innihald náms og sjónum beint að námsóskum þátttakenda.

Í sjötta kafla ritgerðarinnar er fjallað um fjölbreytta möguleika til náms sem hafa að mati þátttakenda minna ekki fengið nægjanlegt vægi í starfsemi Fjölmenntarfullorðinsfræðslu fatlaðra til þessa. Má því segja að þarna sé verið að gera grein fyrir sóknarfærum stofnunarinnar. Bæði hvað varðar áframhaldandi þróun og framtíðarskipulag á innra starfi svo og tengslum Fjölmenntar við aðrar menntastofnanir sem sinna símenntun. Í þessum kafla er lögð áhersla á að raddir þeirra sem koma að stjórnun og uppbyggingu stofnunarinnar heyrast ásamt röddum foreldra. Megingildi Fjölmenntar sem birtast í Stefnumskrá stofnunarinnar eru jafnframt lögð til grundvallar.

Í sjöunda og síðasta kafla ritgerðarinnar dreg ég saman niðurstöður rannsóknarinnar, túlka þær og tengi við fræðilegu umfjöllun mína. Einnig fjalla ég um helstu lærdóma sem draga má af niðurstöðum mínum.

Í viðauka ritgerðarinnar er lýsing á lykilorðþátttakendum mínum og tengslum hvers og eins við viðfangsefni mitt.

2. Réttindi fatlaðs fólks til náms og atvinnu

Í þessum kafla er fjallað um réttindi og möguleika fatlaðs fólks til framhaldsmenntunar og símenntunar að framhaldsskóla loknum við núverandi aðstæður. Rannsókn mín fjallar fyrst og fremst um möguleika fatlaðs fólks að loknum framhaldsskóla en til að varpa ljósi á skipulag náms á framhaldsskólastigi skoða ég þann menntunarlega bakgrunn sem nemendur hafa við þau tímamót að ljúka framhaldsskóla. Þá verða dregnir fram þeir þættir innan framhaldsmenntunar sem hafa tilvísun til náms og starfa að framhaldsskóla loknum. Einnig fjalla ég lítillega um nám á háskólastigi fyrir fatlað fólk þó að það standi ekki til boða hér á landi enn sem komið er. Þá geri ég grein fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra sem var forveri Fjölmenntar. Ég greini frá helstu markmiðum, hlutverkum og stefnu Fjölmenntar eins og þau birtast í stefnuskrá og skipulagsskrá stofnunarinnar. Vegna þess hve atvinnumál voru þátttakendum mínum hugleikin fjalla ég um það skipulag sem hér ríkir í tengslum við atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði.

2.1 Réttindi til náms

Margir þættir sem snúa að menntun fatlaðs fólks hafa fengið alþjóðlega umfjöllun. Þegar hugtakið menntun er skoðað í tengslum við fatlað fólk er mikilvægt að skilgreina hvað átt er við. Í því samhengi þarf að skoða hvernig réttur fatlaðs fólks til menntunar er skilgreindur á alþjóðavettvangi í samningum sem við Íslendingar erum aðilar að. Íslendingar hafa skuldbundið sig til að fara eftir Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Þar segir í 26. grein

1. Hver maður á rétt til menntunar. Skal hún veitt ókeypis, að minnsta kosti barnafræðsla og undirstöðumenntun. Börn skulu vera skólaskyld. Iðnaðar- og verknám skal öllum standa til boða og æðri menntun vera öllum jafnfrjál, þeim er hæfileika hafa til að njóta hennar.

2. Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarflokka og að efla starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðarins (Brynhildur Flóvenz, 2004:111).

Í þessari grein er ekki getið um fatlað fólk sérstaklega en hér er fjallað um rétt allra til menntunar. Brynhildur Flóvenz (2004) bendir á að grein þessi vísi einnig til innihalds og markmiða menntunar. Það sé mikilvægur þáttur fyrir fatlað fólk því hér sé lögð áhersla á að menntun skuli innræta nemendum virðingu fyrir manngildi og mannréttindum sem oft hefur skort á að fötluðu fólki væri sýnd. Einnig bendir hún á að hér sé lögð áhersla á að markmið menntunar sé að efla skilning og umburðarlyndi sem séu mikilvægir þættir í að gera samfélagið aðgengilegra fyrir fatlað fólk.

Nokkrar fleiri samþykktir hafa verið gerðar af hálfu Sameinuðu þjóðanna um réttinn til menntunar en mismunandi er hversu mikil aðgerðaskylda hvílir á ríkjunum um það að framfylgja þessum samningum. Íslendingar eru ekki aðilar að öllum þeim samningum. Ég mun hér eingöngu fjalla um þær samþykktir sem Íslendingar eru aðilar að. Í Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem samþykktur var á allsherjarþingi SP árið 1966 er þess getið að framhaldsmenntun í hinum ýmsu myndum skuli gerð öllum tiltæk og aðgengileg með öllum tilhlýðilegum ráðum. Það skuli einkum gert með því að koma á ókeypis menntun. Fatlað fólk á með þessum samningi rétt á því að stjórnvöld neyti allra úrræða til að gera menntun þeim aðgengilega á öllum skólastigum (Brynhildur Flóvenz, 2004).

Í meginreglum Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðs fólks (nr.48/96 frá 20. desember 1993) er gildi menntunar tíundað og lögð áhersla á að með aukinni menntun hafi fatlað fólk orðið virkari þátttakendur í stefnumótun fyrir fatlað fólk á öllum sviðum. Þar viðurkenna einnig aðildarríkin þá meginreglu að fatlað fólk, börn, ungmenni og fullorðnir hafi jafnan rétt til náms á öllum stigum á við aðra. Í reglu 6 lið 5 í meginreglunum um jafna þátttöku fatlaðs fólks er þess getið að sérstaka athygli skuli veita fötluðu fullorðnu fólki með tilliti til menntunar og eru fatlaðar konur sérstaklega tilgreindar (Brynhildur Flóvenz, 2004).

Ein þessara samþykkt er hin svonefnda Salamanca yfirlýsing sem Íslendingar samþykktu og eru aðilar að. Hún á að standa vörð um réttindi fatlaðs fólks á öllum aldri. Salamanca yfirlýsingin var samþykkt á ráðstefnu um menntun nemenda með sérþarfir sem haldin var af UNESCO og spænska menntamálaráðuneytinu í júní 1995 í borginni Salamanca á Spáni. Á ráðstefnunni voru fulltrúar frá 92 ríkjum þ.a.m. frá Íslandi. Í formála yfirlýsingarinnar stendur að „Menntamálaráðuneytið væntir þess að yfirlýsingin og rammaáætlunin um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir geti orðið Íslendingum að leiðarljósi“ (Salamanca yfirlýsing 1995). Þar er einnig sérstakur kafli um fullorðinsfræðslu og endurmenntun fatlaðs fólks (gr. 56 og 57) sem hljóðar þannig:

Við skipulagningu og starfsrækslu námsbrauta á vettvangi fullorðinsfræðslu og endurmenntunar ber að hyggja sérstaklega að fötluðu fólki. Það skal hafa aðgang að námi umfram aðra og jafnframt séu skipulögð sérstök námskeið sem hæfa þörfum og aðstæðum mismunandi hópa fatlaðs fullorðins fólks.

Það sem vekur athygli og er sérstakt við þessa yfirlýsingu miðað við aðrar alþjóðasamþykktir sem Íslendingar eru aðilar að er að lagt er til að fötluðu fólki sé gefin réttindi umfram aðra í námi til að jafnræði séð náð.

Í Mannréttindasáttmála Evrópu sem er frá árinu 1950 er þess getið að réttindi og frelsi sem samningurinn hljóðar upp á skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits. Brynhildur Flóvenz (2004) heldur því fram að þessi ákvæði megi túlka þannig að þau tryggi réttinn til þeirrar menntunar sem í boði er fremur en þau tryggi í sjálfu sér réttinn til menntunar.

Á Íslandi er þess getið í Stjórnarskrá Íslands að „öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi“ (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944: gr. 76; Stjórnskipunarlög um breyting á Stjórnarskrá Íslands nr. 97/1995: gr. 14). Hér hefur ríkið tekið á sig þá skyldu að tryggja öllum borgurum menntun og fræðslu við hæfi. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992: gr. 7) á fatlað fólk rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Því skal ávallt leitast við að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar. Reynist þjónustupörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hann fá þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Því á fatlað fólk

rétt á skólagöngu í þeim menntastofnunum sem ríki, sveitarfélög eða einkaaðilar reka (Brynhildur Flóvenz, 2004).

2.2 Framhaldsmenntun

Árið 1996 urðu þáttaskil í möguleikum fatlaðs fólks til menntunar. Það ár var grunnskólinn færður yfir á ábyrgð sveitarfélaga og þá stóð fötluðum nemendum ekki lengur til boða að stunda tveggja ára viðbótarnám sem sérskólar á grunnskólastigi höfðu starfrækt. Það ár var bundið í lög að fötluð ungmenni við lok grunnskóla ættu rétt á námi í almennum framhaldsskólum. Í lögum um framhaldsskóla er þess getið að fatlaðir nemendur skuli stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. En jafnframt er þess getið að heimilt sé að stofna sérstakar deildir fyrir fatlaða nemendur svokallaðar starfsbrautir (Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996; Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. nr. 372/1998).

Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla var gerð árið 2000 og gildi hún þar til ný námskrá kom út í apríl 2005 (Menntamálaráðuneyti, 2000; 2005). Í námsskránni frá árinu 2000 var einungis gert ráð fyrir tveggja ára námi. Til ársins 2005 var því ekki til samræmd námskrá fyrir þriðja og fjórða ár starfsbrauta framhaldsskóla. Hver starfsbraut skipulagði því námstilboðin á seinni árunum tveim eftir þeim nemendahópi sem þar stundaði nám. Í námskránni er lögð áhersla á starfstengt nám á þriðja og fjórða ári og að nemendur eigi rétt á starfsnámi á vinnustöðum eftir áhuga sínum og getu til starfa (Menntamálaráðuneyti, 2005).

Í nýrri aðalnámskrá starfsbrauta framhaldsskóla eru tilgreindar þrjár tegundir starfsbrauta eins og í þeirri fyrri. Þær miða við að stjórnendur framhaldsskóla í samráði við kennara viðkomandi starfsbrauta geti ákveðið hvaða tegund starfsbrautar er við viðkomandi skóla. Samkvæmt námskránni má álykta að ætlast sé til að nemendum sé því að nokkru leyti getuskipt í starfsbrautir framhaldsskólanna sem er í andstöðu við núverandi stefnumörkun leik- og grunnskóla. Þar hefur verið unnið eftir hugmyndafræði um fullgilda þátttöku fatlaðra nemenda í sínum heimaskóla (Lög um grunnskóla, nr. 66/1995; Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996). Tekið er fram að starfsbrautirnar þurfa ekki að skilgreina sig sem starfsbraut I, II eða III heldur er hægt að raða nemendum á

starfsbraut eftir því sem hentar hverjum og einum nemanda. Í hinni nýju námskrá eru tilgreind almenn markmið með námi og kennslu á starfsbrautum.

Í tengslum við verkefni mitt eru tvö af þessum markmiðum sérlega áhugaverð. Annars vegar að nemendur auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi og hins vegar að nemendur fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi (Menntamálaráðuneyti, 2005). Áframhaldandi nám hefur ekki staðið til boða utan þeirra námskeiða sem Fjölmennt hefur boðið upp á í formi símenntunar. Nám á háskólastigi hefur ekki staðið fötluðu fólki til boða (Brynhildur Flóvenz, 2004). Um atvinnumál fatlaðs fólks verður fjallað síðar í þessum kafla.

Á síðustu árum hefur líkamlega fatlað fólk haft tækifæri til að stunda háskólanám en fólk með þroskahömlun hefur ekki haft þau tækifæri. Það að nú standi framhaldsskólanám til boða fyrir fatlað fólk í meira mæli en áður, hefur orðið til þess að námsþörf á næsta skólastigi þ.e. háskólastigi birtast í meira mæli en áður var. Það má því ætla miðað við heildarmarkmið fyrir starfsbrautir að næsta verkefni menntamálayfirvalda verði að stuðla að auknum réttindum og möguleikum fatlaðs fullorðins fólks til náms að loknum framhaldsskóla til jafns á við aðra þjóðfélagsþegna. Þrátt fyrir að í mannréttindasáttmálum (Brynhildur Flóvenz, 2004) og í Stjórnarskrá Íslands sé skýrt kveðið á um jafnan rétt fatlaðs fólks til náms þá hefur fatlað fólk ekki möguleika til formlegs náms að loknum framhaldsskóla.

2.3 Nám á háskólastigi

Ekki er langt síðan farið var að fjalla um nám á háskólastigi sem raunhæfan möguleika fyrir ýmsa hópa fatlaðs fólks og má þar sérstaklega nefna fólk með þroskahömlun. Nám á háskólastigi fyrir fólk með þroskahömlun er ekki víða orðið að veruleika og því hefur ekki mikið verið ritað um reynslu fatlaðs fólks af fullgildri þátttöku á því skólastigi.

Lengsta reynsla af fullgildri þátttöku fatlaðs fólks í háskólanámi er frá Alberta í Kanada og voru fyrstu greinar um reynslu þeirra af því námi birtar árið 1988. Fyrstu útgefnu rannsóknir á námi af þeim toga voru gefnar út árið 1997. Flestir þeir skólar sem gert hafa tilraunir til náms á háskólastigi hafa tekið mið af reynslu Kanadamanna. Fyrsta

verkefni þeirra af þessum toga nefna þeir „On Campus program“ en fleiri háskólar hafa nú hafið nám af svipuðum toga (Hughson, Moodie og Uditsky, 2005).

Á árunum 1995-2000 var gerð tilraun til fullrar þátttöku fatlaðs fólks í háskólanámi í borginni Jyväskylä í Finnlandi með hliðsjón af skipulagi háskólans í Alberta í Kanada (Saloviita, T. e.d.). Árið 1997 birti ástralska fræðikonan Cassandra Gibson niðurstöður rannsóknar sinnar sem gerð var við Flinders University í Adelaide í Suður Ástralíu á veru fatlaðra nemenda við skólann. Verkefni það sem fór af stað við Flinders háskólann hefur verið nefnt „Up the Hill project“. Það verkefni hefur verið þróað áfram og fleiri rannsóknir verið gerðar á námi fatlaðs fólks við háskóla í Ástralíu (Gibson, 1998). Fleiri þjóðir horfa nú til þeirrar reynslu sem komin er og eru að hefja nám fyrir fatlað fólk á þessu skólastigi.

Westwood (1987, í Grantley 2000) telur að til að tryggja þann hag sem heildstæð skólustefna hefur fyrir fatlaða nemendur í formi aukinna tækifæra í samfélaginu þurfi hún einnig að standa til boða á framhalds- og háskólastigi. Framhaldsskólar leggi áherslu á að skapa fötluðum nemendum tækifæri til atvinnuþátttöku en flest fatlað fólk sé útilokað frá frekara námi sem margir hafi þó hug á. Háskólanám gefi ungu fötluðu fólki möguleika til að öðlast ný menntatækifæri og persónuþroska, námið sé félagslega gildisaukandi með möguleikum til fjölbreyttra félagstengsla, gefi færi á félagsstörfum, auknum lífsgæðum í formi fjölbreyttrar samveru og reynslu ásamt hvatningu til áframhaldandi símenntunar. Jafnframt hefur reynslan af háskólanámi fatlaðs fólks í Flinders leitt í ljós að sjálfsmynd, sjálfsálit og sjálfstraust fötluðu nemendanna jókst. Færni þeirra í mannlegum samskiptum vex bæði innan skóla sem utan, sem og þátttaka í félagsstörfum og tólmstundum. Fatlaðir nemendur í háskólanámi eru jafnframt líklegri til að eignast ófatlaða vini (Grantley, 2000).

Í þessu sambandi hefur verið bent á að í háskólum sé verið að undirbúa fólk undir framtíðina og að vera fatlaðra nemenda í háskólasamfélaginu eigi að vera eins sjálfsögd og á öðrum sviðum mannlífsins. Þar fari fram undirbúningur fyrir fullorðinsár og virka þátttöku í samfélaginu. Eins hefur verið bent á að í mörgum háskólum sé fólk af ólíkum uppruna, aldri og með ólíkan bakgrunn. Þar sé verið að skoða og skilgreina með rannsóknum margbreytileika mannlífsins og að það sé mikilvægt að fatlað fólk sé hluti af því samfélagi (Uditsky 1988, í Lobban 2002). Það að fötluðu fólki sé hafnað í

háskólasamfélaginu ber vott um vantrú á getu þeirra og það hefur afleiðingar ekki bara fyrir fatlað fólk heldur einnig samfélagið í heild sinni (Guenette, e.d.).

Það að fólk sem stundar nám í háskólum kynnist fötluðu fólki einungis í fjarlægð, í gegnum sérfræðinga, sem vanmáttuga einstaklinga eða sjúklinga stuðlar að áframhaldandi útilokun fatlaðs fólks í samfélaginu. Háskólasamfélag hefur mikil víðtæk áhrif á samfélagið í heild sinni og þar mótast hugmyndir sem forma gildi og viðhorf framtíðarinnar. Í háskólaumhverfi eru einnig verðandi ráðamenn hvernar þjóðar, vinnuveitendur og samborgarar og það er mikilvægt að fatlað fólk geti verið fullgildir þátttakendur meðal þessara samborgara sinna á námsárum þeirra (Guenette, e.d.).

Á Íslandi hefur eins og hjá þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við hvað menntun varðar orðið þróun á háskólamenntun. Nú er hægt að afla sér menntunar á háskólastigi eftir fjölbreyttari leiðum en áður var mögulegt. Má nefna listnám á háskólastigi ásamt námsleiðum til fjölbreyttari starfsmenntunar innan háskóla þessu til staðfestingar. Og með tilvísun til mannréttindasáttmála sem tryggja fötluðu fólki jafna möguleika til náms má ætla að háskólanám fyrir fatlað fólk verði að veruleika innan fárra ára.

2.4 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Til að varpa ljósi á þá þróun sem orðið hefur í fræðslumálum fyrir fatlað fullorðið fólk á undanförunum árum fjalla ég hér lítillega um skipulag Fullorðinsfræðslu fatlaðra sem um árabíl var eina framhaldsmenntun og símenntun sem fötluðu fólki stóð til boða frá 18 ára aldri. Fullorðinsfræðsla fatlaðra var formlega lögð niður árið 2002 og ný stofnun, Fjölmenn, stofnuð í kjölfarið.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra var upphaflega stofnsett við Þjálfunarskólann á Kópavogshæli árið 1982. Áður hafði farið fram kennsla fyrir fólk með þroskahömlun í tengslum við verndaða vinnustaðinn Bjarkarás í einhverjum mæli frá árinu 1977 og gekk sá skóli undir nafninu Brautaskóli. Undir Brautaskóla féll einnig kennsla sem tengdist Sólheimum í Grímsnesi sem síðar var staðsett á Selfossi. Árið 1983 hófst kennsla fullorðins fólks með þroskahömlun við Safamýrarskóla í Reykjavík. Þessi kennsla fullorðinna var ekki bundin í lög en gerð með samþykki menntamálaráðuneytis og

rökstudd með því að þeir sem voru fullorðnir á þessum tíma höfðu lítillar menntunar notið á grunnskólaaldri. Árið 1988 samræmdu þessir skólar námstilboð sín og gáfu út sameiginlegan námsvísi. Við þau tímamót gerðist það að öllu fullorðnu fólki með þroskahömlun á höfuðborgarsvæðinu stóð til boða að sækja um námskeið til þessarar sameiginlegu fullorðinsfræðslu.

Árið 1991 varð skipulagsbreyting á þessum stofnunum og sameinuðust Skólinn á Kópavogshæli og Brautaskóli undir eina stjórn sem fékk nafnið Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Haustið 1994 varð enn skipulagsbreyting á Fullorðinsfræðslunni þegar fullorðinsfræðslan í Safamýrarskóla og í Hvammshlíðarskóla á Akureyri var felld undir Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Á þessum tíma féll starfsemi Fullorðinsfræðslu fatlaðra undir Lög um almenna fullorðinsfræðslu sem sett voru árið 1992 en voru felld úr gildi árið 1996 þegar Lög um framhaldsskóla voru sett (Lög um almenna fullorðinsfræðslu nr. 47/1992; Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996). Flestir nýir nemendur sóttu um í skólann við 18 ára aldur að loknu tveggja ára námi í starfsdeildum sem sérskólarnir starfræktu. Frá árinu 1988 bauð Fullorðinsfræðsla fatlaðra nemendum á aldrinum 18-20 ára upp á 16-20 tíma samfelld nám á viku, í tvö ár. Ein deild var þó starfrækt fyrir yngri nemendum, grunndeild, þar sem mikið fatlaðir nemendur á grunnskólaaldri sem flest allir bjuggu á Kópavogshæli stunduðu nám. Á þessum tíma féll skólinn beint undir menntamálaráðuneytið en var með sjálfstæðan fjárhag (María E. Keld, 1995; Þorsteinn Sigurðsson, 1993).

Þegar lög um framhaldsskóla voru sett 1996 voru lögin um almenna fullorðinsfræðslu felld úr gildi og átti Fullorðinsfræðsla fatlaðra sér ekki lagalega skírskotun eftir það. Frá árinu 1996 til ársins 2002 var óvissa um rekstur stofnunarinnar, hún var í húsnaðishraki og rekin frá ári til árs á þessum tíma. Árið 2002 var hún formlega lögð niður og Fjölmennt var stofnuð í kjölfarið eins og fjallað verður um hér á eftir.

2.5 Fjölmennt

Á útmánuðum 2002 ákvað menntamálaráðuneyti að breytinga væri þörf á skipulagi Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Ákveðin fjárupphæð var árlega áætluð til þessarar starfsemi

og hafði ráðuneytið forgöngu um að hafa samband við Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp um fyrirkomulag á rekstri símenntunarmiðstöðvar fyrir fatlað fólk. Með sérstakri hækkun fjárframlaga var til þess ætlast að umfang starfseminnar yrði aukið á næstu þremur árum frá gildistöku samningsins (Þjónustusamningur Fullorðinsfræðslu fatlaðra 2002).

Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands standa að rekstri þessarar símenntunarstofnunar fyrir fatlað fólk sem staðfest var með þjónustusamningi við menntamálaráðuneyti árið 2002. Það var gert á þann hátt að hvort félag um sig tilnefndi tvo fulltrúa í stjórn og einn fulltrúi var tilnefndur frá Kennaraháskóla Íslands. Þessi fimm manna stjórn vann að því að leggja niður Fullorðinsfræðslu fatlaðra og stofna nýja símenntunarmiðstöð með nýjum hlutverkum og nýrri stefnuskrá (Þjónustusamningur Fullorðinsfræðslu fatlaðra 2002, Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004). Þessi stofnun fékk síðar nafnið Fjölmennt. Á vegum félaganna sem standa að rekstri Fjölmenntar var útbúin skipulagsskrá sem undirrituð er af formönnum félaganna. Þegar skipulagsskráin var gerð hafði breyting á nafni Fjölmenntar ekki farið fram og því er í þeirri skrá talað um Fjölmennt sem Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Þar segir í 3. grein um markmið Fjölmenntar:

Markmið Fullorðinsfræðslu fatlaðra er að skipuleggja námskeið fyrir fullorðið fatlað fólk sem ekki á kost á starfsþjálfun hjá öðrum símenntunaraðilum. Nám og kennsla Fullorðinsfræðslu fatlaðra hefur að markmiði að auka sjálfstæði, öryggi og vellíðan nemenda m.a. með því að

- efla starfshæfni fatlaðra í atvinnulífi
- bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á fjölbreyttu sviði
- veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun fatlaðra og starfsþjálfun þeirra
- stuðla að auknu framboði á símenntun fyrir fatlaða og miðla því til almennings og atvinnulífs. Hér er átt við jafnt formlega og óformlega menntun, starfsmenntun, tómstundanám, nám í lífsleikni og bóknám
- fylgjast með og nýta bestu fáanlegu kennslutækni fyrir fatlaða
- hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun á Íslandi
- kynna fyrirtækjum símenntunartilboð fatlaðra
- bjóða nemendum Fullorðinsfræðslunnar upp á starfs- og námsráðgjöf

(Skipulagsskrá fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra, 2002).

Eins og sjá má eru markmið Fjölmenntar fyrst og fremst að skipuleggja námskeið fyrir fullorðið fatlað fólk á mörgum sviðum. Það vekur athygli að það hlutverk að efla starfshæfni fatlaðra í atvinnulífi kemur ítrekað fram í þessum markmiðum. Einnig er það hlutverk Fjölmenntar að veita ráðgjöf til fyrirtækja og atvinnulífs ásamt einstaklingsbundinni starfs- og námsráðgjöf. Atvinnutenging námstilboða hefur því mikið vægi í markmiðssetningu fyrir Fjölmennt.

Stjórn Fjölmenntar útbjó stefnuskrá sem var í vinnslu til ársins 2004. Í stefnuskránni er Fjölmennt skilgreind sem fræðslu- og ráðgjafarstofnun fyrir fatlað fólk frá 20 ára aldri. Eins og segir í stefnuskrá Fjölmenntar er hlutverk hennar fyrst og fremst að gefa fötluðu fólki tækifæri til menntunar af fjölbreyttum toga:

Fjölmennt er miðstöð símenntunar sem þjónar fötluðu fólki 20 ára og eldri.

Hlutverk Fjölmenntar byggist á markmiðsgrein skipulagsskrár (3. gr.), og einnig á alþjóðlegum samþykktum, svo sem Grunnviðmiðum Sameinuðu þjóðanna, Salamanca-yfirlýsingunni (einkum gr. 56 og 57) og markmiðsgrein gildandi laga um málefni fatlaðra.

Fjölmennt býður fjölþætta símenntun og ráðgjöf í þeim tilgangi að auka lífsgæði og almenna lífsleikni.

Fjölmennt tryggir þeim einstaklingum, sem ekki eiga kost á sambærilegri þjónustu á öðrum vettvangi forgang að þjónustu. Fjölmennt kemur ekki í stað annarra stofnana né tekur á sig þær skyldur sem á þeim hvíla.

Fjölmennt leitast við að veita þjónustu á landsvísu eftir því sem fjárveitingar leyfa (Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004).

Í stefnuskrá Fjölmenntar er mikil áhersla lögð á að stuðla að almennri þátttöku í samfélaginu. Það hefur stuðlað að auknum vangaveltum um hvernig mögulegt sé að auka námsmöguleika fatlaðs fólks á öðrum vettvangi þ.e. í almennum menntastofnunum samfélagsins. Eins og segir í stefnuskránni er rík áhersla lögð á að auka lífsgæði og almenna lífsleikni. Þessi hugtök má túlka á margvíslegan hátt fyrir þá einstaklinga sem þar stunda nám. Það kemur væntanlega til með að vera sameiginlegt verkefni þeirra sem þjónustunnar njóta, aðstandenda þeirra og starfsfólks Fjölmenntar, að útfæra starfsemina þannig að Fjölmennt geti sem best sinnt þessu hlutverki sínu. Í stefnuskránni er einnig

mikil áhersla lögð á að auka þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Þar segir svo um stefnu Fjölmenntar:

Stefna Fjölmenntar er að skapa fólki með fötlun möguleika til aukinnar þátttöku í lífi og starfi samfélagsins á við aðra þjóðfélagsþegna. Stefnunni verði framfylgt með fjölþættri og heildrænni þjónustu í formi fræðslu, ráðgjafar, stuðnings og félagsstarfa (Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004).

Miðað við þann breiða nemendahóp sem stundar nám hjá Fjölmennt er ljóst að þessi ákvæði þarf að útfæra nánar eftir því hver á í hlut. Hér má velta fyrir sér hvort átt er við að starfsemi Fjölmenntar færist út í samfélagið eða hvort átt er við að stuðla skuli að aukinni þátttöku hvers og eins þátttakanda á námskeiðum Fjölmenntar. Í þessari málsgrein má leiða líkum að því að átt sé við að öll starfsemi Fjölmenntar skuli stefna í þá átt að dreifa starfsemi sinni markvisst út á við og einnig að um heildræna þjónustu verði að ræða fyrir þá einstaklinga sem þar stunda nám.

Í stefnumörkun stjórnarinnar kemur fram fjölþætt hlutverk Fjölmenntar. Það vekur athygli að námskeiðahald Fjölmenntar getur falið í sér fræðslu á flestum sviðum mannlífsins. Því má ætla að hugtökin fræðsla og menntun séu skilgreind mjög vítt í tengslum við stefnumörkun stofnunarinnar. Samkvæmt þessum meginhlutverkum Fjölmenntar á ráðgjöf fyrst og fremst að beinast að öðrum símenntunarstöðvum og hvernig hægt sé að stuðla að auknu samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á sviði fullorðinsfræðslu.

Ríkjandi þáttur í þeirri hugmyndafræði sem liggur til grundvallar starfsemi Fjölmenntar er hin nýja sýn í fötlunarfræðum um fullgilda þátttöku í samfélaginu (Swain, og fl. 2004). Einnig er haft til hliðsjónar hvernig nýjar áherslur á símenntun eru að ryðja sér til rúms í samfélaginu (Menntamálaráðuneytið, 1998). Í stefnuskránni er lögð áhersla á megingildi Fjölmenntar sem leiða eigi allt starf stofnunarinnar. Þar segir svo:

Í allri starfsemi Fjölmenntar skal lögð áhersla á þau megingildi sem hér hafa komið fram, það er jafnræði, samskipan, virðingu, fjölbreytni, fullgilda þátttöku, metnað og framþróun

(Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004).

Á síðasta ári sóttu hátt í átta hundruð einstaklingar um rúmlega tvö hundruð námskeið sem Fjölmennt bauð upp á (Nemendaskrá Fjölmenntar, 2002-2005; Fjölmennt, 2005). Vegna þess hve umsóknir eru margar hefur ekki verið hægt að koma til móts við nema örlítið brot af þeim námsóskum sem umsækjendur hafa á ári hverju.

Þann tíma sem Fjölmennt hefur starfað hefur meginuppistaða í starfsemi stofnunarinnar falist í námskeiðahaldi af fjölbreyttum toga. Einnig hefur mikil hugmyndavinna farið af stað, bæði hvað varðar samskipan þátttakenda Fjölmenntar hjá þeim símenntunarstöðvum sem standa almenningi til boða og einnig um fjölbreyttara hlutverk Fjölmenntar sem símenntunarmiðstöðvar fyrir fatlað fólk. Á landsbyggðinni eru almennar símenntunarstöðvar að hefja námskeiðahald fyrir fatlað fólk með stuðningi Fjölmenntar (Atli Lýðsson, 2002). Því má leiða hugann að því hvort slík samskipan í tengslum við menntun sé ekki möguleg á höfuðborgarsvæðinu í meira mæli en áður hefur verið.

Hér hef ég fjallað um meginhlutverk, markmið og stefnu Fjölmenntar sem símenntunarstöðvar fyrir fatlað fólk. Þar sem atvinnutenging hefur mikla áherslu í skipulagi og stefnuskrá Fjölmenntar fyrir utan að eitt af heildarmarkmiðum með veru nemenda á starfsbrautum framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2005) er að undirbúa nemendur undir atvinnulíf að skóla loknum taldi ég mikilvægt að fjalla í stórum dráttum um atvinnumál fatlaðs fólks. Nemendurnir sem tóku þátt í rannsókn minni hafa nýlokið námi í framhaldsskóla og því brenna atvinnumál á þessum hópi fatlaðs ungs fólks.

2.6 Atvinnumál fatlaðra

Eitt af markmiðunum með veru nemenda á starfsbrautum er að undirbúa nemendur undir starf að framhaldsskóla loknum (Menntamálaráðuneyti, 2005). Atvinnumöguleikar fatlaðs ungs fólks við lok framhaldsskóla hafa verið óljósir. Ekkert ferli fer sjálfkrafa af stað varðandi atvinnumál útskriftarnema af starfsbrautum framhaldsskólanna. Þeir sem óska sér vinnu á almennum vinnumarkaði geta m.a. leitað til Atvinnu með stuðningi sem eru vinnumiðlanir í tengslum við Svæðisskrifstofur á Reykjanesi og í Reykjavík. Atvinna með stuðningi hefur þá sérstöðu að þar er möguleiki á að veita starfsmönnum stuðning eftir að atvinna hefst.

Atvinna með stuðningi (Supported employment) vinnur eftir ákveðinni hugmyndafræði sem kom fram um 1970 í Bandaríkjunum. Aðalatriði þeirrar hugmyndafræði er stuðningur við fatlaða starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Stuðningurinn getur falist í atvinnuleit fyrir fatlað fólk, aðstoð við að gera starfssamninga, fræðsla og kynning fyrir starfsmenn fyrirtækis og stuðningur við fatlað starfsfólk. Sá stuðningur getur varað mislengi, allt frá því að vera aðstoð við að læra á starf við upphaf atvinnu og allt að því að vera langtímastuðningur. Atvinna með stuðningi þarf því að koma til móts við hvern starfsmann á hans forsendum og styðja við hvern starfsmann eins og þörf er á (Kristján Valdimarsson, 2003).

Atvinna með stuðningi hófst á Reykjanesi árið 1990. Árið 1996 hófst sambærileg starfsemi á Akureyri en árið 1999 var komið af stað tveggja ára tilraunaverkefni Atvinnu með stuðningi í Reykjavík. Atvinna með stuðningi í Reykjavík og á Reykjanesi falla því undir félagsþjónustu og tengjast starfsemi Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra. Atvinna með stuðningi á Norðurlandi fellur undir Vinnumiðlun Norðurlands. Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins er ráðningarstofa sem heyrir undir Vinnumálastofnun og hefur milligöngu um að útvega fötluðu fólk atvinnu á almennum vinnumarkaði en hefur ekki möguleika eða starfsmagn til að veita stuðning og eftirfylgd eftir að vinna er hafin (Kristján Valdimarsson, 2003).

Til hefur staðið að atvinnumál fatlaðs fólks sem mesta vinnugetu hefur færast frá ríki til sveitarfélaga og fari þá undir eina stofnun, Vinnumálastofnun, og var frumvarp þar að lútandi lagt fram árið 2001 en fékk ekki afgreiðslu. Þeir sem mestan stuðning þurfa eiga að heyra undir félagsmál áfram samkvæmt þessu frumvarpi. Nokkur andstaða er meðal fatlaðs fólks vegna þeirra ákvæða að hluti fatlaðs fólks sé skilgreindur óvinnufær lagalega séð og eigi því einungis kost á hæfingu eða félagsþjónustu (Kristján Valdimarsson, 2003).

Fatlað fólk er að sækja fram fyrir auknum mannréttindum og jafnrétti varðandi atvinnumál en það sem mikil áhrif hefur á atvinnumál fatlaðs fólks er sparnaður bæði hjá ríki og í fyrirtækjum. Einnig hafa nýjar áherslur í árangursstjórnun áhrif á atvinnumöguleika fatlaðs fólks. Kröfur um sparnað og hagkvæmni fyrirtækja hafa einnig áhrif á vilja fyrirtækja til að ráða til sín fólk með skerta starfsgetu. Á Íslandi eru um það bil 20 aðilar sem standa að þjálfun fatlaðs fólks til atvinnu og stuðla að atvinnuþátttöku í

einhverri mynd. Þar á meðal eru verndaðir vinnustaðir fyrir fatlaða, starfsþjálfunarstaðir, hæfingastöðvar og Hringsjá - starfsþjálfun fatlaðra (Kristján Valdimarsson, 2003).

Meðal þeirra nemenda sem hafa útskrifast eftir fjögurra ára nám á starfsbrautum framhaldsskóla hefur nokkur hluti þeirra fengið tilboð um störf á hæfingarstöðvum eða vernduðum vinnustöðum. Það eru gjarnan þeir einstaklingar sem mesta aðstoð þurfa við athafnir daglegs lífs sem sækja um tilboð á hæfingarstöðvum. Þeir nemendur sem vilja ekki eða hafa ekki möguleika á að vinna á vernduðum vinnustöðum eiga ekki margra kosta vöð við útskrift úr framhaldsskóla. Biðlistar eru um atvinnu með stuðningi en mismunandi er eftir svæðum hve langir þeir eru.

Nemendur á þriðja og fjórða ári í framhaldsskólum landsins eiga skv. aðalnámskrá fyrir starfsbrautir að kynnast mismunandi vinnustöðum og þá á að leggja grunn að þátttöku á vinnumarkaði að námi loknu (Menntamálaráðuneyti, 2005). Því má telja mikilvægt svo námið hafi tilgang að það sé lykilatriði að ferlið sé samfellt milli framhaldsskóla og atvinnu í þeim tilfellum þar sem nemendur óska eftir að fara á vinnumarkað að námi loknu í framhaldsskóla.

Framhaldsskólarnir skipuleggja starfsnám sitt, hver með sínum hætti, en óski nemandi eftir starfi á starfsnámsstað sínum að námi loknu þarf ráðningarstofnun að eiga þar hlut að máli sé stuðnings eða eftirfylgdar óskað af hálfu nemandans eða vinnustaðar. Til að auka skilvirkni milli starfsnáms nemenda og atvinnu að skóla loknum þarf að gera áætlun um starfsnám fyrir hvern einstakan nemanda og atvinna með stuðningi eða önnur ráðningarstofa þarf að koma að því ferli (Menntamálaráðuneyti, 2005). Í hinni nýju námskrá starfsbrauta framhaldsskóla frá 2005 er talað um að gera þurfi einstaklingsáætlun um umskiptin frá skóla yfir í atvinnulíf:

Þau umskipti (transition) sem verða á högum nemenda er þeir flytjast úr námi og út í atvinnulífið eða önnur viðfangsefni er langtíma ferli. Í einstaklingsnámsáætlun hvers nemanda eða í sérstakri áætlun skal gerð grein fyrir því hvernig þessi breyting er skipulögð. ...Í áætluninni kemur fram mat á áhugasviði, þekkingu og reynslu nemandans og gerð er grein fyrir með hvaða hætti skólinn getur undirbúið hann fyrir ofangreind viðfangsefni. Samráð við nemandann, foreldra/forráðamenn, náms- og starfsráðgjafa, vinnumiðlanir og starfsfólk félagsþjónustu er mikilvægt við gerð áætlunarinnar og endurmat á henni (Menntamálaráðuneyti, 2005).

Í námskránni er ekkert getið um hvernig þetta skal framkvæmt og hvaða ábyrgð hver aðili ber á þessum undirbúningi. Atvinna með stuðningi í Reykjavík og á Reykjanesi sem aðallega hafa sinnt atvinnumálum fatlaðs ungs fólks hafa ekki haft nægilegt starfsmagn til að sinna nema örlitlu broti af umsækjendum um atvinnu með stuðningi. Ef vel ætti að vera þyrfti að gera um þetta ferli sérstakan samning, skilgreina ábyrgðarsvið hvers og eins, þannig að umskipti frá skóla yfir í atvinnulíf hafi samfellu fyrir nemendur. Samkvæmt námskrá er markmið með starfsnáminu fyrst og fremst að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundir atvinnu þannig að síðar á lífsleiðinni eigi þau auðveldara með að gera sér grein fyrir hverskonar atvinnu þau óska sér. Það er ekki skilgreint hlutverk starfsfólks eða kennara sem sjá um starfsnám í framhaldsskólunum að bera ábyrgð á framtíðarráðningu á vinnustað. Þar þarf að koma til vinnumiðlun sem kemur að ráðningarferli við upphaf atvinnu. En þetta er kjörinn vettvangur til samstarfs milli vinnumiðlunar og framhaldsskóla þar sem marghátuð forvinna og undirbúningur fer fram í framhaldsskóla samhliða starfsnáminu.

Samantekt

Í þessum kafla hef ég fjallað í stuttu máli um menntunarmöguleika fatlaðs fólks að loknum grunnskóla og velt upp nokkrum atriðum varðandi hvernig nám í framhaldsskóla undirbýr nemendur undir frekara nám eða atvinnu. Nám á háskólastigi stendur fötluðu fólki ekki til boða hérlendis en sagt var lítilliga frá helstu erlendu rannsóknum sem gerðar hafa verið á þess háttar námi. Fjallað var um tilurð Fjölmenntar og að nokkru leyti um forvera þeirrar stofnunar, Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Ég hef bent á nokkur af meginhlutverkum og markmiðum Fjölmenntar sem birtast í stefnumörkun og skipulagsskrá þeirrar stofnunar. Einnig var fjallað nokkuð um atvinnumál fatlaðra eins og þau blasa við nemendum við útskrift eftir fjögurra ára nám í framhaldsskóla.

Í næsta kafla er greint frá þeim fræðilega bakgrunni sem liggur til grundvallar verkefni mínu.

3. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður kynntur fræðilegur og sögulegur bakgrunnur rannsóknarinnar. Fyrst er gerð grein fyrir þróun hugmyndafræði í tengslum við fulla þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Í því sambandi geri ég í stuttu máli grein fyrir þróun í átt að „skóla án aðgreiningar“. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir helstu sjónarhornum í fötlunarfræðum og hvernig þær hugmyndir hafa áhrif á skilning fólks á fötlun. Að þeirri umfjöllun lokinni velti ég upp hugleiðingum um frelsi einstaklingsins til ákvarðanatöku og skoða hugtökin valdefling, valkostir og sjálfsákvörðunarréttur í tengslum við fatlað fólk. Í lok kaflans er fjallað um það sem einkennir nám og kennslu fullorðinna.

3.1 Þróun hugmyndafræði um eðlilegt líf og fulla þátttöku

Eitt af því sem olli þáttaskilum í samfélagslegri stöðu fatlaðs fólks voru nýjar kenningar og hugmyndir sem kenndar eru við eðlilegt líf og fulla þátttöku í samfélaginu og fram komu snemma á sjötta áratugi 20. aldarinnar á Norðurlöndum. Sjónum var beint að ýmsu óréttlæti sem beindist að skertum mannréttindum fatlaðs fólks og aðbúnaður þess skoðaður á gagnrýninn hátt.

Frumkvöðlar Norrænu hugmyndafræðinnar voru Daninn Niels E. Bank-Mikkelsen og Svíinn Bengt Nirje. Sú hugmyndafræði sem þarna kom fram lagði áherslu á rétt fatlaðra til að lifa eðlilegu lífi og að taka fullan þátt í samfélaginu og mótmælti aðskilnaði fatlaðra og ófatlaðra. Jafnframt fékkst viðurkenning á að fatlað fólk hefði sömu grunnþarfir og ófatlað fólk. Í þessu fólst að allar manneskjur hafa þörf fyrir að eiga sitt eigið heimili og fjölskyldu, geta stundað nám og haft atvinnu, eignast vini og taka þátt í menningarlífi og pólitísku lífi (Bank-Mikkelsen, 1980; Nirje, 1969, 1980). Í skilgreiningu sinni um eðlilegt líf (normalization) lagði Nirje (1969) áherslu á að eðlilegt líf merkti að ekki ætti að breyta fötluðu fólki í venjulegt fólk heldur ekki síður að umhverfið ætti að miðast við þarfir fatlaðra eins og annarra. Sú hugmyndafræði sem hér var lýst hafði einnig mikil áhrif á Íslandi. Hér á landi voru árið 1979 samþykkt lög um

aðstoð við þroskahefta sem voru fyrstu heildarlögin í þessum málaflokki. Þar birtist jafnframt í fyrsta sinn hugmyndafræði um rétt fatlaðs fólks til samfélagsþátttöku og eðlilegs lífs (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Í Bandaríkjunum var það félagssálfræðingurinn Wolf Wolfensberger (1980, 1984) sem endurskilgreindi kenningar um eðlilegt líf út frá hefðum félagsvísinda og heimspeki og breytti nafni kenningarinnar úr „normalization“ eða eðlilegt líf yfir í „social role valorization“ sem hefur verið þýtt sem „gildisaukandi félagslegt hlutverk“ (Dóra Bjarnason, 1991; Margrét Margeirsdóttir, 2001). Wolfensberger (1980) gagnrýndi mjög hinar stóru stofnanir sem gjarnan voru kallaðar ríkisskólar eða spítalar og fjallaði um í skrifum sínum að á þennan hátt væri fatlað fólk útilokað og einangrað. Jafnframt lagði hann áherslu á að breyta þeim viðhorfum sem höfðu viðgengist í garð fatlaðs fólks og orðið til þess að ýta fólkinu út á jaðar samfélagsins. Benti hann á að fötluðu fólki væri beinlínis hafnað og þrýst í vanmetin hlutverk og stöður í samfélaginu. Wolfensberger (1984) lagði því mikla áherslu á að fötluðu fólki yrðu falin velmetin hlutverk og verkefni til þess að auka vegsemd þeirra og virðingu í augum annarra og um leið þeirrar sjálfra. Í þessu fólst að það bæri að ýta undir hin almennu þjónustuúrræði í samfélaginu í stað þeirra sérúrræða sem höfðu tíðkast á öllum sviðum.

Fyrir þennan tíma var réttur fatlaðs fólks til menntunar á Íslandi sem og annars staðar afar takmarkaður, margir taldir ókennsluhæfir og sú litla menntun sem í boði var fór gjarnan fram inni á stofnunum (Þorsteinn Sigurðsson, 1993). Þessar nýju hugmyndir höfðu í för með sér að farið var að krefjast þess að fatlað fólk ætti kost á menntun og atvinnu í ríkara mæli en áður hafði tíðkast.

3.1.1 „Skóli án aðgreiningar“

Með grunnskólalögunum 1974 áttu öll fötluð börn rétt á skólagöngu í fyrsta sinn hér á landi þó ýmsir hópar fatlaðra hafi notið menntunar nokkru fyrr (Dóra Bjarnason, 1995; María E. Keld, 1995; Þorsteinn Sigurðsson 1993). Á áttunda áratugnum voru stofnaðir sérskólar sem sinntu fötluðum börnum en jafnframt voru stofnaðar sérdeildir við almenna grunnskóla (Dóra Bjarnason, 1995; Þorsteinn Sigurðsson, 1993). Þessar sérdeildir voru í anda þeirrar skólastefnu sem þá var að ryðja sér til rúms undir heitinu „mainstreaming“

sem nefnd hefur verið *samskipan* á Íslandi. Hugtakið *samskipan* vísar til þess að sameina það sem áður hafði verið aðskilið (Dóra S. Bjarnason, 1995). Á þessum tíma voru það helst nemendur sem voru með vægar þroskaskerðingar sem höfðu möguleika á veru í slíkum deildum. Hugmyndafræði samskipunar var að meginhluta þannig að skólanum bæri að búa þannig í haginn að fatlaði nemandinn yrði sem líkastur þeim sem ófatlaðir voru. Með aukinni áherslu á fullgilda þátttöku í samfélaginu hafa hagsmunasamtök og foreldrar þrýst í meira mæli á að skólinn lagi sig að þörfum fatlaðra nemenda sinna og komi í ríkara mæli til móts við þarfir þeirra til náms. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar var að ryðja sér til rúms í grannlöndum okkar stefnubreyting sem nefnd var „integration“ en *blöndun* á íslensku. Blöndunarstefnan var fyrst og fremst pólitísk sem snérist um mannréttindi fatlaðra og beindist þannig gegn mismunun fatlaðra og ófatlaðra skólanema (Dóra S. Bjarnason, 1995). Á Íslandi hafa þessi hugtök fengið sambærilega merkingu í orðræðunni og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar með þátttöku fatlaðra í almennum skólum í sérdeildum og/eða í almennum bekkjardeildum hluta úr degi.

Í kjölfar hugmynda um „integration“ eða blöndun fóru að ryðja sér til rúms hugmyndir um menntastefnu sem nefnd var *skóli fyrir alla*. Þessar hugmyndir koma hingað frá Norðurlöndum. Niðurstöður rannsókna frá þessum tíma sýndu að fylgismenn þessarar menntastefnu töldu að fatlaðir nemendur á grunnskólaaldri hefðu meiri menntunarmöguleika í almennum skólum en í sérstökum skólum fyrir fötluð börn. Sérstaklega var til þess tekið að fötluð börn hefðu félagslegan hag af fullri þátttöku meðal þeirra barna sem ófötluð voru (Jørgensen, 1998). Í kjölfar þess var farið að endurskoða blöndunarstefnuna og beindist nú sjónarhornið að skólaumhverfinu í heild sinni í stað þess að einblínt hafði verið á fötluðu nemendurna og veru þeirra í skólanum. Í auknum mæli var skoðað hvernig skólaumhverfið var skipulagt og hvernig vinnubrögð og kennslufyrirkomulag kennara og skólastjórnenda stuðlaði að jákvæðri þátttöku allra barna í skólanum. Þrátt fyrir þessa umbótastefnu í skólamálum þróaðist sérkennsla í íslenskum skólum á þessum tíma sem sérstakt úrræði og var skipulögð utan við almenna kerfið sem sérstök þjónusta við nemendur með ólíkar námsþarfir eða fötlun (Dóra Bjarnason, 1995). Í tengslum við alþjóðlegar mannréttindayfirlýsingar um jafnan rétt fatlaðra og ófatlaðra sem getið var að nokkru í fyrsta kafla ritgerðarinnar og í anda blöndunarstefnunar, fór að vaxa úr grasi hópur fatlaðra nemenda sem ekki hafði verið aðgreindur frá námi jafnaldra sinna.

Þrátt fyrir þessar framfarir um þátttöku fatlaðra og ófatlaðra var á þessum tíma virk umræða meðal skólafólks um að ekki væri nægjanlegt að færa námsumhverfi fatlaðra nemenda í almenna skólakerfið. Því spunnust umræður um fullgilda þátttöku í námi og félagsstarfi skólans. Þessar vangaveltur voru á ensku kallaðar „inclusion“ eða virk fullgild þátttaka í skólasamfélaginu og síðar gekk þessi hugmyndafræði undir heitinu *skóli án aðgreiningar* eða *heildtæk skólastefna*. Þessi umræða leiddi af sér að sjónum var beint að hlutdeild fatlaða nemandans innan bekkjarstarfsins og hvernig bekkjarkennaranum tókst til við að laga almenna bekkjarstarfið að þörfum fatlaða nemandans til jafns við aðra nemendur bekkjarins. Þessi menntastefna beinir jafnframt sjónum sínum að skipulagi skólans í heild sinni og hvernig starfsfólki skóla gengur að koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda með mismunandi bakgrunn, námslega getu og ólíkar þarfir (Dóra Bjarnason, 1995; Jörgensen, 1998).

Þessi hugmyndafræði hefur verið mjög umdeild meðal skólafólks og er enn. Þau rök eru meðal annars notuð að þessi vinnubrögð komi í veg fyrir að fatlaðir nemendur fá þá sérþekkingu og þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Heimaskóli fyrir alla eða skóli án aðgreiningar er opinber stefna menntamálayfirvalda bæði á leik- og grunnskólaaldri (Brynhildur Flóvenz 2004; Lög um grunnskóla 1995/66; Reglugerð um sérkennslu 1996 /389; Gretar Marinósson, 1995). Andmælendur þessarar skólastefnu benda meðal annars á að skólastarf byggji frekar á námsáherslum fyrir hópa fremur en einstaklingsbundnum þörfum og því sé ekki hægt að koma til móts við fatlaða nemendur eins og talin er þörf á. Því hefur áhersla á einstaklingsmiðað nám átt vaxandi fylgi að fagna meðal skólafólks á síðustu árum. Gretar Marinósson (1995) heldur því fram í grein sinni *Um hvað snýst deilan?* að um hugmyndafræðilegan ágreining sé ekki að ræða, þ.e. hvort það sé yfirhöfuð rétt að fatlaðir nemendur stundi nám í sínum heimaskóla, heldur snúist ágreiningurinn fyrst og fremst um hvort og hvernig skólakerfið í heild sinni sé reiðubúið til að sinna verkefninu eins vel og þarf.

Það er vert að taka það fram að þó að talið sé að „skóli án aðgreiningar“ auki líkurnar á velgengi í námi og félagstengslum hefur einnig verið bent á að ekki sé um að ræða töfralausn sem leysi allan vanda. En fræðimenn telja að „skóli án aðgreiningar“ geti haft áhrif á viðhorf til margbreytileikans í samfélaginu. „Skóli án aðgreiningar“ sé fyrirmynd samfélagsins og stuðli að jákvæðum viðhorfum nemenda til margbreytilegs

samfélags í heild sinni (Fisher, Sax og Pumpian, 1999). Bretinn Mel Ainscow (2000) hefur rannsakað „skóla án aðgreiningar“ og gefið út fjölda rita um þá skólafestfni. Hann heldur því fram að árangursríkast fyrir nemendur með sérþarfir sé að áhersla sé lögð á að allir starfsmenn skóla reyni sameiginlega að sigrast á þeim hindrunum sem mæta nemendum með sérþarfir innan skólans og að finna hagnýtar leiðir til náms. Ainscow (2000) heldur því jafnframt fram að með skilvirkri skólaþróun sé mögulegt að auka gæði náms fyrir alla nemendur (í Kristín Björnsdóttir, 2002).

3.1.2 Nám sem undirbúningur undir fullorðinsár

Bent hefur verið á að skólaþróun í átt að „skóla án aðgreiningar“ sé lengra komin í leik- og grunnskólum en framhaldsskólum hér á landi (Brynhildur Flóvenz, 2004). Sérstök námskrá hefur verið gerð fyrir nám nemenda með sérþarfir sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2000, 2005). Í hugmyndafræði „skóla án aðgreiningar“ er ekki talin þörf á sérstakri námskrá fyrir fatlaða nemendur. Því er haldið fram að allir nemendur geti haft gagn af aðalnámskrá. Þegar námskrár séu aðlagðar að fötluðum nemendum séu yfirmarkmiðin þau sömu en undirmarkmið og leiðir geti verið mismunandi (Fisher, Sax og Pumpian, 1999). Eins og áður var getið eru nemendur flokkaðir eftir námsgetu í námsbraut I, II og III í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla. Nám fatlaðra nemenda í framhaldsskóla er því að nokkru leyti aðskilið frá námi annarra nemenda framhaldsskóla með sérstakri námskrá. Kennsluhættir eru að mörgu leyti frábrugðnir því sem tíðkast meðal framhaldsskólans og útgefið námsefni fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur er af skornum skammti. Kristín Björnsdóttir (2002) bendir á það í meistaraþrófsritgerð sinni um þroskahefta nemendur í framhaldsskóla að almennir kennarar framhaldsskóla hafi fengið litla þjálfun í aðlögun kennsluefnis og matsaðferða fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Kennarar þurfi að útbúa og aðlaga mest af námsefninu fyrir fatlaða nemendur sem miði við lífaldur þeirra og reynsluheim.

Eins og áður var getið er miðað við að fatlaðir nemendur fari á atvinnumarkaðinn að námi í framhaldsskóla loknu. Starfstenging á þriðja og fjórða ári starfsbrauta er í ríkara mæli en almennt gerist á öðrum brautum framhaldsskóla. Áhersla er lögð á starfsnámsþátt námsins og eins og getið var í kaflanum hér á undan fá umskipti frá skóla

yfir í atvinnulíf vægi innan námskrárinnar án þess að það sé útfært nánar. Nemendur útskrifast úr framhaldsskóla yfir í vinnu á almennum vinnumarkaði, atvinnu með stuðningi, verndaða vinnustaði eða hæfingastaði og dagvistunarræði. Verndaðir vinnustaðir eru einskonar vinnuþjálfunarstaðir en reyndin er hins vegar sú að fatlaðir nemendur eiga erfitt með að fá vinnu á almennum vinnumarkaði eftir að þjálfun lýkur á þessum vinnustöðum (Anna Einarsdóttir, 2000). Rannsóknir hafa sýnt að fatlað fólk á einnig erfitt með að fá vinnu á almennum vinnumarkaði að útskrift lokinni úr framhaldsskóla. Rannsókn Gallivan-Fenlon frá 1994 (í Kristín Björnsdóttir, 2002) sýndi fram á að hálfu ári eftir útskrift voru flestir nemendur enn atvinnulausir og biðu heima eftir atvinnutækifærum.

Í kaflanum hér á undan var stiklað á stóru um þróun skólastefnunnar „skóli án aðgreiningar“ til að varpa ljósi á það skólaumhverfi sem þátttakendur mínir vaxa upp við. Nokkrir þátttakendur mínir hafa verið í „skóla án aðgreiningar“ í þeim mæli sem sú stefna var framkvæmd hér á landi á undanförunum tuttugu árum. Ég taldi einnig mikilvægt að fjalla nokkuð um tengslin milli „skóla án aðgreiningar“ og þess náms sem kynnt er í námskrá fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskóla. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir þeim fræðilegu nálgunum sem ég mun nýta við verkefni mitt.

3.2 Fötlunarfræði

Hér á landi sem og í öðrum löndum hefur á undanförunum áratug verið að þróast ný fræðigrein sem tengist málefnum fatlaðra, fötlunarfræði (disability studies). Þessi fræðigrein á upptök sín í Bandaríkjunum og Bretlandi. Hún á rætur að rekja til baráttu fatlaðs fólks fyrir fullri þátttöku í samfélaginu. Markmið fötlunarfræða er að leiðrétta ósýnileika fatlaðs fólks í rannsóknum og efla umræðu sem gagnast fötluðu fólki til aukinnar samfélagsþátttöku. Innan fötlunarfræði finnast ólík fræðileg sjónarhorn og áherslur sem þó eiga það sameiginlegt að gagnrýna læknisfræðilegan skilning á fötlun. Það er litið svo á, að það hvernig við skiljum og skilgreinum fötlun, stjórn því hvernig við sjáum og komum fram við fatlað fólk. Fötlunarfræði er þverfagleg grein sem tengist mörgum öðrum greinum, flestum á sviði félagsvísinda (Rannveig Traustadóttir, 2003, 2004).

Innan fötlunarfræða hefur á undanförunum árum átt sér stað umræða um samvinnu fatlaðra og ófatlaðra í rannsóknum. Sú krafa hefur meðal annars komið fram hjá breskum fötluðum fræðimönnum að rannsóknir skuli vinna í nánnum tengslum við hagsmunasamtök fatlaðra. Þeir hinir sömu hafa horft gagnrýnum augum á verk ófatlaðra „sérfræðinga“ og telja að það viðhaldi ríkjandi viðhorfum og stuðli að hugmyndafræðilegum yfirráðum og forræðishyggju í garð fatlaðs fólks. Stjórnun og vald þurfi að vera í höndum fatlaðra og samtaka þeirra. Kröfurnar snúast meðal annars um að rannsóknir séu fyrir fatlað fólk en ekki bara um það. Rannsóknir leiði til þess að bæta líf fatlaðs fólks og leiðrétti ósýnileika fatlaðs fólks í hefðbundnum rannsóknum (Barnes, 1998; Rannveig Traustadóttir, 2003; Oliver, 2004; Thomas, 1999).

Þessi unga fræðigrein hefur meðal annars stuðlað að því hér á landi að nú er hafin rannsóknartengd vinna að mestu innan Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands með það í huga að skoðanir og lífssýn fatlaðs fólks komi fram í meira mæli en áður hefur gerst í þessum málaflokki. Í þeim rannsóknum sem hér er lýst er reynt að láta rödd fatlaðs fólks koma sem skýrast fram og gefa fötluðu fólki möguleika á að tjá skoðanir sínar (Rannveig Traustadóttir, 2003). Verkefni mitt er af þessum toga og verður leitað eftir að skoða hvort þessi þróun endurspeglar í daglegu lífi þátttakenda minna og hafi haft áhrif á stefnumótun um námsmöguleika fullorðins fatlaðs fólks.

3.3 Ólík sjónarhorn á fötlun

Samhliða þróun hugmyndafræði um eðlilegt líf og fullgilda þátttöku sem áður hefur verið getið var dregin í efa hinn læknisfræðilegi skilningur á fötlun sem hafði verið ríkjandi. Til mótvægis þeirri læknisfræðilega miðuðu hugmyndafræði komu fram ný sjónarhorn sem byggðust á félagslegri sýn. Má þar telja bæði norræna tengslaskilninginn og breska félagslega líkanið sem bæði hafa haft mikil áhrif á málaflokk fatlaðs fólks hér á landi. Ég mun leitast við að skoða hvernig þessi sjónarhorn birtast í rannsókn minni. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir þessum ólíku sjónarhornum á fötlun.

3.3.1 Læknisfræðilegt sjónarhorn

Eins og áður kom fram hefur læknisfræðilegt sjónarhorn á fötlun verið ríkjandi fram á seinni hluta síðustu aldar. Læknisfræðilega sjónarhornið byggir á vísindalegri þekkingu læknisfræðinnar sem lítur á fötlun sem andstæðu þess sem er heilbrigt og eðlilegt. Áhersla er lögð á að greina líkamlega og/eða andlega skerðingu einstaklingsins. Fötlunin er megineinkenni einstaklingsins og hann er stimplaður samkvæmt fötlun sinni. Í læknisfræðilega sjónarhorninu er litið á fötlun sem persónulegan harmleik. Læknisfræðileg sjónarhorn leggja áherslu á að greina líkamleg og andleg afbrigði með það í huga að veita ráðgjöf, meðhöndlun eða umönnun. Fatlaðir eru þannig „félagslegt vandamál“ í hugum margra (Rannveig Traustadóttir, 2003, 2004).

Hið læknisfræðilega sjónarhorn byggir á líffræðilegum og læknisfræðilegum skilningi á hugtakinu fötlun. Litið er á fötlun sem galla eða afbrigðileika og áhersla er lögð á lækningu eða endurhæfingu. Einstaklingurinn er talinn ólánsamt fórnarlamb, háður öðrum og í þörf fyrir umönnun, lækningu, meðferð eða þjálfun. Skerðingin er álitin uppspretta allra erfiðleika einstaklingsins og lítið eða ekkert tekið tillit til áhrifa umhverfis eða aðstæðna. Notuð eru alþjóðleg flokkunarkerfi í skilgreiningu á fötlun, meðal annars með hugtökunum, skerðing, fötlun og hömlun (Altman, 2001; Finkelstein, 2004; French og Swain, 2004; Rannveig Traustadóttir, 2003, 2004).

Alþjóða heilbrigðisstofnunin WHO birti alþjóðlegt flokkunarkerfi um fötlun árið 1980 sem nefnist *International Classification of Impairments, Disabilities and Handicaps* (ICIDH). Það kerfi greinir á milli þriggja hugtaka, skerðingar, fötlunar og hömlunar með eftirfarandi hætti:

Skerðing (impairment) er: „missir eða afbrigðileg sálræn, líkamleg eða líffræðileg bygging eða virkni.“

Fötlun (disability) er: „takmörkuð geta eða vanhæfni (vegna skerðingarinnar) til að framkvæma athafnir á sama hátt eða innan þeirra marka sem eðlileg eru talin.“

Hömlun (handicap) vísar til: „erfiðleika einstaklingsins sem stafa af skerðingu eða fötlun og takmarka eða hindra viðkomandi einstakling við að uppfylla eðlileg hlutverk (miðað við aldur, kyn, félagslega og menningarlega þætti)“

(Rannveig Traustadóttir, 2003:26).

Þetta flokkunarkerfi er mjög í anda læknisfræðilegra skilgreininga og í því er fötlun ekki sama og skerðing heldur er skerðingin álitin vera meginorsök fötlunarinnar. Þó er gert ráð fyrir að félagslegir erfiðleikar geti haft einhver áhrif. Þetta flokkunarkerfi hefur verið gagnrýnt og því í raun hafnað af samtökum fatlaðs fólks vegna þess að það viðhaldi læknisfræðilegri sýn og eignar skerðingunni nánast alla erfiðleika einstaklingsins (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Vegna þessarar gagnrýni meðal annars hefur Alþjóða heilbrigðisstofnunin sent frá sér endurskoðað flokkunarkerfi sem heitir *International Classification of Functioning, Disabilities and Health* (ICF). Eins og nafnið gefur til kynna eru breyttar áherslur þar sem nú er lögð áhersla á að lýsa heilsu en ekki fötlun eða skerðingu. Þetta kerfi er skilgreint sem „flokkunar- og kóðunarkerfi fyrir heilsutengda færni og færnisskerðingu (function and disability)“. Þessi breyting er skilgreind sem róttæk breyting „þar sem horft er á ástand einstaklings út frá heilsu (level of health) en ekki út frá skerðingu eða fötlun“ (Valgerður Gunnarsdóttir, 2003:4).

Í þessari nýju útgáfu er hugtakið fötlun endurskoðað, í stað hugtaksins hömlun (handicap) kemur hugtakið þátttaka. Einnig er ljóst að félagslegri áhersla er til staðar og nú hefur hugtökum eins og athafnir (activity) og þátttaka (participation) verið bætt við lykilhugtök flokkunarkerfisins (Rannveig Traustadóttir, 2003). Má að nokkru leyti túlka þessa breytingu svo að verið sé að færa læknisfræðilega sjónarhornið nær hinni samfélagslegu sýn með aukinni áherslu á þátttöku í samfélaginu og möguleikum til hennar.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvernig hið læknisfræðilega sjónarhorn birtist víða í lagasetningum og reglugerðum um þjónustu við fatlað fólk. Í tengslum við viðfangsefni mitt, fræðslu fullorðins fólks með þroskahömlun hefur læknisfræðilega sjónarhornið verið ríkjandi hvað varðar þjónustukerfi og möguleika til náms. Samkvæmt íslenskum lögum þá byggja þjónustumöguleikar fatlaðs fólks á læknisfræðilegri greiningu. Fatlaðir nemendur á framhaldsskólaaldri og fullorðið fatlað fólk hefur verið flokkað eftir tegund fötlunar og þjónusta veitt samkvæmt því jafnvel enn frekar en á grunnskólaaldri (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992; Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996).

3.3.2 Norræni tengslaskilningurinn

Norðurlandabúar hafa ekki einn sameiginlegan skilning á hugtakinu fötlun. Hins vegar telur norski fræðimaðurinn Jan Tøssebro (2004) að unnt sé að greina sameiginlegar hugmyndir sem Norðurlandabúar geta sameinast um og hann telur að einkennist af áherslunni á tengsl einstaklings og umhverfis hans. Það hefur verið nefnt norræni tengslaskilningurinn.

Jan Tøssebro er sá sem einna mest hefur skrifað um þennan sameiginlega skilning Norðurlanda. Hann greinir þrjú meginatriði í hinni norrænu tengslanálgun. Í fyrsta lagi að um misgengi sé að ræða vegna þess að ekki sé gert ráð fyrir margbreytileika innan samfélagsins. Í öðru lagi að skerðingin sé aðstæðubundin. Skerðingin hafi ekki áhrif til dæmis þegar blindur maður talar í síma og hann sé betur staddur en maður án skerðingar þegar rafmagnið fer af. Í þriðja lagi sé fötlun afstæð vegna þess að það sé mismunandi hvernig skilgreining á þroskahömlun er milli landa. Því getur verið mismunandi hversu stór hluti þjóða er skilgreindur með þroskahömlun. Tøssebro bendir á að skilningur okkar Norðurlandabúa á fötlun sé fyrst og fremst pólitískur. Þegar komi að þjónustu, bótagreiðslum, sérkennslu eða annarri samfélagslegri þjónustu þá byggist allt á læknisfræðilegri greiningu. Tøssebro bendir einnig á að við rannsóknir og fræðaskrif nýti fræðimenn gjarnan bæði félagsleg og læknisfræðileg líkön til skilgreiningar (Tøssebro, 2004).

Í lagasetningum og reglugerðum sem snúa að fötluðu fólki má á Norðurlöndum sjá merki um þennan samþætta skilning frá sjöunda áratug síðustu aldar. Áherslan á félagslega og umhverfislega þætti fötlunar stuðlaði að því að horft var til fleiri þátta en að skilgreina einstaklinginn sem einu uppsprettu vandans og að horft væri til þess eins að laga eða endurhæfa hinn fatlaða einstakling. Þannig var sjónum einnig beint að því hvernig hægt væri að fjarlægja ýmsar félagslegar hindranir og aðlaga umhverfið að fötluðu fólki (Rannveig Traustadóttir, 2004).

Rannveig Traustadóttir (2003) bendir á að á Íslandi eins og á hinum Norðurlöndunum megi greina áhrif hinnar samfélagslegu áherslu sem getið er um í norræna tengslaskilningnum í löggjöf og skipulagi í málefnum fatlaðra. Á sama hátt má sjá aukið mikilvægi í tengslum við samspil einstaklings við umhverfi sitt í skipulagi fræðslu fullorðins fatlaðs fólks á undanförunum árum. Í auknum mæli hefur áherslan á

hinn læknisfræðilega skilning vikið fyrir samfélagslegri þáttum sem taka meira tillit til áhrifa umhverfis og félagslegrar stöðu þeirra sem þar stunda nám. Sem dæmi má nefna fjölbreytt námskeiðstilboð og kennsluhætti í Fjölmennt sem byggja á raunverulegum aðstæðum þeirra sem taka þátt. Einnig að lögð er meiri áhersla á að þátttakendur velji sjálfir námskeið sem tengjast áhuga þeirra og námsþörfum án þess að aðaláherslan sé lögð á afleiðingar skerðingarinnar eins og algengara var áður.

3.3.3 Breska félagslega líkanið um fötlun

Sem gagnrýni á hina hefðbundnu læknisfræðilegu sýn hafa komið fram ýmis félagsleg líkön. Þekktast þeirra og umdeildast er breska félagslega líkanið. Upphaf breska félagslega líkansins má rekja til mótmæla líkamlega fatlaðs baráttufólks í Bretlandi. Það hafnaði skilgreiningum fagfólks á fötlun sem byggðist á skilgreiningu WHO og þau litu á fötlun sem afleiðingu samfélagslegrar kúgunar. Fylgismenn breska félagslega líkansins telja að hindranir í samfélaginu orsaki fötlun einstaklingsins. Félagslega líkanið gengur út frá að fatlað fólk sé fullkomlega eðlilegur hluti hvers samfélags og það sé hluti af mannlegum margbreytileika að fólk hafi skerðingar. Athyglin beinist að skipulagi þjónustu sem tekur mið af þörfum og óskum þeirra sem njóta þjónustunnar, sem þarf að vera einstaklingsmiðuð þjónusta. Áhersla er lögð á lög, gildi og norm, ásamt viðmiðum og viðhorfum í samfélaginu (Barnes, 1998; Chappell, 1998; Rannveig Traustadóttir, 2003; Oliver, 2004).

Eitt megineinkenni breska félagslega líkansins er að það aðgreinir líffræðilega og félagslega þætti. Skerðingin (hinn líffræðilegur þáttur) er skilgreind sem takmarkanir á virkni vegna líkamlegrar, skyn eða andlegrar skerðingar. Fötlun (hinn félagslegur þáttur) er aftur á móti útilokun eða takmörkun á þátttöku vegna samfélagslegra hindrana. Það er ekki litið svo á að fötlunin sé það sama og skerðingin eða að fötlunin leiði af skerðingunni. Félagslega líkanið hefur haft áhrif í Bretlandi á tvennan hátt. Annars vegar hefur það áhrif á pólitíska stefnumörkun þar sem áhersla hefur verið lögð á að fjarlægja samfélagslegar hindranir og hins vegar hefur sjónarhorn félagslega líkansins haft frelsandi áhrif fyrir fatlað fólk að því leyti að áhersla er lögð á að erfiðleikar fatlaðs fólks

stafi af félagslegri mismunun (Barnes, 1998; Thomas, 1999; Rannveig Traustadóttir, 2003, 2004).

Eins og algengt er með nýja hugmyndafræði og breytingar á viðgengnum venjum hefur breska félagslega líkanið sætt heilmikilli gagnrýni. Meðal annars vegna þess að of mikil áhersla sé lögð á samfélagslegar hindranir, of lítil áhersla á menningu og persónulega reynslu og tilhneiging sé að líta fram hjá eða hafna skerðingunni. Allar hindranir sem fatlað fólk upplifir séu taldar orsakaðar af umhverfi eða félagslegum gerðum (Barnes, 1998; Thomas, 1999; Rannveig Traustadóttir, 2003).

Það hefur einnig verið gagnrýnt að breska félagslega líkanið taki of lítið tillit til kynferðis, þjóðfélagslegra minnihlutahópa, kynhneigðar og til skerðingar sem ekki er líkamleg. Horft sé framhjá hvernig þessir þættir spila saman í lífi fatlaðs fólks og hvernig áhrif það hafi á reynslu daglegs lífs. Þar af leiðir að hópur eins og fólk með þroskahömlun verður út undan í þessari umræðu. Bent hefur verið á að sjónarhorn fólks með þroskahömlun sé ekki nógu sýnilegt í fræðastarfi innan breska félagslega líkansins (Chappell, 1998; Chappell, Goodley og Lawthom, 2001; Goodley og Armstrong, 2001; Rannveig Traustadóttir, 2003; Walmsley og Johnson, 2003).

Á Íslandi hefur umræða um breska félagslega líkanið farið vaxandi á undanförunum árum sérstaklega í kjölfar aukinna námsmöguleika í fötlunarfræðum innan HÍ og KHÍ. Má því ætla að áhrif sem rekja megi til breska félagslega líkansins um fatlað fólk í samfélaginu komi til með að verða sýnilegri þegar til framtíðar er litið.

Við úrvinnslu gagna í rannsókninni verður leitast við að greina hvernig þessi ólíku sjónarhorn sem hér hefur verið getið birtast í aðstæðum þátttakenda í rannsókninni og hvernig sjá má þessar fræðilegu nálganir birtast í stefnumörkun Fjölmennar.

3.4 Valdefling og sjálfsákvörðunarréttur

Hugtökin valdefling og sjálfsstyrking eru mikilvæg hugtök innan fötlunarfræða sem nokkuð hefur verið skrifað um á síðustu árum (Goodley, 2000; Goodley og Armstrong, 2001; Ramcharan og fl., 2000). Valdefling snýst um þau mannréttindi að taka ábyrgð á sjálfum sér og að einstaklingurinn hafi vald til að skilgreina líf sitt, óskir og vilja. Valdefling snýst á þann hátt um aukin lífsgæði. Eins og fram hefur komið er ein af

megináherslum fötlunarfræðinnar að fatlað fólk eigi rétt á að hafa áhrif á líf sitt og aðstæður.

Ramcharan og fl. (2000) fjalla um valdeflingu í hinu samfélagslega kerfi. Meðal annars er fjallað um hvernig stofnanamennska hefur viðhaldist jafnvel þó hinar stóru altæku stofnanir hafi að mestu verið lagðar niður. Það birtist meðal annars í því að fólk sem býr sjálfstætt eða á litlum sambýlum stýrir ekki lífi sínu þrátt fyrir það. Fagfólk tekur ákvarðanir og kerfið setur ramma og reglur sem fatlað fólk þarf að fara eftir og sætta sig við. Allir þessir þættir ýta undir að margt fatlað fólk hefur ekki náð að þróa með sér vilja eða getu til að taka ákvarðanir í lífi sínu. Valdefling snýst um hvernig hægt er að styðja fólk til að taka eigin ákvarðanir og standa við þær. Einn mikilvægur þáttur í valdeflingu er að einstaklingurinn viti að hann njóti þeirrar virðingar að geta tekið ákvörðun (Ramcharan og fl., 2000).

Eitt af því sem Borland og Ramcharan (2000) telja að sé lykillinn að valdeflingu fólks er jákvæð sjálfsmynd. Jafnframt að til þess að fólk geti barist fyrir rétti sínum, látið rödd sína heyrast og að tekið sé mark á skoðunum þess þarf fólk að hafa trú á sjálft sig. Því leggja þeir hinir sömu mikla áherslu á að efla sjálfsmynd fatlaðs fólks. Þeir flokka þróun sjálfsmyndar í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi er um persónulega sjálfsmynd að ræða. Í öðru lagi er félagsleg sjálfsmynd sem þróast í samskiptum við annað fólk. Í þriðja lagi er um samfélagslega sjálfsmynd að ræða sem tengist pólitískri og réttindalegri uppbyggingu samfélagsins og hefur með réttindi og skyldur þegna þess að gera (Ramcharan og fl., 2000).

Bent er á hvernig vinátta og félagsleg tengsl einstaklinga við umhverfi sitt rofna þegar fólki hefur verið meinað að taka þátt í samfélaginu t.d. við flutning á stofnun, í búsetu eða skóla sem felur í sér aðgreiningu frá því samfélagi sem einstaklingurinn hefur búið í. Má í því samhengi einnig benda á að fatlað fólk sem býr í sjálfstæðri búsetu er oft félagslega einangrað, einmana og skortir hin félagslegu og tilfinningalegu tengsl við annað fólk. Það er rakið til þess að fatlað fólk hefur oft verið rífið úr sínu félagslega umhverfi og nær ekki eða kann ekki að stofna til nýrra tengsla. Það hefur ekki haft möguleika til félagslegrar samveru sem fólki þykir vera sjálfsögð réttindi hvorrar manneskju (Ramcharan og fl., 2000).

Hugtökin valdefling og sjálfsstyrking eru nátengd og margir þeirra fötluðu einstaklinga sem segja sögu sína í bók Ramcharan og fl. (2000) fjalla um valdeflingu í kjölfar þátttöku í sjálfsákvörðunarhópum. Fyrstu sjálfsákvörðunarhóparnir voru stofnaðir í Bandaríkjunum í tengslum við flutning fólks með þroskahömlun af stóru sólarhringsstofnunum út í samfélagið upp úr 1975. Ray Loomis sem talinn er upphafsmaður slíkra sjálfsákvörðunarhópa taldi að fatlað fólk ætti sameiginlegan reynsluheim og gæti því stutt hvert annað. Fatlað fólk vildi styðja hvert annað til samfélagsþátttöku og að læra að lifa utan stóru stofnanna. Síðan þróaðist þessi starfsemi í þá átt að styrkja fatlað fólk til að vera sínir eigin talsmenn, taka sjálfstæðar ákvarðanir og að berjast fyrir því að á þau sé hlustað í samfélaginu. Áhersla hefur alltaf verið lögð á að fatlað fólk ráði ferðinni í þessum sjálfsákvörðunarhópum, ófatlað fólk væri einungis til aðstoðar en ekki til að stjórna. Þessir sjálfsákvörðunarhópar eru í flestum vestrænum löndum skipulagðir af félagssamtökum fatlaðs fólks sambærilegum við Átak félag fólks með þroskahömlun á Íslandi. Á Íslandi hafa þessir hópar verið nefndir umræðuhópar (Aileen Svendsdóttir og Ágústa Þorvaldsdóttir, 2003; Ólafur Guðmundsson, 2003).

Rannsóknir hafa sýnt að sjálfsákvörðunarhópar geta verið lausn og margt fatlað fólk hefur tjáð sig um mikilvægi þess að taka þátt í slíkum hópum. Þeir hafa orðið fólki með þroskahömlun hvatning til að tala fyrir sig sjálft, taka ákvarðanir um eigið líf og að geta valið, verða sjálfstæð og taka ábyrgð á eigin lífi. Breska fræðikonan Jeanne Sutcliffe (1991, 1994) heldur því fram að valdefling og sjálfsstyrking eigi að vera yfirmarkmið í allri fræðslustarfsemi fyrir fatlað fullorðið fólk. Leggja skuli áherslu á að fatlað fullorðið fólk fái tækifæri til að tjá sig, standa frammi fyrir valkostum og taka ákvarðanir á öllum stigum náms. Fatlað fólk þurfi að hvetja til að taka ákvarðanir um nám sitt bæði hvað varðar markmið og leiðir. Á þann hátt sé um að ræða einstaklingsmiðaða námsnálgun sem byggji á óskum námsmannsins sjálfs og það stuðli að valdeflingu fyrir fatlað fólk. Sjálfsákvörðunarhópar eigi að byggja á því að fatlað fólk fái tækifæri til að segja skoðun sína, hlusta á samnemendur sína, spyrja og svara spurningum, meta skoðanir og reynslu, læra að standa á sínu og/eða skipta um skoðun, fái tilfinningu fyrir að tilheyra hópi, læra um réttindi og skyldur almennra borgara, styðja og hvetja aðra og að standa frammi fyrir valkostum og að taka ákvarðanir bæði einstaklingslega og í hópi (Sutcliffe, 1991).

Einn þáttur í starfsemi Fjölmenntar er að skipuleggja starfsemi umræðuhópa sem byggja á hugmyndafræði slíkra sjálfsákvörðunarhópa. Sú starfsemi er skipulögð í samstarfi við Átak félag fólks með Þroskahömlun og Þroskahjálp. Jafnframt má sjá áherslu á valdeflingu og sjálfsstyrkingu í almennum markmiðssetningum námskeiða í Starfsáætlun stofnunarinnar (Fjölmennt, 2005).

3.5 Valfrlsi fatlaðs fólks

Ein af mikilvægari ákvörðunum sem ungt fólk tekur er ákvörðun um menntun sína. Við lok grunnskóla geta nemendur sótt um þá framhaldsskóla sem bjóða upp á það nám sem þeir óska sér. Á sama hátt standa nemendur aftur á tímamótum um val á námi að loknum framhaldsskóla. En eins og Brynhildur Flóvenz (2004) bendir á er fjölbreytni í námstilboðum framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur afar takmarkað og í flestum tilfellum aðgreint frá námi annarra nemenda. Jafnframt bendir hún á að um nám að loknum framhaldsskóla sé ekki að ræða.

Það er augljóst að slík staða hefur áhrif á valfrlsi fatlaðs fólks. Ef nemendur fá ekki tækifæri til að velja milli eftirsóknarverðra valkosta um framhaldsnám búa þeir við hömlur sem samfélagið setur þeim varðandi ákvarðanatöku um svo mikilvægan þátt í lífi sínu. Eins og áður hefur komið fram er valfrlsi þess hóps sem rannsókn mín beinist að mjög skert og fæstir fá tækifæri til að lifa lífi sínu eftir eigin óskum. Jafnframt eru tækifærin oft fá til að læra af og taka afleiðingum eigin gerða. Það felur í sér að taka ábyrgð á lífi sínu og læra af reynslu sinni, því sem vel gengur eða að læra af mistökum sínum.

Eins og áður var greint frá eru valkostir ungs fatlaðs fólks til náms á framhaldsskólastigi mun skertari en almennt gerist hjá ófötludum jafnöldrum þeirra. Fatlaðir nemendur hafa því ekki raunverulega mikið val til náms í framhaldsskóla. Þeim stendur jafnvel einungis einn skóli til boða (Kristín Björnsdóttir, 2003). Í mörgum tilfellum eru það skólarnir sem setja inntökuskilyrði eftir námsgetu og/eða fötlun umsækjenda og oft eru það foreldrar þeirra sem velja fyrir þau það sem þau telja að sé þeim fyrir bestu. Ekkert samfellt nám er í boði að loknum framhaldsskóla og atvinnutækifæri af skornum skammti. Við þessar aðstæður er hætta á að fatlað fólk fái

ekki næg tækifæri til að efla sjálfsákvörðunarrétt sinn og sé því ekki undir það búið að takast á við val þegar það býðst. Hæfni til að taka ákvarðanir er eiginleiki sem þjálfast upp með auknum verkefnum á lífsleiðinni og hafi fatlað fólk ekki valkosti í þeim málaflokkum sem skipta þau verulegu máli má ætla að þau séu hindruð í að ná þroska að þessu leyti þó að hæfnin sé til staðar (Goodley, 2000; Ramcharan og fl., 2000). Einnig er hættu á að forráðamenn þeirra eða umboðsmenn temji sér forræðishyggju vegna þess að þau þurfa stöðugt að vera málsvarar sona sinna og dætra svo tekið sé mark á þeim innan stjórnsýslunnar. Þannig getur hin flókna stjórnsýsla okkar stuðlað að forræðishyggju af hendi aðstandenda og starfsfólks. Þessi dæmi vísa til þeirra samfélagslegu hindrana sem fræðimenn innan fötlunarfræða hafa bent á að ýti undir félagslega sérstöðu fatlaðs fólks. Dóra Bjarnason (2003) bendir á að í rannsókn sinni hafi komið fram að ungu fötluðu fólki reynist erfitt að höndla fullorðinshlutverk meðal annars vegna þess að oft séu ráðin af þeim tekin vegna misskilinnar góðvildar og þau nái þannig ekki að axla hlutverk hins fullorðna.

Taylor (2001) fjallar um valkosti og sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks og bendir á að rökstuðningur fyrir því að ákvarðanir séu teknar fyrir fatlað fólk sé sá að fatlað fólk taki oft ákvarðanir sem séu í eðli sínu slæmar. Hann bendir hins vegar á að margt ófatlað fólk taki einnig ákvarðanir sem hafi slæmar afleiðingar. Nefnir hann meðal annars í þessu samhengi að margt ófatlað fólk stefni lífi sínu í hættu með óheilbrigðu líferni og eyði fjármagni sínu óhóflega án þess að réttur til ákvarðana sé af þeim tekinn. Fötlun eigi ekki að vera ástæða til að svipta nokkurn mann ákvörðunarrétti sem almennir borgarar hafa að öllu jöfnu (Taylor, 2001). Einnig sé mikilvægt í þessari umræðu að fötlun sé ekki skilgreind sem ástæða fyrir því að fatlað fólk sé aðstoðað við að taka ákvarðanir sem almennir borgarar myndu ekki taka. Mikilvægt sé í þeim tilvikum þar sem einstaklingar geti sjálfir ekki tekið ákvarðanir að aðstandendur taki ekki ákvarðanir fyrir fatlað fólk sem byggja á eigin óskum og þörfum. Það sé mikilvægt að horfa til þess að fjölskylda, vinir og aðstoðarfólk geti haft áhrif á ákvarðanir fatlaðs fólks en þau áhrif verði að vera gagnkvæm og byggja á trausti sem kemur í veg fyrir ákvarðanir byggðar á þvingun, nauðung eða stjórnsemi (Taylor, 2001).

3.6 Einkenni fullorðinsfræðslu

Eins og áður er getið hefur fræðsla fyrir fullorðið fatlað fólk gjarnan tekið mið af sérkennslu sem aðlöguð var til að mæta sérkennsluþörfum barna. Má nefna að við aðlögun námsefnis fyrir fatlað fullorðið fólk er gjarnan leitað til námsefnis sem útbúið er fyrir börn (Kristín Björnsdóttir, 2002). Þá hefur læknisfræðileg áhersla verið ríkjandi um árabíl og læknisfræðilegar greiningar verið nýttar sem forsendur fyrir markmiðssetningum og áherslum í námi fatlaðs fólks. Þannig var áhersla lögð á að kenna þá færni sem talin var skorta hjá fötluðu fólki í von um að draga úr áhrifum fötlunarinnar. Námsáætlanir sem gerðar voru á þessum tíma voru gjarnan nefndar þjálfunar- eða meðferðaráætlanir (Vilborg Jóhannsdóttir, 2003). Hið félagslega sjónarhorn á fötlun hefur stuðlað að breytingum á þessum áherslum í námi fullorðins fatlaðs fólks. Nú er horft í meira mæli til fullorðinsfræðslu almennt og lögð áhersla á að fatlað fólk hafi möguleika til að nýta sér símenntun til aukinnar lífsfyllingar og lífsgæða rétt eins og aðrir þjóðfélagsþegnar (Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004; Sutcliffe, 1996a, 1996b; Sutcliffe og Jacobsen, 2001).

Á undanförunum áratugum hafa víða um heim verið að þróast hugmyndir um úrræði og leiðir í símenntun og fullorðinsfræðslu. Eins og í allri annarri þróun fylgir því ný og breytt hugtakanotkun (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2004). Þessi úrræði eru ýmist nefnd símenntun eða fullorðinsfræðsla (adult education, lifelong learning, continuing education). Jón Torfi Jónasson (2004) bendir á að í daglegu tali hafi hugtakið fullorðinsfræðsla að minnsta kosti tvær skilgreiningar. Annars vegar vísi hugtakið til allrar þeirrar fræðslu sem fullorðið fólk á tök á hvort sem fræðslan er formleg eða óformleg. Fræðigreinin um fullorðinsfræðslu grundvallist gjarnan á þessari skilgreiningu. Hin merking hugtaksins er þrengri og vísar til þess að fullorðið fólk geti seinna á lífsleiðinni bætt sér upp formlega skólagöngu sem það fór á mis við. Hann álitur að þriðja skilgreiningin falli einnig undir hugtakið fullorðinsfræðsla en það er sú fræðsla sem ekki fellur að hinu formlega skólakerfi. Undir þá skilgreiningu flokkar Jón Torfi fræðslu sem tengist atvinnulífinu og tómstundatengda fræðslu (Jón Torfi Jónasson, 2004).

Á sama hátt er hugtakið símenntun skilgreind á mismunandi vegu. Hjá Evrópusambandinu hefur Cedefop, miðstöð ESB um þróun starfsmenntunar í Evrópu

unnið að hugtakaskilgreiningum. Þar er símenntun skilgreind á eftirfarandi hátt í þýðingu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:

Allt nám sem á sér stað á lífsferli einstaklings sem hefur það að markmiði að auka þekkingu, færni og/eða hæfni í persónulegum, félagslegum og/eða fagtengdum tilgangi.
(Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2004)

Símenntun er einnig skilgreind í skýrslu sem gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins árið 1998 og ber heitið „Símenntun, afl á nýrri öld. Álit nefndar um símenntun“. Þar segir svo:

Símenntun er heildarheiti yfir alla þá menntun sem einstaklingar sækja alla ævina og vísar í það að menntun lýkur aldrei heldur er ferli sem varir alla ævina. Einstaklingur aflar sér þekkingar og færni á yngri árum og sækir nám innan skólakerfisins í grunn-, framhalds- og háskóla. Hann getur gert þetta í einni samfellu eða með hléum, stundað vinnu, farið í nám á ný eða sótt nám jafnhliða starfi. Stór þáttur í símenntun er hvers konar endurmenntun í styttra eða lengra námi, margs konar viðbótarmenntun og tómstundanám. Einstaklingar stunda símenntun, læra allt lífið, í skóla og á vinnumarkaðinum.

(Menntamálaráðuneyti, 1998:49)

Auknir möguleikar fatlaðra til náms á framhaldsskólastigi hér á landi leiða til nýrra vangaveltna um fræðslu fullorðins fatlaðs fólks. Eins og fram kom í kaflanum um nýjar áherslur í fötlunarfræðum hafa fræðimenn sem fylgja hinum félagslegu sjónarhornum lagt aukna áherslu á valdeflingu og sjálfsstyrkingu þegar fatlað fólk á í hlut. Aukin umræða er innan fötlunarfræða um að fatlað fullorðið fólk taki sjálft ákvarðanir um líf sitt og aðstæður. Nám og símenntun er þar með talið. Einnig hefur verið lögð áhersla á að námið sé fullorðinsmiðað. Rannsóknir á sviði fötlunarfræða benda til að innihald náms og áherslur hafi í of ríkum mæli verið miðaðar út frá kennslu barna (Kristín Björnsdóttir, 2002; Sutcliffe, 1994; Sutcliffe og Jacobsen, 2001). Í þessu samhengi hafa fræðimenn lagt á það áherslu að námsmöguleika fatlaðs fólks þurfi að miða út frá námsmanninum sjálfum, taka þurfi meira tillit til fullorðinsfræðslu almennt, horfa þurfi meira á óskir og styrkleika námsmannsins sjálfs og að verkefni og kennsluáðstæður þurfi að byggja á reynsluheimi námsmannsins. Einnig hefur verið gagnrýnt að fatlað fólk hafi ekki

nægilega möguleika til að stunda nám með fullgildri þátttöku við almennar símenntunarstöðvar (Sutcliffe, 1991, 1994, 1996a, 1996b; Sutcliffe og Jacobsen, 2001).

Fræðigreinin um fullorðinsfræðslu er oft rakin til skrifna Malcolm Knowles á sjöunda áratug síðustu aldar um „andragogy“ (sjá t.d. í Elias og Merriam, 1980; Knowles, Holtin III og Svansson, 1998; Merriam og Caffarella, 1999). „Andragogy“ er hugtak sem skoða þarf í tenglum við hugtakið „pedagogy“. „Pedagogy“ þýðir í raun listin og vísindin um kennslu barna. Á sama hátt má segja að „andragogy“ þýði listin og vísindin um kennslu fullorðinna. Í kenningu Knowles um „andragogy“ eru nokkrir meginþættir sem eru frábrugðnir því sem viðgengist hefur í kennslu barna.

Knowles skiptir þessum einkennum fullorðinna námsmanna í sex meginþætti. Fyrsti þátturinn er *þörfin fyrir að vita*. Fullorðnir þurfa að vita af hverju þeir þurfa að læra eitthvað ákveðið áður en námið fer fram. Fyrsta hlutverk leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu getur verið að hjálpa nemandanum að gera sér grein fyrir þessari þörf eða að gera hana meðvitaða í námsferlinu. Í þessu samhengi skiptir líka máli að hinn fullorðni námsmaður geri sér grein fyrir fyrri reynslu og átti sig á því bili sem er milli þess sem hann er staddur nú og þangað sem hann langar að komast í náminu. Annar þátturinn er *sjálfsmynd* námsmannsins. Fullorðnir námsmenn hafa þá sjálfsmynd að þeir þurfi að bera ábyrgð á eigin lífi og ákvörðunum og þar með talið námi sínu. Leiðbeinandi fullorðinna þarf því að gera sér grein fyrir hvernig hann getur útbúið kennsluáðstæður þannig að hinum fullorðna námsmanni sé hjálpað við að umbreyta námferli sínu í *sjálfstýrt nám* (Knowles, Holtin III og Svansson, 1998). Þriðji þátturinn er hlutverk reynslu nemandans í námsaðstæðum sínum. Fullorðnir námsmenn koma að kennsluáðstæðum með meiri reynslu og fjölbreyttari en ef um börn er að ræða. Þeir vilja gjarnan tengja hana við nám sitt og deila með öðrum. Í tengslum við fjórða þáttinn telur Knowles að fullorðnir námsmenn fari í nám þegar *þörfin vaknar* og þeir fara í nám þegar lífsaðstæður þeirra eru þannig að þeir eru tilbúnir. Það gerist gjarnan í tengslum við ákveðna þroskaáfangu í lífi hvers manns. Þegar hann stendur á tímamótum í lífinu eða aðstæður hans kalla á nýja þekkingu. Fimmti þátturinn snýr að daglegum verkefnum námsmannsins. *Afstaða* til náms er í flestum tilfellum miðuð við að þeir geti tengt námið við verkefni eða vandamál sem þeir eru að kljást við í daglegu lífi. Sjötti og síðasti þátturinn snýr svo að þeim *hvötum* sem liggja að baki náminu. Hvati til náms er

mikilvægur þáttur í námsaðstæðum fullorðinna. Í sumum tilfellum er um ytri hvata að ræða svo sem betri vinnu, hærri laun, stöðuhækkun o.fl. eða að um innri hvata er að ræða svo sem meiri ánægja í vinnunni, bætt sjálfstraust og/eða aukin lífsgæði (Knowles, Holtin III og Svansson, 1998).

Innan kenninga um „andragogy“ hafa hvatir til náms hjá fullorðnu fólki verið flokkaðar. Wlodowski (1985, í Knowles, Holtin III og Svansson, 1998) leggur til að þessir hvatar til náms séu flokkaðir í fjóra þætti:

1. Framfarir (success) – fullorðnir vilja ná árangri með námi sínu.
2. Vilji (volition) – fullorðnir vilja hafa val í námi sínu.
3. Gildi (value) – fullorðnir vilja læra eitthvað sem hefur gildi fyrir þá.
4. Ánægja (enjoyment) – fullorðnir vilja að námið sé skemmtilegt.

Ástæður og persónulegar markmiðssetningar í námi fullorðinna geta verið fjölbreyttar og ólíkar. Houle (1961, í Merriam og Caffarella, 1999) flokkaði fullorðna námsmenn í þrjá hópa með hliðsjón af heildarmarkmiðum þeirra til námsins. Fyrsta hópinn kallar hann *markmiðsmiðaðan* sem nýtir námið sem leið að öðrum markmiðum. Annan hópinn kallar hann *virknimiðaðan* sem taka þátt í námi vegna námsaðstæðna og þeirra félagslegu athafna sem það felur í sér. Þriðja hópinn nefnir hann *námsmiðaðan* sem sækist eftir náminu sjálfu og þeirri þekkingu sem það felur í sér. Þessi flokkun hefur orðið fleiri fræðimönnum hvatning til frekari rannsókna og hefur hún verið útfærð nánar. Morstain og Smart (1974, í Merriam og Caffarella, 1999) tilgreina sex ástæður fyrir námi fullorðinna:

- Félagslega ástæður (social relationship). Til að eignast nýja vini eða hitta þátttakendur af gagnstæðu kyni.
- Ytri væntingar (external expectations). Til að uppfylla annarra væntingar eða skyldur.
- Félagsleg velferð (social welfare). Löngun til að þjóna öðrum eða samfélagi sínu.
- Atvinnutenging (profession advancement). Til að bæta sig í núverandi starfi eða læra að takast á við nýtt starf.
- Tilbreyting/ný tækifæri (escape/stimulation). Til að komast frá fátækt eða að komast frá vinnu eða heimili.
- Áhugi á námi (cognitive interest). Löngun til námsins og þátttakendur eru fróðleiksfúsir.

(Merriam og Caffarella, 1999: 54-55)

Sutcliffe (1991) heldur því fram að í tengslum við fullorðinsfræðslu fatlaðra eigi sjálfsstyrking að vera lykilþáttur í öllum námsaðstæðum fatlaðs fullorðins fólks. Sjálfsstyrking er grunnur að þróun eigin námsáætlunar sem á að vera byggð á vali hins fullorðna námsmanns, ákvörðun hans og valdeffingu. Í símenntun fatlaðs fólks ættu þessi sjónarmið að leggja grunn að persónulegum markmiðssetningum þar sem einstaklingurinn sjálfur er þátttakandi í að setja sín eigin markmið, koma með tillögur um sérstök áhugasvið sín og jafnframt að vera þátttakandi í að meta hvernig til tekst að námi loknu (Sutcliffe, 1991).

Fræðigreinin um fullorðinsfræðslu fjallar einnig í miklu mæli um hverjir taka helst þátt í símenntun og hvaða hindranir fullorðnir nefna helst sem koma í veg fyrir að þeir stundi nám á fullorðinsárum. Í mörgum rannsóknum sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum á undanförunum áratugum hefur komið í ljós að algengustu ástæður þess að fólk tekur ekki þátt í símenntun er skortur á fjármagni og tíma (Cross, 1981; Merriam og Caffarella, 1999). Niðurstöður Darkenwald og Valentine (1985, í Merriam og Caffarella, 1999) benda jafnframt til að skortur á sjálftrausti, vanmat á gildi náms, tímaskortur, skortur á að setja eigin þarfir í forgang, kostnaður og persónuleg vandamál eru hindranir sem mæta fullorðnum námsmönnum. Þá hefur einnig komið í ljós í Bandaríkjunum að það er hinn hvíti vestræni millistéttarmaður með nokkuð góð laun og góða undirstöðumenntun sem er duglegastur að sækja sér símenntun. Þess vegna hefur umræðan um fullorðinsfræðslu snúist að nokkru leyti um hvort hún auki bilið milli þeirra sem mikið eru menntaðir og þeirra sem litla menntun hafa. Hún styðji þannig gildandi skipulag í stað þess að stuðla að bættu samfélagi með auknum menntunarmöguleikum þeirra sem litla grunnmenntun hafa (Merriam og Caffarella, 1999).

Hindranir í námi fatlaðs fólks eru af fjölbreyttum toga. Rannsóknir innan fötlunarfræða hafa ítrekað leitt í ljós hvernig fatlað fólk hefur verið útilokað frá tækifærum sem öðrum þegnum þykja sjálfsögð réttindi (Swain og fl., 2004). Áður hefur verið bent á skerta möguleika fatlaðs fólks hvað varðar val á framhaldsskólum og að fatlað fólk hefur ekki tækifæri til að stunda nám á háskólastigi (Brynhildur Flóvenz, 2004). Má einnig í þessu samhengi nefna skert tækifæri til náms innan almenna menntakerfisins vegna þess að nauðsynlegur stuðningur er ekki til staðar. Skortur á aðgengi til náms fyrir fatlað fólk getur verið margþættur. Aðgengi að námsefni við hæfi,

námsaðstæðum, aðbúnaði, húsnæði og ferðaþjónustu er oft ábótavant innan skólakerfisins fyrir fatlað fólk.

Símenntun er kostnaðarsöm fyrir fullorðið fólk. Í flestum tilfellum borgar þátttakandi sjálfur stóran hluta námsins eða starfsmannasjóðir og/eða verkalýðsfélög sem tengjast atvinnuþátttöku hans. Fatlað fólk hefur ekki sömu möguleika í þessu tilliti meðal annars vegna þess hve margir eru án atvinnu og greiða því ekki í slíka sjóði og örorkubætur duga vart til daglegra nauðþurfta. Dóra Bjarnason (2003) bendir á að fatlað fólk útskrifist úr námi með lítt seljanlega kunnáttu. Þau séu því líkleg til að vinna lágláunastörf, störf á vernduðum vinnustöðum fyrir málamyndalaun eða atvinnulaus. Til að koma til móts við lítil fjárráð þátttakenda er annar háttur hafður á með fjármögnun Fjölmenntar fullorðinsfræðslu fatlaðra en annarra símenntunarstöðva. Menntamálaráðuneyti greiðir að stórum hluta starfsemi Fjölmenntar og þátttakendur borga einungis lítið brot af námskostnaði (Þjónustusamningur Fullorðinsfræðslu fatlaðra, 2002). Eins og áður er getið eru Íslendingar aðilar að Salamanca yfirlýsingunni þar sem þess er sérstaklega getið að stuðla eigi að því að fatlað fólk eigi rétt til náms umfram aðra. Það ákvæði er ekki sýnilegt í íslensku menntasamfélagi og eins og fram hefur komið hefur fatlað fólk ekki jöfn tækifæri til náms á við aðra þjóðfélagsþegna.

Helstu áherslur fötlunarfræða snúa að því að fatlað fólk hafi möguleika til fullrar samfélagslegrar þátttöku á öllum sviðum mannlífsins. Einn liður þessarar þátttöku tengist þeim menntatækifærum sem standa fullorðnu fötluðu fólki til boða. Hér hef ég fjallað um fötlunarfræði sem hið fræðilega sjónarhorn sem liggur til grundvallar í rannsókn minni. Í tengslum við valdeflingu fatlaðs fólks tók ég jafnframt til umræðu siðfræðileg hugtök sem tengjast því hugtaki. Einnig má tengja einkenni fullorðinsfræðslu við valdeflingu. Áhersla í námi fullorðins fólks beinist að ábyrgð námsmannsins og að hann sé virtur sem virkur þátttakandi í námsferli sínu. Það sem liggur til grundvallar skoðun minni á þessum grunnhugmyndum í fullorðinsfræðslu snýr að því að ég vil reyna að setja námsþarfir og óskir fullorðins fatlaðs fólks í samhengi við það sem efst er á baugi í fræðunum um nám og kennslu fullorðinna. Til að um jafna þátttöku fatlaðra og ófatlaðra geti verið að ræða á þessum vettvangi þurfa möguleikar fatlaðs fólks til almennrar símenntunar að skoðast í ljósi því sem rannsakað hefur verið í tengslum við símenntun fullorðinna almennt. Í

niðurstöðum verkefnisins mun ég leita eftir hvernig þessi fræðilegu sjónarhorn birtast í frásögnum þátttakenda minna.

Samantekt

Í byrjun kaflans gerði ég í stórum dráttum grein fyrir þróun hugmyndafræði í tengslum við þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, greindi frá skólaþróun í tengslum við „skóla án aðgreiningar“ og þætti náms við undirbúning fullorðinshlutverka. Ég fjallaði um mismunandi sjónarhorn á fötlun og gerði grein fyrir læknisfræðilegu sjónarhorni, norræna tengslaskilningnum og breska félagslega líkaninu um fötlun. Einnig voru hugtökum eins og valdeflingu, sjálfsákvörðunarrétti og valfrelsi gerð nokkur skil. Að því loknu fjallaði ég um þætti sem einkenna fullorðinsfræðslu almennt í von um að geta tengt þá námsaðstæðum fatlaðs fullorðins fólks.

Í næsta kafla segi ég frá framkvæmd rannsóknar, rannsóknaraðferðum og þátttakendum í rannsókn minni.

4. Framkvæmd rannsókna

Í þessum kafla geri ég grein fyrir framkvæmd rannsókna og þeim aðferðum sem notaðar voru til að afla rannsóknargagna. Jafnframt er greint frá hvaða aðferðir voru nýttar við greiningu gagna. Ég segi frá þátttakendum í rannsókninni, hvernig þeir voru valdir og tengslum mínum við þá. Einnig er fjallað um siðferðileg álitamál sem ég stóð frammi fyrir við rannsóknarvinnuna, takmarkanir, áskoranir og gildi.

4.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Tilgangur rannsóknar minnar var að fá sem heildstæðasta mynd af upplifun og reynslu þátttakanda við þau tímamót að útskrifast úr framhaldsskóla og skoða hvaða möguleikar þeim standa þá til boða hvað varðar áframhaldandi nám og atvinnu. Út frá þessari áherslu mótaði ég markmið og rannsóknarspurningar sem liggja til grundvallar rannsókn minni. Rannsóknin er í tveimur hlutum og beinist annars vegar að nemendum sjálfum, skoðunum þeirra, óskum og væntingum til náms og starfa við þessi tímamót. Jafnframt beinist rannsóknin að þeim möguleikum sem standa þeim til boða við núverandi aðstæður. Hins vegar vildi ég kanna hvaða framtíðarsýn þátttakendur hefðu fyrir hönd Fjölmennar sem er fullorðinsfræðsla fyrir fatlað fólk og sú eina sem hefur það skilgreinda hlutverk að sinna fötluðu fólki.

Út frá ofangreindum markmiðum voru rannsóknarspurningar mótaðar.

- Hvaða námsóskir hafa fötluð ungmenni að loknu fjögurra ára námi á starfsbrautum framhaldsskóla?
- Hvaða valmöguleika hafa þau til áframhaldandi náms og atvinnu að framhaldsskóla loknum?
- Hver eru helstu sóknarfæri Fjölmennar í uppbyggingu símenntunar fyrir fatlað fólk á Íslandi?

4.2 Aðferðir

Þær rannsóknaraðferðir sem nýttar voru við rannsóknina eru nefndar eigindlegar rannsóknaraðferðir. Eigindlegar rannsóknir líta á fólk og aðstæður þeirra í heildrænu samhengi. Þessar rannsóknaraðferðir nýtast vel í rannsóknum sem beinast að því að öðlast innsýn í líf og aðstæður fólks og að varpa ljósi á persónulega reynslu þess. Þessi rannsóknaraðferð er kerfisbundin og nákvæm og hún fylgir ákveðnum reglum en er ekki stöðluð og hefur ekki alhálfingargildi (Bogdan og Biklen, 1998). Eigindleg aðferðafræði byggir á aðleiðslu (induction) sem byggir á því að gagna er aflað og unnið er úr gögnunum. Við greiningu gagnanna eru fundin þemu og dregnar fram hugmyndir sem áfram er unnið með. Greining gagna er langt ferli og við lok þeirrar vinnu setur rannsakandi síðan fram tilgátur eða kenningar út frá þeim þemum sem fram koma í gögnunum (Bogdan og Biklen, 1998; Kvale, 1996).

Eigindlegar aðferðir beinast að því að öðlast sem heildstæðasta mynd af lífi og aðstæðum fólks og fá innsýn í hvaða skilning fólk leggur í líf sitt og aðstæður. Rannsakandi hefur mikilvægu hlutverki að gegna í eigindlegum rannsóknum og þarf að leitast við að setja sína reynslu, fyrirframskoðanir og viðhorf til hliðar að því marki sem það er mögulegt til að geta skilið upplifun og sjónarhorn þátttakenda. Eigindlegir rannsakendur telja öll sjónarhorn jafnmikilvæg og verðug rannsóknar. Jafnframt telja þeir sig geta lært af öllum aðstæðum og af öllum hópum samfélagsins (Creswell, 1998; Bogdan og Biklen, 1998).

Við framkvæmd rannsóknarinnar var því leitað beint til þátttakenda og áhersla lögð á að fá þeirra sýn og sjónarhorn á rannsóknarefnið. Rannsóknargagna var aflað á vettvangi og voru helstu aðferðir eigindlegra rannsókna nýttar; opin viðtöl og þátttökuathuganir. Einnig voru tekin svokölluð rýnihópaviðtöl sem hafa gefist vel til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps gagnvart ákveðnu viðfangsefni (Bogdan og Biklen, 1998; Sóley S. Bender, 2003). Í viðtölum er spurt um þætti sem tengjast rannsókninni en mikilvægt er að viðtal sé mótað eins og samtal þannig að þátttakandi fái tækifæri til að tjá það sem honum finnst mikilvægast til að lýsa lífi sínu og aðstæðum (Kvale, 1996). Í þátttökuathugunum tekur rannsakandi þátt í lífi þátttakenda í rannsókninni og safnar kerfisbundið upplýsingum í umhverfi fólks. Rannsakandi leitast við að taka þátt á hógværan hátt í aðstæðum og leggur sig fram við að lýsa aðstæðum og

athöfnum fólks og þarf að vera sér meðvitaður um að forðast að meta eða að draga saman ályktanir (Bogdan og Biklen 1998). Í eigindlegum rannsóknum eru fjölbreyttar leiðir nýttar við að safna gögnum og eru einnig meðal annars nýtt opinber gögn, skriflegar heimildir, myndir, hljóðupptökur og dagbækur til að safna upplýsingum um viðfangsefni rannsóknarinnar (Bogdan og Biklen, 1998).

4.3 Þróun rannsóknar

Við upphaf rannsóknar veturinn 2001-2002 var markmið mitt að skoða hvernig starfsnám í starfsbrautum framhaldsskóla væri skipulagt og hvernig ungt fatlað fólk væri undirbúið undir atvinnulíf að framhaldsskóla loknum. Þá hafði ég einnig áhuga á að kynna mér hvað ungu fötluðu fólki í framhaldsskóla fannst um nám sitt og hvernig það horfði til framtíðar með atvinnuþátttöku í huga. Á þessum tíma tók ég viðtöl við nemendur, foreldra og kennara til að fá fram þeirra skoðanir og sýn á viðfangsefnið. Einnig tók ég viðtal við starfsmann Atvinnu með stuðningi til að kynna mér hvernig stuðlað væri að atvinnuþátttöku fatlaðs fólks við lok framhaldsskóla. Á þessum tíma dvaldi ég meðal nemenda í framhaldsskóla og gerði þátttökuathuganir þar og á ráðstefnu um atvinnumál fatlaðs fólks. Gögnin greindi ég samhliða og gerði rannsóknarskýrslur og kafladrög. Vegna persónulegra aðstæðna varð síðan hlé á rannsóknarvinnunni um tveggja ára skeið.

Þegar ég síðan hóf rannsóknarvinnuna aftur haustið 2004 og tók að skoða gögn mín og afla nýrra gagna breyttist sjónarhorn mitt. Ég sá að þeir nemendur sem luku námi úr framhaldsskóla höfðu í mörgum tilfellum ekki fengið atvinnu að framhaldsskóla loknum og að margir þeirra höfðu óskir um meira nám. Því hafði ég áhuga á að kynna mér þessar óskir unga fólksins til náms og atvinnu og skoða hvaða möguleika þau höfðu til að uppfylla óskir sínar. Til að fá heildstæða mynd af þeim möguleikum sem bjóðast ungu fólki til náms að loknum framhaldsskóla sá ég að mikilvægt var að skoða Fjölmennt, einu menntastofnunina sem sinnir fullorðnu fötluðu fólki. Því taldi ég brýnt að skoða með hvaða hætti framtíðarsýn Fjölmenntar væri uppbyggð og í þeim þætti bætti ég fjórum viðmælendum við sem allir tengjast á einhvern hátt starfsemi Fjölmenntar eða stjórnkerfi.

Þegar þarna var komið í rannsóknarvinnu minni sá ég að rannsókn mín var í tveim hlutum. Annars vegar óskir unga fólksins, aðstæður þeirra og framtíðarsýn og hins vegar sýn fagfólks sem vinnur að uppbyggingu menntatilboða fyrir fatlað fólk. Í tengslum við þann hluta rannsóknarinnar sem snýr að námsókum nemenda taldi ég mikilvægt að fá sýn foreldra á aðstæður barna sinna við þau tímamót að útskrifast úr framhaldsskóla. Einnig taldi ég mikilvægt að fá raddir foreldra sem eiga börn sem ekki geta talað fyrir sig sjálf til að fá sem heildstæðasta mynd af aðstæðum ungs fatlaðs fólks. Gagnagreining fór fram samhliða og voru rannsóknarskýrslur skrifaðar, önnur um siðfræðilega nálgun í kennslu fullorðins fatlaðs fólks og hin um tengsl fullorðinsfræðslu fyrir fatlað fólk og þeirrar fullorðinsfræðslu sem stendur ófötlugu fólki til boða.

Til frekari gagnasöfnunar var leitað í skrifleg gögn um skólastarfið, s.s. námskrár starfsbrauta framhaldsskóla, lög og reglugerðir, ásamt alþjóðlegum yfirlýsingum um réttindi fatlaðs fólks til menntunar. Einnig voru þjónustusamningur, skipulagsskrá og stefnuskrá Fjölmenntar skoðaðar með það í huga að skilgreina og skilja það námsframboð sem nú er boðið upp á eða þau hlutverk sem fyrirhugað er að stofnunin sinni í framtíðinni. Mér lék forvitni á að vita hvort samræmi og samsvörun væri milli þeirra námsóska sem unga fólk hefði og þeirrar hugmyndafræði og stefnumótunar sem fram fer í tengslum við Fjölmennt. Jafnframt hafði ég hug á að velta því fyrir mér hvernig niðurstöður mínar tengjast hugmyndum innan fötlunarfræða sem byggja á félagslegri nálgun.

4.4 Þátttakendur og umfang rannsóknar

Þátttakendur í rannsókn minni voru 17 talsins, þar af voru sex fatlaðir nemendur, þrjú foreldrar, starfsmaður Atvinnu með stuðningi, þrjú kennarar og/eða starfsmenn framhaldsskóla og fjórir aðilar sem tengjast stjórnkerfi Fjölmenntar með einum eða öðrum hætti. Þeir aðilar sem ég skilgreini sem lykilþátttakendur rannsóknarinnar eru; nemendurnir sex, tveir foreldrar, einstaklingarnir fjórir sem tengjast Fjölmennt og starfsmaður Atvinnu með stuðningi. Lykilþátttakendur mínir eru því 13 talsins. Í ritgerð sem þessari eru gjarnan kynningar á einstökum þátttakendum þegar gerð hefur verið grein fyrir vali þátttakenda og tengsla rannsakenda við þátttakendur sína. Vegna þess hve

lykilþátttakendur mínir eru margir valdi ég að hafa þessa kynningu sem viðauka við ritgerðina. Þar kynni ég þau og hvernig þau tengjast viðfangsefni rannsóknarinnar (sjá viðauka).

4.4.1 Val á þátttakendum

Val á þátttakendum fór fram með nokkuð fjölbreyttum hætti. Í byrjun rannsóknar var sá framhaldsskóli valinn sem hafði unnið með starfsnám fyrir fatlaða nemendur frá því að tilmæli þar að lútandi komu frá menntamálaráðuneyti. Hann var valinn vegna þess að nokkuð stór árgangur var á fjórða ári og því hafði myndast fjölbreytt reynsla af skipulagi starfsnámsins sem fram fer á þriðja og fjórða ári starfsbrauta framhaldsskólans. Kennarar starfsbrautarinnar samþykktu að taka þátt í rannsókninni og aðstoðuðu mig við að velja nemendur og foreldra til að ræða við. Á þessum tíma hafði ég einnig samband við Atvinnu með stuðningi og ræddi við starfsmann þar um yfirfærsluna frá skóla yfir í atvinnulíf. Ég lagði áherslu á að velja þátttakendur sem höfðu mismunandi reynslu og sýn af starfsnámsþætti námsins.

Í seinni hluta rannsóknarinnar þar sem markmiðið var að skoða námsóskir og væntingar til náms lagði ég áherslu á að fá þátttakendur af báðum kynjum. Mér fannst einnig mikilvægt að þau hefðu ekki öll verið í sama framhaldsskólanum. Við valið leitaði ég aðstoðar kennara Fjölmenntar sem aðstoðuðu mig við aðgengi að þátttakendum. Ég lagði einnig áherslu á að ræða bæði við nemendur sem voru í atvinnu og án atvinnu til að fá fram ólíka reynslu varðandi menntun og starf. Nemendurnir sem ég ræddi við voru á aldrinum 22-24 ára. Í tengslum við námsóskir nemenda og möguleika þeirra til náms og starfa við lok framhaldsskóla fannst mér mikilvægt að fá fram sjónarhorn, reynslu og upplifun foreldra. Í því skyni ræddi ég við tvo foreldra sem eiga bæði syni sem stunda ólíkt nám hjá Fjölmennt. Þeir búa við ólíkar aðstæður og þurfa mjög ólíkan stuðning við nám. Annar vinnur á almennum vinnumarkaði en hinn er í dagvist á hæfingarstöð sem rekin er af Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra hluta úr degi. Við valið lagði ég áherslu á að reynsla þeirra væri ólík með tilliti til möguleika til náms og starfa sona þeirra. Í þessu tilviki nýtti ég mér reynslu mína og þekkingu af málaflokknum og valdi með tilliti til að fá sem fjölbreyttast úrtak þátttakenda.

Þegar kom að þeim þætti að skoða tilurð Fjölmenntar og þann hugmyndafræðilega bakgrunn sem liggur til grundvallar þeirri stofnun lá nokkuð ljóst fyrir hverja ég vildi ræða við. Ég lagði áherslu á að fá sjónarmið aðila úr öllum stjórnkerfum þeirrar stofnunar. Allir þátttakendur eru í lykilaðstöðu hvað varðar stefnumörkun og skipulag Fjölmenntar, hver á sínu sviði. Einn þátttakandi er í stjórn landssamtakanna Þroskahjálpar sem stóð að skipulagsskrá Fjölmenntar og upphafi stofnunarinnar, annar þátttakandi er í stjórn Fjölmenntar og einn þátttakandi er í stjórnendastöðu innan stofnunarinnar. Auk þess fannst mér mikilvægt að ræða við trúnaðarmann fatlaðra. Hann kemur að málefnum einstakra nemenda í tengslum við möguleika til náms og starfa og hefur á þann hátt tengst Fjölmennt með ráðgjöf til einstakra nemenda.

Hvað varðar aðgengi að þátttakendum sem ég skilgreini sem fagaðila og koma að stjórnskipulagi Fjölmenntar hafði ég beint samband við þau og bað þau um að taka þátt í rannsókninni. Allir tóku erindi mínu vel og voru tilbúnir að taka þátt.

4.4.2 Tengsl við þátttakendur

Tengsl mín við þátttakendur voru af margvíslegum toga. Ég þekkti nokkra af kennurum starfsbrautar framhaldsskólans þar sem ég gerði þann hluta rannsóknarinnar. Mér var tekið mjög vel í framhaldsskólanum og styrktust tengsl mín við þá sem ég þekkti og einnig kynntist ég nýju fólki sem vann við starfsbrautina. Ég hef unnið í þessum málaflokki um tveggja áratuga skeið og kannaðist því við flesta nemendur starfsbrautarinnar frá því áður. Mér fannst það gera viðtölin og þáttökuathuganir afslappaðar og þægilegar að ég þekkti aðeins til þeirra og að traust þeirra á mér var meira vegna þess að þau þekktu til mín. Nemendurna sem ég ræddi við í Fjölmennt þekki ég einnig ýmist frá því áður eða vegna veru minnar hjá þeirri stofnun. Foreldrana sem ég ræddi við þekkti ég einnig mismikið. Ég þekkti nokkuð vel tvo af viðmælendum mínum en eitt foreldri hafði ég aldrei áður hitt. Alla þátttakendur sem ég ræddi við um stjórnskipulag Fjölmenntar þekkti ég nokkuð vel. Starfsmann Atvinnu með stuðningi hafði ég hitt nokkrum sinnum áður í tengslum við starf mitt sem sérkennari í framhaldsskóla en þekkti ekki að öðru leyti.

Ég tel að það hafi haft nokkra kosti að þekkja til þátttakenda í rannsókninni. Það eykur líkurnar á að viðtöl séu óformlegri og líkari samtali. Einnig eru líkur á að hægt sé að spyrja dýpra út í hluti sem skipta máli þegar rannsakandi þekkir til viðkomandi þátttakanda eða málefni. En í sumum tilfellum getur það truflað rannsókn á þann hátt að fólk vilji ekki tjá sig um málefni sem eru á einhvern hátt viðkvæm. En þarna er fyrst og fremst um traust að ræða og því mikilvægt að rannsakandi sé tilbúinn að hlusta og skilja annarra sjónarhorn um leið og hann verður að geta skilgreint sín eigin. Eins og ég get um í kaflanum um siðfræðileg álitamál hafði ég nokkrar áhyggjur af því að ég væri of tengd rannsóknarefni mínu en að verki loknu tel ég að það hafi verið kostur. Þátttakendur sögðu mér hreinskilnislega frá upplifun sinni, reynslu og skoðunum og leitast ég við að endurspeglu frásögn þeirra. Miðað við hvað verk mitt er umfangsmikið tel ég að í gögnum mínum sé mikill fróðleikur og hægt að vinna úr þeim mun fleiri niðurstöður en ég birti hér.

4.5 Gagnasöfnun

Gagnasöfnun hófst haustið 2001 og lauk á útmánuðum vorið 2005 og voru gögnin, bæði viðtöl, rýnihópaviðtöl og þátttökuathuganir rúmlega 600 blaðsíður alls. Gagna á vettvangi var aflað með þátttökuathugunum og opnum viðtölum. Einnig var myndaður rýnihópur nemenda sem hittist tvisvar sinnum. Þátttökuathuganir voru gerðar í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, í Fjölmennt og notuð var ein þátttökuathugun sem gerð var á ráðstefnu um atvinnumál fatlaðra. Rannsóknin er vettvangsathugun og var lögð áhersla á að þátttakendur lýstu með eigin orðum lífi sínu, upplifun, skoðunum og aðstæðum. Þeir voru hvattir til að segja frá því sem skiptir þá mestu máli. Rannsóknarspurningar lágu til grundvallar viðtölunum og þátttökuathugunum. Gagna var einnig aflað úr lögum og reglugerðum sem tengjast málefnum fatlaðra og menntamálum almennt. Námskrár og áfangalýsingar starfsbrauta framhaldsskóla voru skoðaðar og greindar. Sérstök áhersla var lögð á þann þátt sem snéri að starfsnámi brautanna. Einnig voru skoðuð þau skriflegu gögn sem til eru og varða skipulag, stefnuskrá og samþykktir um Fjölmennt. Í tengslum við atvinnu fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði voru

einnig nýttar heimasíður ýmissa samtaka sem vinna á þeim vettvangi. Hér á eftir er helstu aðferðum við gagnasöfnun mína lýst.

4.5.1 Opin viðtöl

Opin viðtöl fela í sér að spurt er um þá þætti sem rannsóknin beinist að og viðmælandinn hvattur til að lýsa aðstæðum sínum og skoðunum. Leitast er við að fá þátttakendur til að lýsa því sem þeim sjálfum finnst mikilvægt. Viðtölin líkjast fremur samtali en formlegu viðtali. Í opnum viðtölum eru þátttakendur hvattir til að tala opið um líf sitt og reynslu og leitast við að fram komi hvað þeim sjálfum finnst mikilvægt (Bogdan og Biklen, 1998; Kvale, 1996). Minnislistar voru gerðir áður en farið var í viðtöl til stuðnings. Öll viðtöl voru tekin upp á segulband og afrituð nákvæmlega. Í kjölfarið voru gerðar athugasemdir rannsakanda, minnisblöð skráð og hugleiðingar skráðar í lokin. Við afritun er öllum sérnöfnum breytt þannig að ekki sé hægt að greina þátttakendur. Strax að lokinni afritun viðtala voru þau lesin vandlega og fleiri athugasemdir rannsakanda skráðar. Hófst þar hin raunverulega gagnagreining. Í rannsókn minni tóku viðtölin frá 50 mínútum og upp í 2 klukkustundir. En flest voru rúmlega ein klukkustund að lengd.

4.5.2 Þátttökuathuganir

Í þátttökuathugunum dvelja rannsakendur meðal þátttakenda til að öðlast innsýn í daglegt líf þeirra og aðstæður (Emerson, Fretz og Shaw, 1995). Með þessum aðferðum er ekki verið að fá tölfræðilegar upplýsingar heldur að öðlast aukinn skilning á aðstæðum og lífi þeirra einstaklinga sem taka þátt í rannsókninni (Strauss og Corbin, 1998). Í þessari tegund rannsóknarvinnu fer rannsakandi á vettvang og tekur þátt í lífi og starfi þeirra sem taka þátt í rannsókninni. Mikilvægt er að rannsakandi myndi tengsl við þátttakendur og byggi upp traust. Í þessu samhengi er það einnig mikilvægt að rannsakandi sé þátttakandi í starfinu, fylgist með þátttakendum og falli á eins eðlilegan hátt og hægt er inn í það umhverfi sem er til staðar (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001). Rannsakandi skráir svo niður það sem fyrir augu og eyru ber eins nákvæmlega og hægt er að heimsókn lokinni og gerir jafnframt grein fyrir sinni stöðu í ferlinu. Samtöl og samskipti eru sérstaklega mikilvæg en einnig lýsingar á aðstæðum og umhverfi og

afstöðumyndir teiknaðar til nánari upplýsinga. Allar lýsingar á aðstæðum og athöfnum eru gerðar eins nákvæmar og unnt er (Bogdan og Biklen, 1998).

Þátttökuathuganir mínar gerði ég í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og í Fjölmennt og stóðu þær frá tveimur klukkutímum upp í hálfan dag eða 5 klukkustundir. Ég gerði einnig eina stóra þátttökuathugun á ráðstefnu um atvinnumál og stóð sú athugun í alls 9 klukkustundir. Þar var umhverfið þannig að ég gat gert athugun mína og skráð niður jafnóðum. Eins og með opnu viðtölin voru athugasemdir rannsakanda skráðar eftir nákvæma afritun ásamt aðdraganda og hugleiðinga í lokin.

4.5.3 Rýnihópar

Rýnihópar eru gjarnan myndaðir með fjórum til tólf einstaklingum. Markmiðið með rýnihópum er ekki að sækjast eftir sameiginlegu álitni hópsins heldur er tilgangurinn að skoða mismunandi viðhorf og reynslu. Þetta er leið til að hlusta á fólk ræða saman og læra af því (Sóley S. Bender, 2003). Rýnihópaviðtöl eru gjarnan nýtt til að fá víðari sjónarhorn og samræður um ákveðna þætti til að dýpka skilning og þekkingu á ákveðnum efnum. Við rýnihópaviðtöl er mikilvægt að útbúin sé grind með spurningum eða atriðum sem ætlunin er að ræða. Það er mikilvægt að byrja rýnihópaviðtöl á þáttum sem eru almenns eðlis og síðan að fikra sig að kjarna viðfangsefnisins og að sérhæfðari efnum. Þó að settur sé slíkur rammi að spurningum er mikilvægt að gera sér grein fyrir að mjög líklegt er að ekki sé hægt að fylgja honum eftir. Umræðan tekur oft á sig aðra stefnu en fyrirhugað var og mikilvægt er að stjórnandi sé sveigjanlegur (Sóley S. Bender, 2003).

Stewart og Shamdasani (í Sóley S. Bender) flokka rýnihópa eftir því hvaða tilgangi þeir þjóna þ.e. að kanna, túlka, og/eða að fá staðfestingu. Í mínum rýnihóp voru fjórir einstaklingar sem allir eru nemendur í Fjölmennt. Í honum voru tveir ungir menn og tvær ungar konur. Tvö þeirra útskrifuðust árið 2002 og tvö árið 2003 úr framhaldsskóla. Ég leitaðist við að kanna skoðanir þeirra, túlka viðtölin að þeim loknum og í sumum tilfellum til að fá staðfestingu og dýpkun á hugmyndum mínum. Ég hitti hópinn tvisvar sinnum og stóð hvort viðtal í rúma klukkustund.

Tilgangur rýnihópa er gjarnan að fá upplýsingar um efni sem lítil vitneskja er til um og algengt er að í kjölfar rýnihópa séu nýttar aðrar rannsóknaraðferðir. Kostir þess að nýta rýnihópa við gagnasöfnun eru þeir að rannsakandi getur skoðað mannleg samskipti.

Með því að nota hóp eiga sér stað samskipti sem geta stuðlað að samhygð og sameiginlegum reynsluheimi. Einnig getur slíkt umhverfi stuðlað að því að einstaklingurinn opni sig og fái staðfestingu á sjálfum sér. Slík vitundarvakning getur átt sér stað meðan á rannsókn stendur eða að henni lokinni og getur stuðlað að félagslegum breytingum (Sóley S. Bender, 2003). Þannig geta slíkar umræður virkað sem valdefling fyrir þátttakendur þegar vel tekst til.

Í rannsóknum sem gerðar hafa verið með fötluðu fólki hafa rýnihópar verið nýttir við gagnasöfnun. Það hefur komið fram í mörgum þessara rannsókna að þeir sem taka þátt eflast og við það að orða skoðanir sínar, aðstæður og upplifanir og ræða þær við aðra verða þátttakendur færari um að taka ákvarðanir sem snerta þeirra eigin tilveru (Atkinsson, 2004; Guðrún Stefánsdóttir, 2004).

4.6 Greining gagna

Í eigindlegum rannsóknum fer frumgreining gagna gjarnan fram samhliða gagnasöfnun (Bogdan og Biklen, 1998; Emerson, Fretz og Shaw, 1995; Creswell, 1998). Til að gera gagnasöfnunina markvissari frumgreindi ég rannsóknargögnin samhliða gagnasöfnuninni. Að gagnasöfnun lokinni voru gögnin marglesin og dregin voru fram hugmyndir og þemu til að tryggja að niðurstöður væru skoðaðar í heild. Við þessa tegund rannsóknar reynir rannsakandi að fá sem gleggsta mynd af lífi þátttakanda og upplifun af aðstæðum sínum. Það gerir hann með því að skipuleggja og flokka gögnin, draga fram lýsingar á þemunum, munstrum eða flokkunum og búa þannig til heildstæða mynd af því hvernig upplifun þátttakenda er af ákveðnum fyrirbærum innan rannsóknarinnar.

Innan eigindlegrar aðferðafræði eru nokkrar ólíkar greiningaraðferðir. Greiningaraðferðir sem ég nýtti eru algengar aðferðir í eigindlegum rannsóknaraðferðum. Má þar nefna nálgun grundaðarar kenningar sem ég nýtti hvað mest. Grunduð kenning byggist á því að rannsakandi byrjar ekki með fyrirfram ákveðna kenningu heldur leyfir henni að spretta fram úr gögnunum (Creswell, 1998; Strauss og Corbin, 1998). Við gagnagreiningu eru notaðar nokkrar gerðir kóðunar þar sem dregin eru fram þemu og í minni rannsókn notaði ég bæði opna kóðun og öxulkóðun. Í opinni kóðun eru fundin þemu og hugtök úr gögnunum. Við öxulkóðun eru ákveðnir þættir, þemu, hugtök og

munstur sem fram koma í gögnunum samtengd og fundið samhengi þeirra (Strauss og Corbin, 1998).

Önnur algeng greiningaraðferð innan eigindlegar aðferða sem ég nýtti á mín gögn er svokölluð orðræðugreining. Orðræðugreining tekur til myndmáls, tákna og táknerfis sem skapa merkingu í texta. Sú greiningaraðferð reynir að gera fjölbreytilegri merkingu skil og að greina öll viðfangsefni textans. Þeir sem nýta orðræðugreiningu telja að merking sé ekki stöðug heldur síbreytileg og texti samanstandi af mörgum textum og orðræðum. Orðræðurnar eru samþættar og leiða meðal annars til aukins skilnings á af hverju atferli skilst stundum á ólíka vegu (Banister o.fl., 1994). Orðræðugreiningu notaði ég mest á þau skrifuðu gögn sem ég nýtti við rannsóknina svo sem námskrár, stefnuskrá og skipulagsskrár Fjölmennar og fleiri rituð gögn.

Þriðja greiningaraðferðin sem ég nýtti er túlkunarfræði (Kvale, 1996). Túlkunarfræði er gjarnan notuð við greiningu eigindlegra rannsóknargagna. Sú aðferð á uppruna sinn í bókmenntafræði og skoðar mismunandi merkingar í texta. Áhersla er lögð á tegund merkingarinnar og nýtir rannsakandi þekkingu sína til að túlka merkinguna (Kvale, 1996). Kvale lýsir túlkunarfræðilegri nálgun greininga sem túlkunarfræðihring. Hringurinn byggir á því að gögnum er safnað, settar eru fram allar túlkanir textans og merking sem ekki er augljós í textanum greind. Þessar túlkanir eru síðan prófaðar á gögnunum og ný merking kemur fram (Kvale, 1996: 46-50).

Gagnagreining á rýnihópaviðtölum er sambærileg greiningu á opnum viðtölum. Fyrsti hluti greiningar fer fram á meðan á viðtali stendur, annar hluti eru athugasemdir sem rannsakandi skráir hjá sér að loknu viðtali og þriðji hlutinn fer fram að lokinni nákvæmri afritun viðtalsins. Greiningin felst í því að draga saman gögnin og flokka þau í hugmyndir eða þemu. Krueger (1994) bendir á að áður en það er gert er mikilvægt að skoða þau af mikilli nákvæmni út frá orðanotkun, samhengi, innra samræmi, algengi atriða, styrkleika samræðna og nákvæmni í svörum (í Sóley S. Bender, 2003).

Þessar aðferðir voru nýttar jöfnum höndum á gögnin. Leitað var eftir þemum, mynstrum, lykilorðum og samlíkingum. Minnisblöð voru skráð og notuð við skýrsluskrifin. Í eigindlegri aðferðafræði kallast þessi vinnubrögð „Sífelldur samanburður“ (Bogdan og Biklen, 1998).

4.7 Takmarkanir og siðferðilegar áskoranir

Rannsóknir á sviði fötlunarfræða er tiltölulega nýtt rannsóknarsvið á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að skoða rannsóknir af þessari tegund út frá siðfræðilegu sjónarhorni. Mikilvægt er að velta fyrir sér tilgangi slíkra rannsókna fyrir þátttakendur og hvaða áhrif það hafi bæði fyrir þátttakendur sjálfa og málaflokkinn í heild sinni. Í litlu samfélagi eins og á Íslandi er mikilvægt að gæta þess að gögnin séu ópersónugreinanleg og að þátttakendur skaðist ekki af þátttöku sinni. Einnig er mikilvægt að þeir sem taki þátt séu vel upplýstir, viti um réttindi sín um meðferð gagna og að þátttakendur séu meðvitaðir um að þeir geti hætt þátttöku í rannsókn. En það er ósk þeirra sem stunda rannsóknir af þessum toga að þær verði til þess að efla umræður, varpa nýju sjónarhorni á aðstæður fólks og stuðli að bættum aðstæðum þeirra hópa samfélagsins sem rannsóknirnar beinast að (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Siðferðilegir þættir í eigindlegum rannsóknum geta verið margir. Tveir aðalþættirnir eru að þátttakendur gefi upplýst samþykki og rannsakandinn leitast við að verja þátttakendur gegn því að skaðast af þátttöku í rannsókninni. Það felst í því að nafnleynd sé tryggð, trúnaður sé virtur, virðing og samvinna við þátttakendur, ávallt sé farið með rétt mál og rannsakandi sé gögnum sínum trúr í rannsóknarskýrslum (Bogdan og Biklen, 1998).

Siðfræðilegar vangaveltur um fatlað fólk eru sérstaklega mikilvægar þar sem nýjar áherslur hafa orðið áberandi eftir að fatlað fólk fór að hafa möguleika á að tjá sig um aðstæður sínar. Ekki er svo langt síðan að það var almennt viðhorf að það þyrfti að „hafa vit fyrir“ fötluðu fólki og það þótti ófært um að tjá skoðanir sínar á lífsaðstæðum sínum. Þó rannsóknir hafi sýnt að fatlað fólk hefur mikið um líf sitt og aðstæður að segja þá eru margir enn þeirrar skoðunar að fatlaðir séu ekki færir um að taka ákvarðanir um líf sitt.

Rannsóknarefni mitt hefur verið mjög ríkt af siðfræðilegum áskorunum. Ein þeirra tengist því að dylja þá sem taka þátt. Fjölmennt er eina stofnun sinnar tegundar hér á landi og því ekki nokkur leið að fela hvaða stofnun um er að ræða. Því hef ég valið að nefna hana með réttu nafni. Það leysti einungis hluta af þeim siðfræðilega vanda sem að ég stóð frammi fyrir. Ég stóð þrátt fyrir það frammi fyrir vanda varðandi þá þátttakendur sem ég ræddi við í tengslum við þann hluta rannsóknarinnar sem snýr að stjórnskipulagi

Fjölmenntar og þeirra hagsmunasamtaka sem standa að Fjölmennt. Stöður þeirra get ég ekki dulið nema að litlu leyti og þar lá vandi minn. Þeir sem þekkja eitthvað til í þessum málaflokki gætu átt auðvelt með að rekja hverjir eiga í hlut jafnvel þó að ég noti önnur nöfn og dulkóði upplýsingar sem ég fékk hjá þeim og tengjast ákveðnum persónum eða aðstæðum. Upplýsingar um þátttakendur í þessum hluta rannsóknar eru því mun ópersónulegri en ég hefði kosið en það er gert af ráðnum hug til að þátttakendur þekkist síður.

Annar siðferðilegur vandi sem við mér blasir er tengsl mín við efnið. Rannsakendum er gjarnan ráðlagt að rannsaka ekki eigin vettvang en það er svo í mínu tilfalli. Ég þurfti því að vera sérstaklega á varðbergi gagnvart því að skoða mín eigin viðhorf og sjónarmið þannig að ég geti skilgreint hvernig mín afstaða hafði áhrif á efnisöflun og niðurstöður. Í rannsóknum af þessu tagi er tómmt mál að tala um að nokkur sem þekkir til málaflokksins geti verið skoðanalaus. Rannsakandi tekur alltaf einhverja afstöðu, aðalatriði er að vera heiðarlegur gagnvart henni og gera grein fyrir skoðunum sínum og undirbyggja þær rökum. Þessi sjálfsskoðun er mjög gagnleg og nauðsynleg hverjum rannsakanda að ganga í gegnum samhliða annarri gagnaöflun.

Í rannsókn minni tóku þátt meðal annarra fatlað fólk sem á erfitt með tjáningu í nokkrum tilfellum. Í eigindlegri aðferðafræði er lögð áhersla á að hafa opnar spurningar í viðtölum og að viðtölin líkist meira samtali en skipulögðu viðtali. Það er mín reynsla að þessari vinnu lokinni eins og margra annarra rannsakanda að ég varð að breyta spurningagerð minni þegar fólk með þroskahömlun og tjáskiptaörðugleika átti í hlut. Ég varð að spyrja styttri, skýrari og hnitmiðaðri spurninga en ég gerði í öðrum viðtölum. Svipbrigði, þagnir og líkamstjáning getur skipt meira máli en orðanna hljóðan (Booth og Booth, 1996; Guðrún Stefánsdóttir, 2003; Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001). Greining gagna getur einnig verið lengra ferli þegar fólk með þroskahömlun á í hlut og gjarnan þarf að beita fjölbreyttari greiningaraðferðum á gögnin.

4.8 Gildi rannsóknar

Mjög stutt er síðan fatlað fólk átti kost á framhaldsmenntun á Íslandi. Einungis fjórir árgangar hafa útskrifast úr framhaldsskóla að loknu fjögurra ára námi. Margir meðal

forráðamanna skólamála eru enn þeirrar skoðunar að fatlaðir nemendur eigi ekki erindi í framhaldsskóla, hvað þá í enn frekara nám að framhaldsskóla loknum. Það að rannsaka menntunarmöguleika fatlaðs fólks og sýna fram á gildi þess náms sem stendur fötluðu fólki til boða getur stuðlað að breyttu viðhorfi meðal þeirra sem stjórna skóla- og/eða endurmenntunarmálum hér á landi. Einnig er mikilvægt að skoða hvort og hvernig rannsóknir á símenntun ófatlaðs fullorðins fólks eigi sér samsvörun í möguleikum fatlaðs fólks til símenntunar hér á landi. Það getur stuðlað að því að möguleikar fatlaðs fólks aukist á þátttöku í almennum símenntunartilboðum ef vel tekst til.

Menntunartilboð fatlaðs fólks hefur að stærstum hluta verið á grunnskólastigi hingað til. Framhaldsnám fyrir fatlaða í framhaldsskólum var fyrst lögbundið árið 1996 og hefur sú framhaldsmenntun verið í mótun síðan. Ekki var til námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskólanna nema fyrir fyrstu tvö árin þar til í apríl 2005. Þetta hefur leitt til þess að sá vísir að símenntun sem fötluðum stendur til boða hefur ekki getað tekið mið af þeirri menntun sem nemendur hafa þegar lokið. Því er mikilvægt að fá sjónarmið þeirra nemenda sem fengu fjögurra ára framhaldsmenntun til að hægt sé að skipuleggja nám og gera áætlanir sem samræmast þeirra óskum. Fjölmennt stendur á tímamótum og þar fer fram mikið uppbyggingar- og skipulagsstarf og því er afar gagnlegt fyrir stofnunina að raddir þeirra sem nota þjónustuna heyrir. Í öllum skriflegum gögnum um Fjölmennt er rík áhersla lögð á atvinnutengingu náms og því mikilvægt að skoða hvernig nám og atvinna tengist í máli þátttakenda minna.

Einnig er mikilvægt að velta fyrir sér hvaða úrræði séu möguleg fyrir fatlað fólk varðandi skipulag og innihald náms að loknum framhaldsskóla, þ.e. á háskólastigi. Á sama hátt og fyrir tíu til fimmtán árum síðan þótti mörgum það hin mesta firra að fötluð ungmenni gætu stundað nám við almenna framhaldsskóla eru margir nú þeirrar skoðunar að fatlað fólk eigi ekkert erindi í menntun á háskólastigi. Það hefur löngum loðað við að háskólaumhverfið sé fyrir sterkustu námsmenn í hverjum árgangi. Þessi rannsókn og niðurstöður hennar verða vonandi innlegg í þá umræðu sem hvetur til aukinna námsmöguleika og valkosta fatlaðs fólks að framhaldsskóla loknum hvar sem það nám verður staðsett.

Mér fannst sjálfri hvað gagnlegast að velta fyrir mér síðfræðilegu þáttum þessara rannsókna og ég er þeirrar skoðunar að til að framþróun verði hvað varðar viðhorf og

virðingu í málaflokki fatlaðs fólks í víðum skilningi verði siðfræðileg umræða að vera mikið virkari og skipulagðari. Mín ósk er sú að í tengslum við siðfræðilega hluta rannsóknarinnar leiði umfjöllun þessa verkefnis um valkosti, sjálfsákvörðunarrétt, viðhorf og virðingu til meiri umræðu um þessa mikilvægu þætti og verkefnið muni því nýtast á þeim vettvangi.

Samantekt

Í þessum kafla hef ég greint frá framkvæmd rannsóknar og þeim rannsóknaraðferðum sem nýttar voru við rannsóknina. Sagt var frá þátttakendum sem tóku þátt í rannsókninni og greint var frá hvernig þeir voru valdir og tengslum mínum við þá. Auk þess lýsti ég hvernig staðið var að gagnasöfnun og gagnagreiningu. Einnig geri ég að nokkru grein fyrir helstu siðferðilegu og aðferðafræðilegu áskorunum sem ég þurfti að takast á við í tengslum við rannsóknarvinnuna. Ég greindi einnig frá því sem ég tel gildi rannsóknar sem þessarar. Kynning á hverjum og einum þátttakenda í rannsókninni fylgir með í viðauka ritgerðarinnar.

Í næstu tveim köflum mun ég greina frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst fjalla ég um aðalviðfangsefni rannsóknarinnar sem er að greina frá niðurstöðum mínum um námsóskir fatlaðra nemenda sem lokið hafa fjögurra ára námi á starfsbrautum framhaldsskóla og þeim möguleikum sem þau standa frammi fyrir. Frá því greini ég í næsta kafla. Í sjötta kafla fjalla ég svo um sóknarfæri Fjölmenntar eða ný námstækifæri sem höfðu mikið vægi í niðurstöðum mínum. Þessir tveir kaflar byggja á greiningu rannsóknargagna minna.

5. Að loknum framhaldsskóla - möguleikar og valkostir

Í þessum kafla mun ég gera grein fyrir þeim námsóskum sem nemendurnir í rannsókn minni hafa og hvaða valkostir standa þeim til boða um nám og atvinnu. Ég fjalla um aðstæður þeirra við lok framhaldsskóla, um innihald námsins sem þau stunda núna og félagslega hlið námsins. Einnig er umfjöllun um námsóskir þeirra hvað varðar samfelld nám og nám á háskólastigi.

Þessi kafli byggir að mestu á niðurstöðum úr viðtölum við ungt fatlað fólk sem hefur lokið námi á starfsbrautum tveggja framhaldsskóla á árunum 2002-2004. Tekin voru opin viðtöl og myndaður rýnihópur sem hittist tvisvar sinnum. Umræður okkar snérust fyrst og fremst um það nám sem þau hafa stundað í framhaldsskóla og eins um nám þeirra hjá Fjölmennt. Einungis einn þátttakandi hefur ekki verið á námskeiðum hjá Fjölmennt og tók ég einstaklingsviðtal við hann. Þá ræddi ég einslega við einn þátttakanda sem stundað hefur símenntun en hefur gert hlé á því námi. Við ræddum einnig þau tímamót að ljúka námi í framhaldsskóla, hvernig þau horfa til framtíðar hvað áframhaldandi nám varðar, starfsval og búsetumál. Ég greini frá sjónarmiðum foreldra og þeirri baráttu sem foreldrar hafa staðið frammi fyrir hvað varðar rétt barna þeirra til náms í framhaldsskóla ásamt því að fá sjónarmið þeirra hvað varðar framtíðaróskir að loknum framhaldsskóla. Í kaflanum nýti ég einnig niðurstöður úr viðtölum við þá sem koma að stjórnun Fjölmenntar og trúnaðarmanns fatlaðra.

5.1 Aðstæður nemenda við lok framhaldsskóla

Meðal markmiða starfsbrauta framhaldsskóla er að undirbúa nemendur undir frekara nám og/eða atvinnu að skóla loknum (Menntamálaráðuneyti, 2005). En hvernig eru aðstæður nemenda í raun hvað þetta varðar? Í rannsókn minni kom fram að aðstæður þeirra eru mjög mismunandi hvað vinnu og nám varðar. Hluti nemenda hefur dagvistarúrræði á hæfingastöðvum sem heyra undir Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra. Þeir nemendur sem ég ræddi við eru ekki í þeim hópi þannig að við lok framhaldsskóla var nokkuð óljóst hvað tæki við. Hvað nám varðar hafa útskriftarnemendur starfsbrauta framhaldsskóla

möguleika á að sækja um einstök námskeið sem Fjölmennt skipuleggur. Eins og fram kom í umfjöllun hér fyrir um Fjölmennt er reynt að koma til móts við flesta umsækjendur. Þannig að umsækjendur hafa möguleika á einu til tveimur námskeiðum ár hvert. Þrír af þátttakendum mínum sem tóku þátt í rýnihópnum hafa hlutastarf á almennum vinnumarkaði en þrír eru án atvinnu þó að fjögur ár séu liðin síðan nokkur þeirra luku námi í framhaldsskóla. Í öllum þessum tilfellum þar sem nemendurnir eru í vinnu hafa foreldrarnir haft milligöngu um atvinnuráðninguna. Gunnar sem er einn af lykilþátttakendum mínum tjáði mér að sonur sinn hefði 25% starf. Gunnar sagði um þetta:

Nei við vorum bara sjálf búin að taka ákvörðun. Hann fór þarna í viðtal [hjá Atvinnu með stuðningi]. En svo bara gerist ekkert ég bara beið ekki eftir því. Ætli ég hefði bara ekki þurft að bíða enn ef ég hefði valið það. Hann vildi þetta og ég bara tók þá ákvörðun að reyna að athuga þar. Að hann kæmist að þar, það var eiginlega ekkert annað í stöðunni. Það þýðir nú ekki að bíða eftir því að það gerist eitthvað með Atvinnu með stuðningi.

Flestir fatlaðir nemendur sem útskrifast úr framhaldsskóla og óska eftir atvinnu á almennum vinnumarkaði leggja inn umsókn hjá Atvinnu með stuðningi. Það kom fram hjá Örnú starfsmanni Atvinnu með stuðningi sem er einn af lykilþátttakendum í rannsókninni að biðlistar eftir atvinnu eru langir og því erfitt um vik að koma til móts við alla nemendur sem standa á þessum tímamótum. Því talaði Gunnar um þennan tíma þegar framhaldsskóla lauk sem mjög erfitt tímabil. Þá lauk formlegu námi og það var ekki að neinu samfelldu námi að hverfa. Foreldrar útskriftarnema voru áhyggjufullir fyrir hönd barna sinna og höfðu því samráð um úrlausnir. Um þetta sagði hann:

Varðandi atvinnu höfðu þau ekki að neinu að hverfa í reynd og það var bara eðlilegt að þau eins og aðrir hefðu möguleika á því að halda áfram námi. Fólk sem er um tvítugt hefur ýmsa möguleika. Það virðist nú bara vera þannig almennt, það gerist ekkert nema að foreldrar ýti stöðugt. Ég bara man ekki eftir að nokkurn tíma að nokkuð hafi komið öðruvísi. Að nokkur hafi sagt mér að ég ætti rétt á nokkrum hlut. Ég bara man ekki til þess að það hafi gerst. Að maður þurfi ekki að bera sig eftir björginni. Og þá var niðurstaðan sú að við fórum þarna í Fjölmennt og sóttum um sem hópur. Til að sjá hvað við gætum fengið marga tíma. Og við settum þetta upp þannig að þetta væru 15 tímar í

viku. Yrði sem sagt alla daga eftir hádegi. Þá vorum við með þessa hugmyndafræði að það væri vinna fyrir hádegi og eftir hádegi væri skóli.

Þrír af viðmælendum mínum eru hluti af þessum nemendahópi sem sækir um nám hjá Fjölmennt sem hópur með aðstoð foreldrahópsins. Eins og fram kom hjá Gunnari höfðu þau væntingar um að úr atvinnumálum rættist fljótlega en annað kom á daginn. Til að koma til móts við þann tíma sem Fjölmennt hafði ekki bolmagn til að sinna réðu foreldrarnir kennara til að sinna tveim námskeiðum án tengsla við nokkra menntastofnun. Gunnar tjáði sig þannig um stöðuna eins og hún blasti við honum sem foreldri:

Þannig að síðastliðinn vetur gekk mjög vel. Þau voru á hverjum degi í einhverju og þá fór náttúrulega að koma þarna í ljós að sum voru ekkert í vinnu, voru bara í þessu. Önnur voru á vernduðum vinnustöðum og svo enn önnur voru á almennum vinnustað. Og þau voru flest í einhverju fleiru. Þau sem ekki voru í neinni vinnu voru í tónlist eða í sundi og svo framvegis þannig að það virtist ekkert koma illa út þó að þau væru ekki í neinu öðru en þessu og svo voru önnur sem höfðu alveg fullt að gera.

Þessar tómstundir og viðbótarnám kemur til fyrir tilstuðlan foreldranna sem virðast hafa það hlutverk að búa til dagskrá á hausti hverju fyrir syni sína og dætur. Meðal annars kemur það til vegna þess að atvinna er af skornum skammti. Gunnar rökstuddi menntunarpörf þessa hóps þannig að hann taldi mikilvægt að viðhalda þeirri menntun og færni sem þau hafa þegar fengið og um leið að öðlast nýja færni. Það virðist því að nokkru leyti vera á ábyrgð foreldra að finna úrræði fyrir börn sín að loknum framhaldsskóla hvort sem um er að ræða aukið nám, félagsleg tilboð eða atvinnu. Það tímamagn sem stendur til boða hjá Fjölmennt virðist ekki mæta væntingum þeirra fötluðu ungmenna sem hafa hug á áframhaldandi námi að loknum framhaldsskóla. Tveir nemendanna sem tóku þátt í rannsókn minni stunda íþróttir hjá íþróttafélagi fatlaðra þrisvar sinnum í viku og einn nemandi hefur atvinnu í 70% starfshlutfalli og stundar þar ekki nám. Þrír þessara nemenda hafa því mikið fyrir stafni og hafa stífa dagskrá alla daga vikunnar.

Í flestum tilfellum þurfa foreldrar því að beita þrýstingi hvað varðar alla þætti við þessi tímamót að ljúka námi í framhaldsskóla. Bæði hvað varðar áframhaldandi menntun, búsetu og atvinnu. Guðbjörn sem er trúnaðarmaður fatlaðra ræddi þetta einnig og sagði að

Það væri oft undir foreldrum komið hversu mikla möguleika ungt fólk hefur. Um þetta sagði hann meðal annars:

Já það fer eftir hvað foreldrar eru kjarkmikil að prófa. En sumir þora ekki og segja bara „það þýðir ekkert að prófa þetta fyrir hann Jón minn, hann ræður aldrei við svona“. Aðrir segja bara „sko við tökum slaginn og reynum annars eitthvað annað.“ Þetta er bara svona. En að fólk hefði eitthvað svona val um stefnu, en það er í raun engin stefna þarna. Þetta er allt svo handahófskennt. Fer oft eftir því hvað foreldrar eru duglegir og hvað einstaklingarnir eru duglegir að koma sér áfram.

Guðbirni varð tíðrætt um að það vantaði fjölbreytta valkosti fyrir nemendur við þessi tímamót. Þá átti hann við að sumir þeirra sem ljúka námi í framhaldsskóla hafa ekki hug á frekara námi að sinni og vilja fara beint á vinnumarkaðinn. Aðrir hefðu áhuga á að fara í meira nám og telja sig ekki tilbúin að fara á vinnumarkaðinn. Þegar úrræðin til atvinnu og frekara náms eru jafnfá og raun ber vitni er ekki nægilegt að það eina sem til greina komi séu einstök námskeið í formi símenntunar. Því verða kröfurnar um lengd og inntak náms miklu meiri en Fjölmennt hefur bolmagn til að sinna miðað við núverandi hlutverk sitt. Gunnar sagði mér að móðir nýútskrifaðrar stúlku úr starfsbraut framhaldsskóla hefði haft samband við sig og velt fyrir sér því úrræðaleyfi sem þær stóðu frammi fyrir:

Og hvað á hún að gera? Á hún að sofa allan sólarhringinn? Á ég að gefa henni svefntöflur eða hvað á hún að gera? Hún hefur ekki vinnu og hún fékk eitt námskeið, fjóra tíma á viku eða þannig, þetta er náttúrulega ekki boðlegt fyrir tvítuga stúlku.

Það má því segja að upplifun móðurinnar hafi verið sú að dóttir hennar hefði ekki neina valkosti við útskrift úr framhaldsskóla. Sveinn er einn af þátttakendum í rýnihóp mínum og lauk hann námi úr framhaldsskóla fyrir tveim árum síðan. Sveinn stundar íþróttir hjá íþróttafélagi fatlaðra og er á tveim námskeiðum hjá Fjölmennt. Hann óskar eftir að vera í meira námi en vildi auk þess gjarnan hafa atvinnu. Hann á umsókn hjá Atvinnu með stuðningi sem ekki hefur skilað honum fastri vinnu. Hann hefur verið atvinnulaus meira og minna eftir að hann lauk námi í framhaldsskóla. Hann hefur þó unnið um nokkurra mánaða skeið. Í annað skiptið var það á starfsþjálfunarstað. Auk þess vann hann í trésmiðju um tveggja mánaða skeið. Hann sagði um þetta:

Já akkúrat. Eftir það þá var maður atvinnulaus í svólítinn tíma já ég fór í viðtal til þeirra [Atvinnu með stuðningi] einhvern tíma eftir áramót. Fékk svo vinnu hjá þeim um vorið. Já, í trésmiðju en svo hætti ég þar í júlilok. Já svo sótti ég um hér í Fjölmennt í vor svona til öryggis, til vonar og vara ... Ég hef ekki verið hér áður. Mér líst bara ljómandi vel á hvernig þetta er skipulagt og svona.

Þá daga sem hann kemur ekki á námskeið Fjölmenntar er hann heima við og hann vildi hafa meira fyrir stafni. Verkefni hans þá daga sem hann er heima við eru fá en hann sinnir að einhverju leyti heimilisstörfum. Um verkefni sín sagði hann meðal annars:

Já ég er að hjálpa til heima og svoleiðis,... tek nú sameignina svo er ég að þrifa og vaska upp og svona og ryksuga... mamma mín er að vinna allan daginn...Ég mundi vilja vera oftur [í Fjölmennt] og láta klukkuna vera lengra á daginn. Hann er svo fljótur að líða tíminn þegar skólinn er... það er þannig þegar er gaman.

Hann vildi gjarnan vera lengur í skólanum á hverjum degi og koma oftur sem bendir til þess að félagslega hafi hann þörf fyrir samveruna sem skólavistin býður upp á auk námslegra þarfa. Sunna er ein af lykilþátttakendum mínum. Hún útskrifaðist úr framhaldsskóla vorið 2003 og hefur verið á námskeiði hjá Fjölmennt síðan þá. Hún er auk þess í tilboðum sem áðurnefndur foreldrahópur stendur fyrir. Hún er ekki í vinnu en hefur alveg nóg að gera að eigin sögn. Hún er í mörgum verkefnum og er ánægð með þau:

Jú ég er í tónlist, ég er í leiklist, ég er í ensku, ég er í umræðuhóp til dæmis, það er bara fínt ... leiklistin hefur hjálpað mér voðalega mikið en ég segi það nú bara að það er fínt að vera hér. Mér finnst að það ætti að lengja tímann. Mér finnst það of stutt. Hérna bara í Fjölmennt...Já ég myndi vilja fara í meira alla dagana og hafa heimanám. En þetta er samt alveg æðislegur skóli sko æðislegt líf.

Björg stundar ekki nám í Fjölmennt um þessar mundir þar sem hún hefur fengið hækkun á starfshlutfalli sínu eins og hún hafði óskað sér. Því tók hún ákvörðun um að vinnan hefði forgang í hennar lífi og hún myndi ekki hafa tíma eða löngun til að sinna námi að svo stöddu. Þegar hún stundaði nám hjá Fjölmennt hafði hún ekki atvinnu. Hún hafði einnig skoðanir á þessu hvað varðar tímalengd á námstilboðum Fjölmenntar:

Já. Fannst það alveg út í hött. Nei nei sko en það var ekki gaman, fyrst var ég þrjá daga í viku svo fór ég bara að minnka í tvo....hina dagana var ég bara heima. Mér fannst það, mér fannst það beinlínis ekki leiðinlegt en mér fannst það allt of lítið.

Eins og hér hefur komið fram eru aðstæður nemenda við lok framhaldsskóla mismunandi. En það er ljóst að valkostir um nám og atvinnu eru ekki margir. Fatlaðir nemendur sem eru að útskrifast úr framhaldsskóla virðast ekki hafa val við þessi tímamót um nám eða atvinnu. Þau hafa val um námskeið Fjölmenntar en öllum þátttakendum í rannsókn minni fannst það námstilboð sem þau fengu allt of lítið. Það er einnig ljóst að nú þegar fötluð ungmenni hafa tækifæri til að stunda nám í framhaldsskóla þá myndast ný þörf að því námsstigi loknu.

Rannsóknir á sviði fullorðinsfræðslu benda til þess að fólk sem hefur góða undirstöðumenntun sækir sér frekar símenntun og endurmenntun á fullorðinsárum. Ef til vill má vísa til þess að þetta sé sambærilegt við það sem kom fram þar sem fjallað er um einkenni fullorðinna námsmanna að námsþarfir og löngun til náms aukist með aukinni grunnenntun (Merriam og Caffarella, 1999). Þeir ófötluðu einstaklingar sem útskrifast úr framhaldsskóla hafa val um að mennta sig á háskólastigi eða fara á atvinnumarkaðinn. Niðurstöður mínar gefa ótvírætt til kynna að þessir valkostir séu ekki til staðar þegar fatlað fólk á í hlut. Í Salamanca yfirlýsingunni sem við erum aðilar að og fjallað hefur áður verið um er gert ráð fyrir að fatlað fólk eigi rétt til menntunar umfram það sem aðrir hafa (Salamanca yfirlýsing 1995). Það viðist vera langt í land að við uppfyllum þessi ákvæði í okkar samfélagi.

Stuðningur foreldra virðist samkvæmt niðurstöðum mínum afar mikilvægur hvað varðar möguleika fatlaðra ungmenna til náms og starfa að loknum framhaldsskóla. Foreldrar hafa oft á tíðum þurft að ýta á þá lögbundnu þjónustu sem þeim og börnum þeirra ber frá barnæsku og halda því áfram þó að börn þeirra séu komin yfir tvítugt. Þar sem foreldrar eru ekki virkir í baráttu fyrir börn sín jafnvel þó að þau séu komin á fullorðinsár geta þau farið á mis við þau tilboð sem þó eru í boði. Það vekur athygli að við lok framhaldsskóla er ekki samfella frá starfsnámi framhaldsskóla yfir í atvinnu á almennum vinnumarkaði þar sem þess er óskað. Biðlistar virðast vera langir eftir atvinnu með stuðningi og hugsanlega er það ein ástæða fyrir auknum námsóskum nemenda að

atvinnu er ekki að fá. Meðal foreldra var það mikilvægt að gera dagskrá fyrir nemendurna sem myndaði heild yfir vikuna. Vinna, þar sem hún er til staðar, nám og tólmstundir þurfa að mynda heildrænt skipulag. Eins og getið var um í fyrsta kafla ritgerðarinnar er samkvæmt námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2005) gert ráð fyrir að einstaklingsáætlun um umskipti frá skóla yfir í atvinnulíf sé gerð fyrir hvern nemanda á meðan hann stundar þar nám. Þessi þáttur virðist vera skammt á veg kominn í skipulagningu og óljóst er hvernig standa skuli að þessu ferli.

5.2 Innihald náms

Í rýnihópnum ræddum um innihald þess náms sem nú stendur til boða og hvað þátttakendum fannst um það námstilboð. Einnig ræddum við aðra möguleika sem bjóðast meðal námskeiða Fjölmenntar. Þátttakendurnir sem hafa stundað nám hjá Fjölmennt voru öll sammála um að þau eru ánægð með starfsemi Fjölmenntar og það bóklega nám sem þau hafa stundað. En eins áður hefur komið fram voru þau sammála um að það væri allt of lítið nám í boði. Um innihald náms sagði Sunna:

Ég mundi vilja fá einhver verkefni í tölvuna... Já það er náttúrulega algjört æði að senda tölvupóst og svoleiðis...Mér finnst ekki nógu gott að nota bara blýantana ég vil frekar vera að pikka inn. Já og tölvurnar eru mikilvægt tæki, að læra á vefina og svona. Við erum ekki í tölvum hérna ekki ég...og enskan er líka mikilvæg. Og við vorum bara í stærðfræðiprófi í dag. Við spjörum okkur út úr því.

Þau voru öll sammála um að þeim fannst of lítil tölvukennsla og vildu gjarnan vinna íslenskuverkefni sín meira á tölvur. Hörður tók einnig þátt í rýnihópnum. Hann er einn af þeim sem útskrifaðist í fyrsta útskriftarhóp úr starfsbrautum framhaldsskóla og er að vinna í 25% starfi á bókasafni. Hann var sammála Sunnu og var ánægður með sitt skipulag. Hann er mjög ánægður með starfið sitt og hreykinn af vinnu sinni. Um nám sitt í Fjölmennt sagði hann:

Já já mér finnst það bara fínt nema þegar ég er orðinn eitthvað þreyttur sko... Já ég er í svakalega miklu sko. Já ég myndi vilja hafa aðeins meiri tölvur það er svo gaman í tölvum. Ég vil læra eitthvað í

tölvum. Svo er ég bara ánægður með íslenskuna og stærðfræðina þó að hún sé náttúrulega dálítið erfið en hún er ágæt samt.

Hörður er sammála Sunnu að það mætti vera meiri tölvukennsla innan þess náms sem hann stundar. Honum finnst mikilvægt að stunda nám með vinum sínum og sagðist þess vegna ekki vilja sækja um sérstök tölvunámskeið sem eru í boði hjá Fjölmennt. En honum fannst líka að það væri hægt að nýta tölvur meira í verkefnavinnu annarra námsgreina.

Rannveig útskrifaðist með Herði og fékk vinnu á vinnustað sem hún kynntist í starfsnámi í framhaldsskólanum þar sem hún stundaði nám. Hún vinnur alla morgna og er í hálfu starfi. Rannveig er keppniskona í sundi og stundar æfingar þrisvar til fjórum sinnum í viku. Hún er auk námsins í Fjölmennt í öðrum tilboðum með vinum sínum. Hún var ánægð með nám sitt í Fjölmennt og var sammála þeim Sunnu og Herði að hún vildi meira tölvunám. Rannveig hefur mikil samskipti við sundfélaga sína með msn kerfi á tölvunni sinni. Um nám sitt í Fjölmennt sagði hún:

Jú gaman að koma hérna í Fjölmennt og hitta krakkana. Mest að lesa og skrifa...Mikið að gera á fimmtudögum hjá mér, fyrst vinna svo fara í leiklist svo koma heim og borða.

Já og svo sund mæta klukkan 6 og ég kem heim svona klukkan hálf nú eða níu. Á sama tíma svo á miðvikudag og fimmtudag

Rannveig hefur mikið fyrir stafni og þann tíma sem rýnihópurinn hittist var hún að fara erlendis í keppnisferð. Þannig að hún var á aukaæfingum í sundi. Henni finnst mikilvægt að hún sé með vinum sínum í náminu og félagslega hlið námsins hefur mikið vægi að hennar mati. Þar er vettvangur hennar til að hitta sína skólafélaga til margra ára. Sveinn var einnig ánægður með námstilboð sitt en hefði gjarnan viljað hafa meira fyrir stafni:

Já mér finnst gaman. Það er skemmtilegt í skólanum. Já það er alveg öruggt. Ég þekki svo marga þar, en ekki í enskunn. Ég þekki nú samt nokkur, tvö eða þrjú af þeim. Það er líka gaman en þau eru eldri en ég sum já ...Já það hefur mikið að segja hverjir eru með manni í skólanum. Nei ég er sáttur við allt en það mætti vera lengri tími.

Nemendurnir í rýnihópnum voru sammála um að þeim finnst mikilvægt að læra íslensku og stærðfræði og nefndu einnig mikilvægi þess að læra ensku. Það sem þeim finnst helst

skorta á námið er meiri tölvukennsla þar sem þau öll vildu ná meiri færni. Öll hafa þau aðgang að tölvu heima hjá sér og eru nettengd þar. Einnig finnst þeim æskilegt að hafa heimanám helst á tölvutæku formi. Eins og Sunna nefndi þá finnst henni það sárlega vanta að vinna meira á tölvur. Svo notuð séu hennar orð um þetta þá sagði hún um mikilvægi tölvukennslu „já bara til að efla samskiptin við hina“.

Þeim finnst mikilvægt að læra meira í bóklegum greinum og finnst bæði gagnlegt og skemmtilegt að fara í vettvangsferðir út í samfélagið og vinna verkefni út frá því. Verkefnin þurfa að vera raunhæf og í tengslum við það sem er að gerast í samfélaginu. Þau hafa einnig lesið bókmenntir sem hafa tengst leikhúsverkum sem þau hafa séð. Það finnst þeim einnig jákvætt. Sunna talaði um bókmenntirnar og sagði:

Svo vorum við að lesa Híbyli vindanna en við lásum hana ekki alla. Hún er svo erfið og leikritið fékk alls ekki góða dóma...

Hörður talaði einnig um íslenskunámið sem honum finnst mikilvægt. Honum finnst stærðfræði einnig mikilvæg en nokkuð erfið námsgrein. Stærðfræðin hefur að nokkru leyti verið byggð upp á raunverulegum verkefnum í tengslum við peninga og verðlag. Hann tók undir með Sunnu um bókmenntir og bætti við:

Já mér finnst það skemmtilegt að vera meira í íslensku og stærðfræði. Svo erum við líka með eins og tölurnar sem er svakalega erfitt, það var próf í því. ...og skoða hvað hlutirnir kosta í búðum og margt svoleiðis. Það er líka svakalega gott að nota vasareikni því maður notar hann svo mikið, ég get ekki reiknað svona alveg í huganum.

Fyrirgefðu að ég gríp herna fram í með þetta en mér finnst betra að fá eitthvað heimanám, því mér finnst gaman að læra. Ég vil eitthvað líka að gera eitthvað heima sko.

Áhugi þeirra er einnig á mörgum öðrum sviðum. Þau hafa hugsað sér hvaða aðrar greinar þau gætu hugsað sér s.s tónlist, smíðar, snyrting og matreiðsla. Sveinn sagðist vel geta hugsað sér að vera í öðrum greinum. Hann hefur mikinn áhuga á smíðum og vissi af því að það væri ekki í boði hjá Fjölmennt vegna þess að það væri ekki húsnæði fyrir smíðastofu. Hann var búinn að kynna sér það. En það voru margar aðrar greinar sem hann gat hugsað sér og sagði um það:

Ég sótti um í tónlistinni líka mig langar að læra meira á trommurnar sem ég var einu sinni að læra á hjá Bjössa [í grunnskóla]. Ég er kannski að hugsa um að sækja um það næst. ...Já eða matreiðsluna bara, ég þarf að læra meira í því. Já ég get nú séð um mig sjálfur, ég kann svolítið að elda, það kemur fyrir að ég set upp kartöflurnar og steiki eitthvað eða svoleiðis.

Sunna hafði einnig kynnt sér starfsáætlunina vel og þegar viðtölin áttu sér stað var hún farin að bíða eftir nýrri starfsáætlun Fjölmenntar. Hún var farin að huga að því sem hún ætlaði að sækja um fyrir næsta vetur. Hún sagði um námsframboðið og valkostina sem í boði eru:

Hún er ekki komin nýja bókin. Maður bara bíður í rólegheitum og skoðar bókina vel. Já hvort það sé eitthvað við mitt hæfi ...ég vil læra meira svona að lesa og skrifa. Ég er svolítið góð í því. En það er sko foreldra, hvað á ég að segja, foreldraráð fyrir okkar hóp sem að, svo að við getum sótt um það sama. Já mér finnst að kennararnir hérna í skólanum eigi að halda fund og spyrja foreldrana líka. Það þarf að spyrja þau líka. Já við höfum náttúrulega misjafnar skoðanir.

Sunna gat hugsað sér margvísleg námskeið en var alveg sammála því að foreldrahópurinn myndi aðstoða þau við valið svo þau vinirnir gætu verið saman eins og hún sagði sjálf. Gunnar sem er annað foreldrið sem tók þátt í rannsókninni talaði einnig um að nú væru óskir nemendanna að breytast og þau farin að hafa óskir um aðrar námsleiðir. Foreldrarnir hafa haft samráð til að þrýsta á um ákveðið tímamagn en mismunandi óskir um námskeið gera það erfiðara. Um þetta atriði sagði hann:

Og svo fer maður að finna aðeins fyrir því, að við reyndum að halda hópinn og svo eru náttúrulega sumir sem að vilja gjarnan gera eitthvað annað, en við höfum verið að reyna að halda þessu til að við fáum þó þessa tíma. Hópurinn kemur saman og það er náttúrulega til að reka þetta áfram.

Hvað varðar þessa þætti er áhugavert að velta fyrir sér valkostum og sjálfsákvörðunarrétti nemenda út frá þeirri umfjöllun sem áður hefur komið fram um valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétt. Samkvæmt máli foreldra verður að mynda þrýsting á kerfið til að fá fram það sem þau telja í þessu tilfelli rétt sona sinna og dætra um nám að loknum framhaldsskóla. Þessi skortur á valkostum verður til þess að unga fólkið sem í

hlut á hefur ekki möguleika til að velja og taka eigin ákvarðanir um nám sitt. Í þessu tilfelli kemur foreldrahópur sér saman um að velja ákveðin námskeið til að nemendahópur fái að stunda nám saman og til að þrýsta á um meira tímamagn í námstilboðum. Að sjálfsögðu er öllum frjálst að taka þátt í þessu foreldrasamstarfi en þetta leiðir hugann að mikilvægi þess að fá tækifæri til að velja og að efla sjálfsákvörðunarrétt ungs fatlaðs fólks.

Einn liður í valdeflingu fatlaðs fólks felst í að það njóti þeirra réttinda að tjá tilfinningar sínar og hugsanir af sjálfsöryggi, vera fær um að taka valkostum og að taka ákvarðanir, hafa skýra vitneskju um réttindi sín og skyldur og að hafa möguleika til að gera breytingar á lífsstíl sínum (Goodley, 2000; Goodley og Armstrong, 2001; Ramcharan o.fl., 2000; Sutcliffe, 1991, 1994). Rökin fyrir sameiginlegu vali eru bæði þau að tryggja sem mestan námstíma og að með þessu fyrirkomulagi hafi vinahópur sem lengi hafi verið saman í námi tækifæri til að hittast og það sé félagslega mikilvægt. Um félagslega hlið námsins mun ég fjalla hér á eftir.

Það má segja í stuttu máli að nemendur séu ánægðir með tilboðið sem þeim býðst í Fjölmennt. Þeim finnst öllum mikilvægt að vera meira í skólanum, bæði vilja þau vera fleiri daga og lengur á degi hverjum. Þau eru ánægð með það bóklega nám sem þau stunda núna en gátu öll hugsað sér meiri tölvukennslu. Þrír nemendanna sem tóku þátt í rýnihóp mínum vildu gjarnan hafa heimanám. Í þessu sambandi má benda á, eins og fram kom um einkenni fullorðinsfræðslu, að fullorðið fólk hefur skoðanir á námi sínu og vill að það samræmist eigin námsmarkmiðum. Fullorðið fólk vill geta gert nám sitt að sjálfstýrðu námi sem það getur tengt fyrri reynslu. Fullorðnir námsmenn eiga það einnig sameiginlegt að þeir meta reynslu samnemenda sinna og samskipti við aðra þátttakendur ekki síður mikilvæga en fræðslu frá kennurum (Merriam og Caffarella, 1999; Clark og Caffarella, 1999; Maudslay og Nightingale, 2004). Tveir þátttakendur voru farnir að huga að námskeiðum af öðrum toga en bóklegu námi og voru farin að velta fyrir sér nýjum möguleikum um þátttöku á öðrum námskeiðum. Þau áttu það öll sammerkt að vera almennt séð mjög ánægð með Fjölmennt en finnst aðgengi fyrir fatlað fólk sem þarf að nota hjólastóla bágborið og strætisvagnasamgöngur erfiðar.

5.3 Félagsleg hlið náms

Nemendurnir sem tóku þátt í rýnihóp mínum voru sammála um að þeim fannst erfitt að ljúka námi í framhaldsskóla. Þau voru ánægð með þann tíma sem þau voru í framhaldsskóla og fannst að það hefði verið góður tími. Einn af þátttakendum mínum vildi hafa haft tækifæri til að vera lengur í framhaldsskóla. Henni fannst sá skóli skemmtilegur og vildi vera þar lengur. Aðrir þátttakendur vildu vera í meira námi en sáu það ekki sem kost að vera lengur í framhaldsskóla. Þegar við ræddum þessi tímamót sagði Sunna:

Já þetta var besti skólinn í heiminum, maður bara var sorgmæddur að hætta þar og ég hugsaði bara, vá ég get þetta ekki. Ég vil bara vera lengur hér.

Ein ástæðan fyrir að þeim fannst gaman í skólanum var að þau voru ánægð með námið sem þar fór fram. En þeim fannst líka gaman vegna þess að þar hittu þau vini sína sem mörg hafa haldið saman síðan þau voru í grunnskóla. Einnig fannst þeim það umhverfi að vera í námi með ófötluðum nemendum skipta máli. Þau voru á starfsbrautum þar sem nám er aðskilið frá námi annarra nemenda en þau nefndu matsalinn, frímínútur og margvíslegar félagslegar uppákomur og samveru með ófötluðum nemendum sem þeim fannst eftirminnileg. Þau sögðust hafa eignast ófatlaða vini á meðan þau voru í framhaldsskóla en enginn þeirra hélt sambandi eftir að framhaldsskóla lauk. Og þau sem höfðu verið í starfsnámi fannst það eftirminnilegt og skemmtilegt en þó mismunandi eftir vinnustöðum.

Þátttakendur í rannsókn minni voru einnig sammála um að það væri mikilvægt með hverjum þau væru í hópi í skólanum og lögðu mikla áherslu á að allur vinahópurinn hittist. Tveir nemendanna sem tóku þátt hafa verið saman í námi síðan þau voru sex ára gömul. Þau hafa áhyggjur af þeim sem detta út úr hópnunum af einhverjum ástæðum og finnst það miður þegar það gerist. Þau veltu fyrir sér mörgum nemendum sem voru með þeim í grunn- og framhaldsskóla sem ekki hafa komið á nein námskeið hjá Fjölmenn og þau virðast hafa tapað tengslum við. Þrjú af þátttakendum mínum sögðust ekki fara mikið á kvöldin en hringja í vini sína sem eru með þeim í Fjölmenn og hafa verið með þeim í skóla áður. Stúlkurnar sem voru saman í námi í framhaldsskóla eru saman í

saumaklúbb. Í grunn- og framhaldsskóla hafa myndast sterk vinatengsl í þessum hópi og þau hittast á námskeiðum hjá Fjölmennt og þau sem eru í tilboðum á vegum foreldrahópsins hittast þar einnig. Mörg eru einnig saman í tónlistarhópi sem æft hefur saman um nokkurra ára bil.

Eins og áður hefur komið fram hafa foreldrar stórt hlutverk við að útbúa skipulag í kringum þessa nemendur. Þau sem ekki eru í þeim tilboðum sem foreldrarnir skipuleggja hafa fá önnur tilboð en það sem Fjölmennt býður upp á. Einn af þátttakendum mínum er einungis í þeim tilboðum sem honum standa til boða í Fjölmennt en stundar auk þess íþróttir. Hans félagslega staða var ekki eins sterk og hinna sem höfðu verið saman í skóla svo lengi og þekktust vel. Hann hefur ekki vinnu og hefur ekki mikil samskipti við vini sína utan skóla og íþróttar. Íþróttastarfið er í flestum tilfellum seinni hluta dags og því eru dagarnir sem hann er ekki í námi sínu í Fjölmennt lengi að líða.

Það er ljóst af umræðum í rýnihópnum að nemendurnir hafa mjög góðar minningar úr framhaldsskólanum og þá ekki síst félagslega. Þau hafa myndað sterk vinatengsl sín á milli og þeim er gífurlega mikilvægt að hittast í náminu í Fjölmennt. En jafnframt tala þau um marga félagslega atburði framhaldsskóla sem þau tóku þátt í og ófatlaða vini sína sem þau áttu þar en hafa ekki náð að halda tengslum við að framhaldsskóla loknum. Þetta leiðir hugann að því hvort nám fyrir nemendur sem hafa stundað nám í framhaldsskólum ætti ekki að fara fram innan hins almenna menntakerfis og innan um ófatlað fólk. Núna eru að koma nemendur í Fjölmennt sem hafa ekki áður verið í menntastofnun sem eingöngu sinnir fötluðu fólk og hafa nokkrir nemendur hafnað því að sækja um þar sem eingöngu væri fatlað fólk í námi í Fjölmennt. Má í þessu sambandi velta því fyrir sér með tilvísun til fullrar þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu hvort það sé skref til meiri aðgreiningar fatlaðs fólks að sú eina menntun sem stendur þeim til boða að framhaldsskóla loknum sé sérstakt úrræði fyrir fatlað fólk. Innan fötlunarfræða er bent á að þarna birtist hin læknisfræðilega áhersla og verið sé markvisst að draga úr sýnileika fatlaðs fólks með því að útiloka það frá samveru með öðrum þjóðfélagsþegnum (Barnes, 1998; Thomas, 1999; Rannveig Traustadóttir, 2003, 2004). Áður hefur einnig komið fram hvernig útilokun frá félagslegu umhverfi hefur haft hamlandi áhrif á fatlað fólk og neikvæð áhrif á sjálfsmynd og valdeflingu hvers

einstaklings (Goodley, 2000; Goodley og Armstrong, 2001; Ramcharan o.fl., 2000; Sutcliffe, 1994).

Hér á eftir fjalla ég um framtíðaróskir þátttakenda minna um frekara nám. Einnig fjalla ég um tengslin milli atvinnu og áframhaldandi náms. Eins og áður hefur komið fram eru tvö af þátttakendum mínum ekki í námi um þessar mundir og fjalla ég um hvað þau segja um óskir sínar og væntingar.

5.4 Námsóskir

Eitt af því sem ég ræddi við þátttakendur voru óskir þeirra og væntingar til frekara náms. Mér fannst mikilvægt að fá fram sjónarhorn þeirra og að þau veltu fyrir sér hvernig þau vildu hafa aðstæður sínar. Spurningar mínar snérust að nokkru leyti um það hvaða óskir þau hefðu haft þessi ár sem liðin voru frá lokum framhaldsskólans. Óskir þátttakenda til frekara náms og atvinnu eru margvíslegar en þær má flokka í þrjá meginflokka.

- Óskir um áframhaldandi samfelld nám að loknum framhaldsskóla.
- Óskir um fullt starf á almennum vinnumarkaði og einstaka námskeið í símenntun að loknum vinnudegi.
- Óskir um hlutastarf á almennum vinnumarkaði (hálfan dag) og ósk um samfelld nám þar á móti.

Nemendur sem vilja samfelld nám að loknum framhaldsskóla vildu í sumum tilfellum vera lengur í framhaldsskóla eins og áður hefur komið fram. Þeim fannst gaman þar og vildu vera lengur í framhaldsskóla. Öðrum finnst greinilega nám á háskólastigi eftirsóknarvert. Það sem hefur einnig áhrif á nemendur sem hafa verið í framhaldsskólum er að þeim finnst eftirsóknarvert að vera innan um ófatlaða nemendur. Bæði foreldrar og trúnaðarmaður fatlaðra bentu á þau sjónarmið að sumir nemendur vilja ekki fara í skóla þar sem eingöngu eru fatlaðir nemendur. Þessi sjónarmið þarf því í auknum mæli að skoða með tilliti til náms á öðrum vettvangi og verða þessi sóknarfæri skoðuð nánar í næsta kafla verkefnisins.

Sigurður, einn af þátttakendum í rannsókn minni, hefur ekki sótt um nám hjá Fjölmenn og hefur ekki fengið atvinnu. Hann útskrifaðist úr framhaldsskóla vorið 2002. Hann hefur ekki viljað stunda frekara nám og er á biðlista eftir atvinnu með stuðningi.

Hann hefur mestan áhuga á bílgreinum, vill gjarnan vinna við bifvélaviðgerðir og um áframhaldandi nám sagði hann:

Já já það er öll ættin sem að ég er í. Ættin mín sko, við erum það, erum mestallir í bílunum. Pabbi minn og bróðir minn og nokkrir frændur...Læra meira, ég veit það nú ekki. Ég ætlaði sko að þegar ég væri orðinn tvítugur var ég búinn að ákveða, að ég ætla að taka meiraprófið og reyna að ná því. Þá er ég búin að ákveða að reyna að verða leigubílstjóri, pabbi minn er í því sko.

Eins og áður hefur komið fram er hlutverk foreldra mjög mikilvægt í tengslum við möguleika til náms og vinnu að framhaldsskóla loknum. Þeir nemendur sem ekki hafa styrkan stuðning aðstandenda sinna hafa fáa valkosti að framhaldsskóla loknum og Sigurður er í þeim hópi. Hann hafði ekki óskir um meira bóklegt nám að framhaldsskóla loknum og hefur ekki sótt um nám hjá Fjölmennt þó að margt standi til boða sem tengist öðrum áhugasviðum hans. Hann var í sérdeild í almennum grunnskóla og ef til vill hefur það haft áhrif á ákvörðun hans að eingöngu fatlað fólk stundar nám við Fjölmennt. Hann hefur ekki fengið atvinnu þó að hann hafi útskrifast úr framhaldsskóla árið 2002 og eigi umsókn hjá Atvinnu með stuðningi. Hann hafði hins vegar mikla löngun til að fara í ökunám. Hann sagði um þetta:

Ég held ekki að ég læri meira nei. En kannski, það er skóli já, ég þarf að fara í Mjóddina þá. Það er meiraprófið þar. Já rútan er þar. Ef maður ætlar að taka rútna þá getur maður tekið allt saman. Já en ef ég ætla, sko ég var reyndar búinn að ákveða líka að vera leigubílstjóri á veturna og eitthvað í bílunum líka og vera á rútu á sumrin.

Í dæmi Sigurðar myndi einstaklingsbundinn stuðningur við nám á almennum vettvangi gefa honum möguleika sem hann hefur ekki nú. Hann var óruggur um hvort þetta væri í raun valkostur fyrir sig. Hann var mjög hikandi þegar hann ræddi þetta og mér fannst eins og hann væri í raun að tala um óskir sem hann sjálfur hefði ekki nokkra trú að gætu í raun gengið. Björg hefur verið að vinna á leikskóla síðan hún lauk framhaldsskóla. Um sínar óskir sagði hún:

Já mig langaði að fara inn á braut sem heitir félagsþjónustubrautin. Og hún er víst svolítið erfið eða ég get ekki verið á henni, þá verður líka að hafa stúdentspróf.

Félagsþjónustubrautir eru í mörgum framhaldsskólum og veita réttindi til starfa við umönnun og aðstoð við fólk á öllum aldri. Það er því misskilningur hjá henni að til að nema á slíkum brautum þurfi stúdentspróf en hún trúði því og að þetta væri nám sem hún réði ekki við. Björg er mjög stolt af vinnunni sinni og finnst starfsfólkið alveg frábært eins og hún sagði sjálf. Sér væri svo vel tekið á vinnustaðnum. Hún sagði um vinnuna sína:

Ég er inn á deildum að aðstoða, hjálpa til, klæða út, ýmislegt svona, já mér fannst það lang skemmtilegast. Já, mér fannst það kom mér mest á óvart hvað allir voru opnir fyrir mér á leikskólanum. Tóku mér alveg eins og ég væri ekki þroskaheft. Starfsfólkið er alveg frábært.

Hún var mjög ánægð með samstarfið við starfsfólkið og hvað það hafði tekið sér vel. Björg hafði áhyggjur af því ef hún fengi ekki vinnu áfram og að hún yrði að skipta um leikskóla. En hún var búin að finna sína hillu í lífinu, leikskóli skyldi það vera. Og það kom að hennar mati ekki nein önnur vinna til greina. Björg hafði einnig velt mörgum þáttum fyrir sér um starfsemi leikskólans og nefndi það til dæmis að þar voru nokkur þroskaheft börn eins og hún sagði sjálf sem notuðu tákni með tali. Björg hafði á sínum tíma nýtt sér tákni með tali vegna talörðugleika í barnæsku og gat gripið til þeirrar þekkingar sinnar.

Hörður hafði hins vegar óskir um að vinna meira. Hann er einungis í 25% starfshlutfalli sem honum fannst heldur lítið. Hann er mjög ánægður í vinnunni og hreykinn af því sem hann gerir þar. Ef hann ætti að velja milli vinnu eða skóla þá veldi hann vinnuna að eigin sögn. En hann sagði jafnframt að hann vildi frekar vera í vinnu því það væri svo lítið nám í boði:

Mér finnst gaman að vera bæði í vinnu og skóla, því skólinn er svo stutt að mér finnst betra að vera í vinnu líka. Ég var rosalega ánægður með tímann í fyrra. Það var eitt til þrjú en núna mér finnst þetta svolítið lítið núna. Ég er mjög ánægður í vinnunni og ég geri rosalega mikið ef ég má segja frá því.

Sveinn vildi frekar vera í vinnu en námi. Hann hefur óskir um að vinna við húsasmíðar enda hafði hann verið í tengslum við nám í húsasmíðum í sínum framhaldsskóla. Hann gat vel hugsað sér meira nám í húsasmíði en hélt að það væri of erfitt nám og því ekki valkostur fyrir sig. Hann sagði um þetta:

Já ég gæti hugsað mér að læra meira kannski í húsasmíðinni ef að hún væri aðeins léttari. Ég gæti hugsað mér það en já þetta er svolítið þungt. En mig langar til að fá vinnu kannski í hlutastarfi hálfan daginn, en ég á nú að geta unnið allan daginn og tæki svo eitthvað annað námskeið stundum. Já og vinna með. Ef ég væri ekki í Fjölmenn þá vil ég vinna allan daginn ég get það alveg...Og vinna á smíðaverkstæði líka, ég væri til að gera það ...Ég talaði um að kannski lagervinna hentaði vel í viðtalinu [hjá Atvinnu með stuðningi].

Þannig að honum fannst ýmislegt koma til greina og vildi gjarnan að það tengdist áhugasviðum sínum. Rannveig var ánægð með fyrirkomulagið eins og það var hjá henni í vinnunni. Hún var ánægð með vinnuna og nefndi sérstaklega að starfsfólkið væri frábært. Sunna tók undir það því hún hafði verið á vinnustað Rannveigar í starfsnámi þegar hún var í framhaldsskólanum. En Rannveig gat vel hugsað sér að vera lengur í skólanum eftir hádegið og vildi helst vera fleiri daga. Hún vinnur alla daga fyrir hádegi og vildi gjarnan vera eftir hádegi í skólanum sagði hún: „til að hitta vini mína“. Sunna var alveg til í að vinna með Rannveigu en henni finnst samt sitjandi vinna vænlegri fyrir sig eins og hún sagði sjálf. Hún sagðist ekki geta unnið erfiða vinnu því það væri of líkamlega erfitt fyrir sig. Hún nefndi dæmi um garðyrkjuvinnuna sem svo margt fatlað fólk hefur stundað sem sumarstörf oft árum saman. Það gat hún alls ekki hugsað sér og sagði um það:

Það gengur nú bara ekki lengur, ég er alveg vaxin upp úr því að reita arfa, það geri ég bara ekki meir. Nei takk það er nóg komið af því.

Sunna vildi gjarnan vera í meira bóklegu námi „ég er bara nokkuð góð í því“ sagði hún um bóklega námið. Hún hafði áhuga á að fara í meira nám og var ekki með ákveðnar skoðanir á sínum atvinnuóskum. Henni fannst margt koma til greina og en fannst hún ekki tilbúin til að taka ákvörðun í atvinnumálum.

Eins og sjá má af þessum niðurstöðum eru óskir nemenda til náms og starfa ólíkar. Þau hafa öll áhuga á að mennta sig meira samkvæmt sínu áhugasviði. Sveinn,

Björg og Sigurður hafa hug á atvinnutengdu námi hvert á sinn hátt. Sunna og Hörður vilja gjarnan vera í meira bóklegu námi og vilja stunda formlegt nám með þeim undirbúningi sem því fylgir. Bæði nefndu að þau vilja heimanám. Rannveig vill gjarnan vera í námi að vinnudegi loknum en meira í formi símenntunar en formlegs náms. Henni finnst áhugavert að læra meira á tölvur og samskiptatækni þeim tengda. Hún nefndi það að henni finnst þau verkefni áhugaverð sem snúa að því sem efst er á baugi í samfélaginu. Í því sambandi nefndi hún vettvangsferðir á ýmsar stofnanir, sem síðan væri unnið úr í skólanum. Hún hafði ekki áhuga á að fá heimanám enda sagðist hún ekki hafa tíma til að sinna því þar sem hún stundar sundæfingar af kappi seinni hluta dags. Hennar námsóskir byggðust meira á félagslegri þörf en námslegri.

Hér á undan hefur verið fjallað um námsóskir þátttakenda og óskir þeirra um atvinnu koma skýrt fram. En þeim sem vilja vinna hefur mörgum gengið illa að fá atvinnu tengda áhugasviðum sínum. Eins og fyrr hefur komið fram hefur Dóra Bjarnason (2003) bent á að fatlaðir nemendur útskrifist úr námi með lítt seljanlega kunnáttu og séu mun líklegri til að vera án atvinnu, í láglaunastörfum eða í vinnu á vernduðum vinnustöðum með laun til málamynda. Einnig má í þessu sambandi vísa til þeirrar áherslu sem lögð er á einstaklingbundna nálgun um stuðning við fatlað fólk sem ítrekað er bent á í þeirri félagslegu nálgun innan fötlunarfræða sem getið var í fræðilega kaflanum. Hinar samfélagslegu hindranir sem fatlað fólk býr við og hefur fengið mikla umfjöllun innan breska félagslega líkansins í tengslum við fulla þátttöku í námi (Barnes, 1998; Chappell, 1998; Rannveig Traustadóttir, 2003; Oliver, 2004) birtast í máli þátttakenda minna í ríkum mæli. Má þar nefna skerta möguleika Sveins til að fá atvinnu sem tengist áhugasviði hans trésmíðum þrátt fyrir áralanga bið, óskir Bjargar um nám á félagsþjónustubraut og óskir Sigurðar um að læra á bíl.

Þar sem óskir um samfellt nám að loknum framhaldsskóla komu ítrekað fram í máli þátttakenda minna mun ég fjalla hér á eftir um þær nálganir sem fram komu um þess háttar nám.

5.4.1 Samfelld nám

Nemendurnir sem þátt tóku í rannsókninni bentu ítrekað á að þeim fannst það nám sem stóð til boða of lítið. Hörður og Sunna bentu einnig á að þau vilja stunda formlegt samfelld nám, fá heimanám og tækifæri til að standa skil á námi sínu. Ekki er boðið upp á slíkt samfelld námstilboð í starfsáætlun Fjölmenntar. Þar eru hins vegar bókleg námskeið sem eru að hluta til sérsniðin fyrir þann nemendahóp sem er að koma nýr inn á ári hverju og miðað er við að nemendur taki einu sinni (Fjölmennt, 2005). Það felur í sér bóklegt nám að hluta til og einnig fara fram kynningar á öðrum námstilboðum innan Fjölmenntar. Margir þeirra nemenda sem eru nýir nemendur hjá Fjölmennt hafa valið þessi námskeið. Báðir foreldrarnir sem eru lykilþátttakendur í rannsókninni bentu á að það væri erfiður valkostur að velja bara eitt eða tvö námskeið, það væri of lítið til að koma til móts við þær námsóskir sem nemendur hefðu. Hanna á son sem er nýútskrifaður úr framhaldsskóla og hefur hann verið nemandi hjá Fjölmennt og hún orðaði þetta þannig:

En það er líka í þessu þá þarf líka að viðhalda því sem þau hafa lært, því ef því er ekki viðhaldið þá týnist það. Þau ná einhverri færni í lestri eða notkun á tölvu eða eitthvað annað. Það þarf að viðhalda því og það þarf að vera þá einhvers konar nám til að þau geti það. Já, símenntun sem þau eiga aðgang að til að viðhalda því ásamt því að læra eitthvað nýtt.

Það er ljóst að Fjölmennt sem símenntunarstöð annar ekki námsþörfum ungs fatlaðs fólks með einstökum námskeiðum. Foreldrar hafa áhyggjur af því að sú færni og þekking sem fengist hefur í grunn- og framhaldsskóla glatist ef henni er ekki viðhaldið og hún sett í nýtt samhengi. Einnig eru önnur úrræði fá á þessum tímamótum. Nám í meira mæli en hefur hingað til hefur verið í boði er nauðsynlegur valkostur en leiða þarf hugann að hver á að skipuleggja það og í hversu miklum mæli þarf það að vera. Gunnar sem á son í námi hjá Fjölmennt talaði um þessa stefnumörkun hvað varðar áframhaldandi nám og sagði:

Og framhaldsskólinn hafði einhvern veginn miðað við það að þau færu út á vinnumarkaðinn að loknu námi. Þannig að þetta væri tveggja ára bóklegt nám og síðan tæki við starfstengt nám. En reyndin er sú að þau fá ekki neina atvinnu þannig að kostirnir eru nú ekki margir og þar fyrir utan er eðlilegt að þau séu í einhverju meira námi. Ég meina þau eiga erfitt með að læra og þau þurfa meiri tíma. Það er bara réttlátt. Aðrir nemendur eru að ljúka

framhaldsskóla á mislöngum tíma. Sumir eru sex ár að ljúka þessu. Þannig möguleika hafa þau ekki. Ég sá þetta þannig fyrir mér að ef að þetta samfellda nám yrði á vegum Fjölmenntar að þessu yrði bara skipt, það yrði einhver svona lína sem væri samfelld nám og síðan þetta tómsundanám og það yrði hægt að fara eitthvað þar á milli en sem sagt að þetta sé eins og deildaskipt starfsemi sem hægt væri að velja um.

Eins og Gunnar bendir á varðandi tímalengd náms í framhaldsskóla þá hafa nemendur í áfangaskólum möguleika á að taka nám til stúdentsprófs á mislöngum tíma. Í þessu samhengi má einnig vitna til Salamanca yfirlýsingarinnar en þar segir að sérstaklega eigi að huga að menntun fullorðins fatlaðs fólks og „það skal hafa aðgang að námi umfram aðra“ (Salamanca yfirlýsing, 1995). Því má velja fyrir sér hvort ekki væri eðlileg þróun námstilboða að framhaldsskólinn byði fötluðum nemendum upp á lengri og sveigjanlegri veru en nú er. Gunnar bendir þarna einnig á nýja möguleika í stefnumörkun Fjölmenntar. Þeir sem þess óska gætu sótt samfelld nám í einhvern ákveðinn tíma og námstilboð Fjölmenntar væri á þennan hátt deildaskipt. Annars vegar væri um áframhaldandi bóklegt nám að ræða og hins vegar einstök námskeið sem væru meira tómsundatengt námskeið.

Í þessu samhengi má benda á að í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskólanna er eitt af markmiðum með veru fatlaðra nemenda þar undirbúningur undir frekar nám (Menntamálaráðuneyti, 2005). Undir hvaða nám er verið að undirbúa nemendur þegar ekkert nám er í boði nema námskeið þau sem Fjölmennt býður upp á? Allir þátttakendur í rannsókninni voru sammála um að áframhaldandi formlegt nám að framhaldsskóla loknum vantar en skiptar skoðanir voru um hvar slíkt nám á að vera staðsett. Er það hlutverk Fjölmenntar sem símenntunarstöðvar að skipuleggja samfelld nám að framhaldsskóla loknum? Högni viðmælandi minn sem er í stjórn Þroskahjálpar fjallaði um þetta og segir svo:

Ég hef hins vegar alltaf verið með það alveg á hreinu að þetta nám ætti fyrst og fremst að vera svona námsflokkanám. Þetta ætti ekki að vera nám sem að væri framlenging af einhverju öðru námi. Þannig að framlenging framhaldsskóla í gegn um Fjölmennt ætti ekki að vera í þessu tilviki. Nei, þetta ætti ekki að vera heildstætt nám, heldur ætti þetta að vera svona námsflokkanám, tómsundanám, viðbótarnám markvisst þá, í einhverju ákveðnu hvort sem það væri starfstengt eða tómsundatengt eða ADL tengt

eða hvað, þá gæti það svo sem allvega verið en þá væri það alveg markvisst með upphaf og endi.

Þessi nálgun um samfelld nám hefur ekki verið á stefnumörkun Fjölmenntar en Magnús sem er einn af lykilþátttakendum mínum og er í stjórn Fjölmenntar tekur að hluta til undir þessar hugmyndir. Hann sagði um þetta:

Og þarna finnst mér líka með þetta fyrirbæri símenntunar miðstöðvarnar af því að þær eru stundum með formlegt nám. Þá þarf þekkingarsköpun. Og þá þarf jafnvel forkröfur og skýr markmið. Lögð áhersla á skýran árangur. Og þá þarf kannski að taka þetta námskeið áður en maður tekur eitthvað annað.... Þetta er það sem þarf. Að endurmeta, það er yfirlýst hlutverk símenntunarmiðstöðva og þar er bæði svona formlegt nám í gangi svona framhald... Og nú er loksins okkar hópur farinn að komast inn í framhaldsskólana og hvað gera allir aðrir svo? Stefna áfram. Það er stöðugt verið að bæta við sig. Ég held að það eigi að byggja upp innan þessarar stofnunar mikla þekkingu sem bæði væri þá eins og nám með stuðningi og það kerfi. Og fyrir einhverja verðum við alltaf innandyra og við sjáum það sem er innandyra sem stuðning út.

Þarna fjallar Magnús um nám með stuðningi sem var hugtak sem þátttakendum var tíðrætt var um og er eitt af þeim þeimum sem fram komu um framtíð Fjölmenntar. Það er hugtak sem notað hefur verið um einstaklingsbundinn stuðning við nám innan almenna menntakerfisins. Nám með stuðningi er hugtak sem vísar til þeirrar hugmyndafræði sem notuð er í Atvinnu með stuðningi og fjallað var um í fyrsta kafla þessa verkefnis. Hugtakið nám með stuðningi hefur komið upp í starfi Fjölmenntar og vísar til þess hóps sem gjarnan vill taka þátt í námi sem stendur almenningi til boða en hindranir af einhverjum toga standa í vegi fyrir að það nýtist nema til komi einstaklingsbundinn stuðningur. Nám af þessum toga getur verið aðstoð við að taka bílpróf, stunda líkamsræktarstöðvar eða fara á námskeið hjá öðrum símenntunarstöðvum svo eitthvað sé nefnt. Fjallað verður meira um það fyrirkomulag náms í næsta kafla.

Þessi aukna þörf á meiri menntun að framhaldsskóla loknum er augljós en óljóst er hver á að sinna henni. Um það eru skiptar skoðanir meðal þátttakenda minna. Gunnar bendir á að margir séu lengur en fjögur ár að ljúka námi í framhaldsskóla og því sé eðlilegt að fatlað fólk hafi þann möguleika að vera lengur innan framhaldsskólans.

Gunnar og Magnús benda einnig á þann möguleika að Fjölmennt sinni þessu í formi deildar sem sinnir samfelldu námi fyrir alla nemendur sem eru að útskrifast úr framhaldsskóla. Ekki er ekki gert ráð fyrir slíku samfelldu námi innar stefnumörkunar Fjölmenntar. En með tilvísun til þess hve valkostir eru fáir við lok framhaldsskóla er umræða um samfellt nám brýnt verkefni sem bíður þeirra sem skipuleggja nám fyrir fatlað fólk sem er að ljúka námi í framhaldsskólum.

Birna er ein af stjórnendum Fjölmenntar. Hún velti þessari hugmynd fyrir sér um samfellt nám og þeirri staðreynd að á ári hverju koma inn nemendur með mjög mismunandi námsþarfir sem flestir óska eftir mun meira námi en hægt er að koma til móts við. En bæði Birna og Magnús sem er í stjórn Fjölmenntar hafa áhyggjur af þeirri staðreynd að með stöðugri aukningu nemenda Fjölmenntar og þeim viðmiðunum sem hafa verið við lýði að allir sem sækja um fái að minnsta kosti eitt námskeið sé verið að draga svo úr skilvirkni náms að hún nýtist ekki sem skyldi. Um þetta sagði Birna:

Þetta er einmitt umræðan sem er innan stjórnarinnar núna. Að við séum búin að þynna þetta allt of mikið út. Ég held að það sé að mörgu leyti þannig... Þessi ofuráhersla sem er lögð á að allir eigi að fá það sama. Hvað er það eiginlega? Hvað þýðir það? Eiga ekki allir að fá eitthvað sem að gagnast þeim? Og er innihald í fyrir þá og eitthvað svoleiðis eða er markmiðið að allir fái eins? En þetta er kannski ekki nógu vel ígrundað. Það eiga allir sama rétt eins og við vorum að tala um áðan. Hver er þessi réttur? eru það réttindi að fá alltaf það sama og allir hinir? eru ekki miklu meiri réttindi að fá það sem hentar þér?

Magnús tekur undir þetta og finnst að nú þurfi að huga að þessari miklu aðsókn að Fjölmennt og hvernig eigi að bregðast við henni. Í tengslum við það finnst honum að það þurfi að huga að áframhaldandi þróun og skipulagningu á Fjölmennt sem símenntunarstofnunar. Stefnumörkunin verði að vera skýr og árangur starfsins mældur þannig að starfsemin sé í takt við námsþarfir á hverjum tíma. Um þetta sagði hann:

Og það er svo margt þarna sem þarf að gera sér grein fyrir, hverjir resúrsarnir eru. Ég er voðalega hræddur við að vatnsþynna allt. Að þetta sé eitthvað þínulítið og enginn viti í rauninni hvar við stöndum. Þegar maður talar um stefnumörkun og allar ákvarðanatökur og allt sem að lýst er yfir þar þá kemur síðan framkvæmdaráætlun. Hvernig ætlar maður að gera þetta?

Af þessum orðum Magnúsar má skilja að hann vilji leggja áherslu á að skoða starfsemi Fjölmenntar með það í huga að mæta þessum nemendahópi betur en áður hefur verið gert og endurmeta þurfi skipulag á námskeiðahaldi Fjölmenntar frá því sem verið hefur.

Þeir nemendur sem koma til náms hjá Fjölmennt og lokið hafa námi í framhaldsskóla hafa allt annan menntunarlegan bakgrunn en þeir sem eldri eru og höfðu ekki tækifæri til náms í framhaldsskóla. Við skipulagningu námstilboða þarf að taka mið af þessum breyttu aðstæðum fólks og ekki síst í félagslegu tilliti. Nemendur sem hafa lokið námi í framhaldsskóla hafa stundað nám í umhverfi með ófötludum jafnöldrum sínum og hafa óskir um meiri þátttöku innan hins almenna menntakerfis.

5.4.2 Nám á háskólastigi

Hér að framan hafa komið fram ólík sjónarhorn á samfelld nám, gildi þess fyrir nemendur og vangaveltur um hver á að sinna þessháttar námi. Innan breska félagslega líkansins hefur verið bent á hvernig samfélagið býr til hindranir sem hamla fullri samfélagslegri þátttöku fatlaðs fólks (Swain og fl., 2004). Þetta kemur hvað skýrast fram innan menntakerfisins í tengslum við nám á háskólastigi. Ekkert slíkt nám hefur verið í boði fyrir þá fötluðu nemendur sem ljúka námi úr starfsbrautum framhaldsskóla. Í umræðum okkar í rýnihópnum um skólamál snérust samræður okkar að miklu leyti um það nám sem nú stendur til boða. Sunna hafði velt þessu fyrir sér og henni lá mikið á hjarta þegar möguleikar til meira náms voru ræddir. Þegar við ræddum hvaða henni fyndist um skólamál fyrir fatlað fólk svona almennt þá sagði hún:

Já ég nefni eitt dæmi, fatlaðir eiga að ganga í háskóla. Sama þó að það sé erfitt fyrir þá. Þá geta þau bara fengið mann til að hjálpa sér. Mér finnst allt í lagi þó að það sé erfitt en maður verður að læra að komast í gegnum það. Já ég ætla að reyna að fara í háskóla og svo getur maður líka lært sjálfur. En það er eitt sem pabbi minn segir. Fyrsta sem þú verður að læra það er að verða læs. Það er sko grundvallaratriði. Voðalega er gott að vera í skóla mér finnst það besta sem ég veit.

Sunna velti fyrir sér hvort það væri ekki hægt að nota hljóðspólur við nám í háskóla þar sem hún á erfitt með lestur. Og hún horfði einnig til þess félagsskapar sem slíkt nám myndi hafa í för með sér. Hún hélt áfram að velta háskólanámi fyrir sér og sagði um það:

En svo langar mig svolítið í Kennó en ég veit að það er nú bara svona tju tju tju. Mig langar svolítið á leikskólabraut eða kennarann jafnvel ef ég væri svo dugleg. Ef að ég myndi geta það. Það væri nú alveg frábært. Það er spurning um hvað myndi henta mér best.

Sunnu fannst þetta nú nokkuð draumórakennnd löngun en hafði samt mikinn áhuga á að ræða þetta meira. Rannveig hafði ekki hugsað mikið um nám af þessum toga en fór að velta þessu fyrir sér þegar hún sá hversu áköf Sunnu var um nám af þessum toga og sagði um þetta:

Mig langar til að vera leikskólakennari og læra að passa börn. Syngja með þeim og kenna þeim að syngja.

Rannveig og Hörður höfðu farið í starfsnám í leikskóla þegar þau voru í framhaldsskóla og Rannveigu fannst það skemmtileg vinna. Því gat hún vel hugsað sér að starfa með börnum og læra eitthvað í sambandi við það starf. Hún er samt ánægð í sinni vinnu, er að eigin sögn að vinna með mjög skemmtilegu fólki og sagðist ekki hafa hugsað mikið um þetta áður.

Það var áberandi í viðræðum okkar í rýnihópnum að nemendurnir áttu erfitt með að velta fyrir sér þessum valkostum þar sem þau vissu að þetta var ekki raunverulegur valkostur og höfðu í mörgum tilfellum ekki velt þessu mikið fyrir sér. Það er jafnframt alveg ljóst að það fara ekki allir í nám á háskólastigi og má ætla að hið sama gildi einnig um fatlaða nemendur. Nám á háskólastigi er ekki valkostur sem allir geta hugsað sér en þarf engu að síður að vera í boði fyrir þá sem þess óska til að jafnræðis sé gætt. Eins og greint var frá áður hefur reynslan af háskólanámi fatlaðs fólks í Kanada og Ástralíu leitt í ljós að fagleg þekking er einungis hluti af þeim persónulega ávinningi sem fatlað fólk tilgreinir af námi sínu í háskóla. Fatlað fólk hefur orðið betur undirbúið undir atvinnu, á auðveldara með að stunda félagslíf og tómstundir, eignast vini og öðlast persónuþroska í bættri sjálfsmynd og sjálfsöryggi (Uditsky, 1988, í Gibson, 1998). Foreldrarnir sem ég ræddi við höfðu velt áframhaldandi námi fyrir sér og Gunnar var mjög áhugasamur um

nám á háskólastigi. Hann hafði jafnframt velt fyrir sér stofnun lýðháskóla sem nemendur hefðu valkosti um að loknum framhaldsskóla:

Og það er svona já það má segja svona hagnýtt nám í þessum lýðháskólum, að undirbúa þau undir að verða sjálfstæð, kannski að geta búið ein og svona gert ýmislegt praktískt. Að geta þvegið fötin sín, straujað og vera úti í náttúrunni og bara að undirbúa þau almennt undir lífið. Þessi lífsleikni bara að bjarga sér í þessum daglegu störfum...Og þá vaknaði líka þessi hugmynd um það að það væri hægt að koma einhverju slíku námi hér. Það eru ekkert allir sem að vilja vera í svona námi. Mér finnst að þegar það er komið fjögurra ára nám það þurfi að vera einhver leið áfram. Og sú leið er að koma á samfelldu námi. Og ég meina að þau hafa kannski gaman af því að vera eitthvað í vinnu en þau eru ansi ung til að vera í vinnu allan daginn.

Hugmyndir um lýðháskóla hafa átt erfitt uppdráttar í íslensku skólakerfi. Lýðháskólar hafa verið vinsæll kostur meðal annars víða á Norðurlöndum og hafa íslensk fötluð ungmenni stundað þar nám í slíkum skólum. Hanna velti þessum kosti einnig fyrir sér fyrir einhverfan son sinn og sagði um þessa hugmynd:

Nú svo er náttúrulega eitt, það er lýðháskóli. Það er náttúrulega engin lýðháskóli hér fyrir. Hugsaðu þér hvað það væri frábært. Það er þá alveg nýtt skilurðu. Lýðháskóla getur þú sniðið svona heildirænt. Þá við erum að tala um að einstaklingurinn búi þar og þá er hægt að búa til svona heildirænt skipulag. Það myndi henta einhverfum nemendum svo vel. Það er líka meiri fjölbreytni sem að vantar svo.

Foreldrarnir sjá lýðháskólahugmynd sem eftirsóttan valkost í námsframboðum fyrir syni sína og dætur. Vandinn við þá hugmynd er hversu lítill áhugi ófatlaðra ungmenna hefur verið að stunda nám í slíku kerfi hér á landi. Þannig að þó að stofnaður verði skóli sem vinnur eftir hugmyndum lýðháskóla er lykilatriði að þar stundi bæði fatlaðir og ófatlaðir nemendur nám svo að um þá samskiptan geti verið að ræða sem þykir svo eftirsóknarverð í þessari tegund menntunar.

Samantekt

Helstu þættir sem fram komu í þessum hluta rannsóknarinnar eru að valkostir eru ekki margir við lok framhaldsskóla. Hluti nemenda vill stunda áframhaldandi nám en hluti nemenda vill gjarnan fá atvinnu á almennum vinnumarkaði og stunda nám í formi einstakra námskeiða. Nemendur eru ánægð með það nám sem þeim stendur til boða en óska sér meiri námsmöguleika. Hjá nemendum sem tóku þátt í rannsókninni komu fram óskir um nám á háskólastigi. Einnig komu fram hugmyndir um lýðháskóla sem valkost fyrir ungt fólk sem byði upp á heildræna þjónustu. Það kom einnig fram að félagsleg samsetning námshópa skiptir miklu máli fyrir þessa nemendur. Hlutverk foreldra er gífurlega mikilvægt til að finna lausnir fyrir börn sín hvað nám og atvinnu varðar við lok framhaldsskóla. Vegna þessara fáu valkosta sem í boði eru má leiða líkum að því að ungt fatlað fólk hafi minni möguleika en ófatlaðir jafnaldrar þeirra til að nýta sjálfsákvörðunarrétt sinn og má leiða líkum að því að nám bygggt upp í anda sjálfsákvörðunarhópa og valdeflingar þurfi að vera í boði í meira mæli en nú er.

Það kom einnig fram í niðurstöðum að nemendur sem hafa lokið námi í almennum framhaldsskólum sakna þess félagslega umhverfis sem samvera með ófötluðu fólki býður upp á. Því má velta því fyrir sér hvort nám með stuðningi í hinu almenna símenntunarkerfi sé ekki vænlegri kostur fyrir þennan nemendahóp. Í þessu samhengi má segja að niðurstöður mínar falli að þeim áherslum sem eru innan félagslegrar nálgunar í fötlunarfræðum. Krafa fatlaðs fólks um fulla þátttöku í samfélaginu endurspeglast í skoðunum þátttakenda minna.

Í næsta kafla er fjallað um hvaða tillögur birtust í máli þátttakenda minna um framtíðarsýn í tengslum við menntun að loknum framhaldsskóla. Fjallað verður um nám með stuðningi, samstarf við aðrar símenntunarstöðvar, atvinnutengingu náms og félagslegar hliðar náms. Einnig verður skoðað hvernig nám getur verið valdeflandi fyrir fatlað fólk. Að lokum verður fjallað um sýn þátttakenda í rannsókninni um þróun Fjölmennatar sem ráðgjafarstofnunar og sú sérstaða hennar að veita heildstæða þjónustu skoðuð.

6. Sóknarfæri Fjölmenntar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þáttum sem tengjast þeim sóknarfærum Fjölmenntar sem endurtekið komu fram í niðurstöðum mínum. Fjallað verður um nám með stuðningi þar sem ítrekaðar óskir koma fram hjá þátttakendum mínum um skipulagða stefnumörkun hvað það varðar og sá þáttur er mjög mikilvægur liður í þróun samskipunar eða fullrar þátttöku. Það er skýrt í stefnumörkun Fjölmenntar að auka skuli möguleika þátttakenda til að stunda nám hjá sambærilegum símenntunarstofnunum. Fjallað verður um tengsl við aðrar símenntunarstofnanir og getið er nokkurra niðurstæðna þar að lútandi. Auk þess verður fjallað um nokkur atriði sem vert er að hafa í huga um skipulag á atvinnutengdum námskeiðum sem þátttakendur mínir lögðu áherslu á að hefði mikið gildi fyrir starfsemi menntastofnunar eins og Fjölmenntar. Einnig verður getið nokkurra þátta um nám sem sjálfsstyrkingu og fjallað verður um nám út frá félagslegum þörfum þátttakenda. Að lokum fjalla ég um heildstæða þjónustu sem var þátttakendum mínum hugleikin og þá framtíðarsýn sem fram komu um þróunarstörf og ráðgjöf innan Fjölmenntar

Þessi kafla byggir annars vegar á rituðum heimildum um Fjölmennt, þjónustusamningi sem gerður var milli eigenda Fjölmenntar og menntamálaráðuneytis, skipulagsskrá stofnunarinnar og stefnuskrá hennar. Hins vegar byggi ég niðurstöður mínar á viðtölum við aðila úr stjórnkerfi Fjölmenntar, trúnaðarmann fatlaðra og foreldra.

6.1 Nám með stuðningi

Hin nýja sýn í málefnum fatlaðra um fulla þátttöku fatlaðs fólks og aukin tilboð fyrir fatlaða í framhaldsskólum eykur kröfur fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra um samskipan í tengslum við símenntun fyrir fatlað fólk við lok náms í framhaldsskóla. Jafnframt vill hluti þátttakenda minna stunda meira nám að framhaldsskóla loknum eins og skýrt kemur fram í kaflanum hér að framan. Nám með stuðningi er ósk sem fer vaxandi og sífellt fleiri nemendur sjá nám sem aðrar menntunarstofnanir standa að og

skipuleggja æskilegan valkost en margvíslegar hindranir standa í vegi fyrir að það sé mögulegt. Nám með stuðningi getur þannig verið skipulagt á þann hátt að fatlað fólk óskar eftir námi á vegum hinna ýmsu menntastofnana sem bjóða almennum borgurum upp á menntun en hefur möguleika á að fagfólk sem hefur sérhæfingu á sviði fötlunarfræða og sérkennslu sé með persónubundna ráðgjöf og stuðning. Þessa valkosti hefur skort tilfinnanlega fyrir það unga fatlaða fólk sem nú er að útskrifast úr framhaldsskóla. Eins og fram kom meðal nemendanna sem tóku þátt í rýnihóp mínum þá söknuðu þau þess umhverfis sem vera með ófötluðum jafnöldrum hafði í för með sér.

Það viðhorf samræmist hinni nýju sýn sem fram kemur í stefnuskrá og skipulagsskrá Fjölmenntar. Í fyrsta af megingildum Fjölmenntar segir svo um jafnræði til náms fyrir fatlað fólk:

Fatlað fólk fái alla þá fræðslu, ráðgjöf og stuðning, sem getur talist sambærileg við það sem þykir sjálfsagt og nauðsynlegt að fólk fái almennt. Í þessu efni má benda á aðgengi fólks, annars vegar að háskólamenntun og hins vegar að fjölþættri fræðslu, sem tryggð er í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og gefur vinnandi fólki kost á að endurnýja sig í starfi og daglegu lífi. Jafnræði felst meðal annars í því að fatlað fólk njóti þjónustu hjá sömu aðilum og ófatlaðir eftir því sem nokkur kostur er. (Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004).

Í tengslum við þetta gildi er mikilvægt að velta fyrir sér hvernig hægt sé að koma til móts við þessa þætti í núverandi fyrirkomulagi Fjölmenntar. Þátttakendur í rannsókn minni eru sammála um að stefna þurfi markvissar að því að fatlað fólk njóti sömu möguleika og ófatlað fólk. Áður hefur verið fjallað um skort á formlegu námi á háskólastigi fyrir fatlað fólk. Hjá Fjölmennt er hins vegar farin af stað í nokkrum mæli þróun sem byggist á því að kennsla fari fram annarsstaðar en í húsnæði Fjölmenntar.

Birnu sem er ein af stjórnendum Fjölmenntar var tíðrætt um þau tilboð sem svona eru skipulögð. Þar sem best lét hafði þetta fyrirkomulag orðið til þess að nemendur fóru í kjölfarið að stunda nám hjá viðkomandi stofnun í kjölfar námsins. Má nefna sem dæmi um nám af þessum toga ökunám, nám í öðrum símenntunarstöðvum og nám sem fram fer á líkamsræktarstöðvum. Þannig námstilboðum þyrfti að fjölga að mati Birnu og það þyrfti markvissar að leita leiða til frekara samstarfs við aðrar símenntunarstofnanir. Ein leið væri til dæmis að bjóða annarri starfsemi inn í húsnæði Fjölmenntar:

Og ég held að ef við fáum tækifæri til að bjóða inn til okkar ýmissi annarri starfsemi sem þarf ekkert endilega að tengjast fötluðu fólki og gera þannig staðinn og umgjörðina svona fullorðinsmiðaðri jafnvel heldur en hún er í dag. Af því að það er bara þannig ... að koma inn í umhverfi, að vera hluti af einhverju stærra samhengi þar sem ekki endilega allt snýst um þennan málaflokk. Það einhvern veginn breytir hlutunum. Og það verður meiri svona fullorðins já, fullorðinsumhverfi og ég er að vona að okkur takist það.

Þeir nemendur sem minnsta möguleika hafa á símenntun eru oft á tíðum fólk sem hefur fengið ýmsar greiningar á unga aldri sem ekki hafa verið skilgreindar sem fatlanir. Þau búa mörg hver við mjög litla menntunarmöguleika á unglings- og fullorðinsaldri. Ungt fólk sem greinist með slíkar læknisfræðilegar skilgreiningar dettur gjarnan út úr framhaldsskólum og „þau komast ekki inn aftur“ eins og Guðbjörn trúnaðarmaður fatlaðra talaði um. Honum finnst mikilvægt að símenntunarmiðstöð eins og Fjölmennt sinni þessum hópi meira en gert hefur verið í formi stuðnings við nám. Þau séu oft á tíðum viðkvæm fyrir þeirri stimplun sem þeim finnst fylgja því að stunda nám þar sem eingöngu fatlað fólk stundar nám og námið þurfi að fara fram í öðrum menntastofnunum. Hann sér nám með stuðningi sem möguleika fyrir þennan hóp og sagði:

Þau eru svo viðkvæm fyrir að láta stimpla sig, þetta varðandi fordómanna, hvernig á að mæta þeim. Það er bara þannig að það er ástæða fyrir að þeim líður svona. Þau eru búin að lenda í svo miklu áður. Eru sjálf oft búin að lenda í fordómum. Já og vilja ekki bæta þessu ofan á. Og þá þarf að vera möguleiki á að sinna þessum störfum annarsstaðar. Og stórum hópi af okkar fólki sem við köllum fólk með þroskahömlun er fullfær um með góðum stuðningi að nýta sér önnur tilboð. Og eins og við höfum svo oft talað um þá væri það mjög spennandi verkefni fyrir Fjölmennt að vera stuðningur fyrir þetta fólk út í hin ýmsu tilboð heldur en að smala öllum þarna saman. Já ég held að það sé afturför að hópa öllum þarna saman, alla vega ekki framför.

Í sumum tilfellum má rekja brottfallið til þess að einstaklingurinn fær ekki þann stuðning við námið sem hann þarf. Þessir einstaklingar hafa oft á tíðum mjög erfiða reynslu að baki bæði námslega og félagslega úr fyrra námi. Hvað varðar þennan hóp sem Guðbjörn ræðir um má vísa til þeirrar umræðu innan fötlunarfræða um þá erfiðu upplifun fatlaðs fólks að vera stimplað fatlað eða þroskaheft eða önnur þau hugtök notuð sem hafa verið

nýtt til að skilgreina fatlað fólk samkvæmt skerðingu sinni (Rannveig Traustadóttir, 2003; Guðrún V. Stefánsdóttir 2004a). Einnig bendir Guðbjörn á að margir núverandi nemendur Fjölmenntar gætu nýtt sér nám með stuðningi ef það stæði til boða í meira mæli en nú er.

Eitt af því sem fær mikið vægi í stefnuskrá Fjölmenntar er að þeir einstaklingar sem þar stunda nám fái aukna möguleika til að stunda nám í tengslum við aðrar sambærilegar stofnanir eða að starfsemi Fjölmenntar sé ekki bundin innan veggja stofnunarinnar. Sú framtíðarsýn birtist glögglega í þrem gildum sem fjalla um þetta. Þar sem fjallað er um samskipan, fjölbreytni og fullgilda þátttöku í starfsháttum segir svo:

Leitast verði við að skipuleggja starfsemina þannig að hún verði í nánnum tengslum og samstarfi við aðra skylda starfsemi á vettvangi fullorðinsfræðslu.

Starf Fjölmenntar verði skipulagt þannig að sem mest fjölbreytni verði í markmiðum, viðfangsefnum og starfsháttum, með því meðal annars að fræðsla og önnur tilboð einskorðist ekki við það sem býðst innan stofnunarinnar.

Fjölmennt skal í öllu starfi sínu leitast við að skipuleggja þjónustu sína þannig að hún efli tengsl notandans við umhverfi sitt í starfi og daglegu lífi, hvort heldur tómstundum eða daglegu starfi (Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004).

Þessi gildi tengjast og því fjalla ég um þau samhliða. Hugmyndafræðin um samskipan eða fullgilda þátttöku í samfélaginu hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum áratugum eins og áður hefur verið getið. Lögð hefur verið áhersla á að fatlaðir nemendur á grunnskólaaldri hafi tækifæri til þess að stunda nám í sínum heimaskóla og lagalega er það réttur þeirra (Brynhildur Flóvenz, 2004; Lög um grunnskóla nr. 66/1995; Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996). Eins og áður hefur komið fram fengu fatlaðir nemendur lagalegan rétt til veru í framhaldsskóla árið 1996 (Lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996; Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum, nr. 372/1998) og því hefur hluti þeirra nemenda sem nú kemur í Fjölmennt alla sína skólagöngu verið í almennum skólum. Þessir nemendur vilja oft á tíðum ekki fara í skóla þar sem eingöngu er fatlað fólk.

Allir nemendurnir sem voru þátttakendur í minni rannsókn höfðu verið á starfsbrautum framhaldsskóla og báru því námi mjög vel söguna. Þau höfðu verið í sérskólum á grunnskólaaldri utan einn sem hafði verið í sérdeild í almennum skóla. Þau voru ánægðust með veru sína í framhaldsskóla. Hluti af þeirri skýringu var það félagslega umhverfi sem vera í almennum skóla býður upp á.

Það kom fram í máli þátttakenda minna að gera þurfi markvissa áætlun um hvernig Fjölmennt getur best komið að stuðningi við nám hjá ungu fötluðu fólki sem vill og hefur möguleika til náms hjá öðrum símenntunarstöðvum eða skólum. Ein af hindrununum sem fatlað fólk rekst á í þessu samhengi er skortur á námsefni við hæfi, skortur á einstaklingsbundnum stuðningi við námið og skortur á aðgengi. Með þeirri fagþekkingu sem starfsfólk Fjölmenntar á að hafa til að bera er þar kjörinn vettvangur til að þróa slíkan farveg. Eins og áður er getið er önnur hindrun sem fatlað fólk mætir gjarnan við veru í almennu kerfi, hvort sem um er að ræða tónlistarskóla, heilsuræktarstöðvar eða aðrar símenntunarstöðvar, hinn mikli kostnaður sem nám á slíkum stöðum felur í sér. Það bótakerfi sem fatlað fólk býr við gefur í flestum tilfellum ekki færi á slíkum kostnaðarliðum. Innan Fjölmenntar hafa nokkrir stundað nám sem skilgreina má sem nám með stuðningi. Birna, ein af stjórnendum Fjölmenntar fjallaði um þetta og sagði:

Já það er markmiðið. Og þetta erum við að gera líka í íþróttum með stuðningi. Það er þó nokkuð af fólki sem er farið að æfa bara sjálfstætt á líkamsræktarstöðvum. Og þessum hópum, getum við kannski reynt að hjálpa svolítið með svona aðferðum. Það er verið að gera svona þjónustusamninga eins og við gerum út á landi. Að símenntunarmiðstöðvarnar taki við nemendum sem hafa þessar sérstöku námsþarfir einhverra hluta vegna. Bara vegna þess að einhverra hluta vegna þurfa þeir svolítið sérstakt utanumhald. Og við getum boðið aðstoð við það og ráðgjöf.

Eins og Birna minntist á hafa símenntunarstöðvar úti á landsbyggðinni tekið að sér að halda námskeið í samstarfi við Fjölmennt sem hafa gengið vel þar sem það hefur verið reynt. Niðurstöður mínar benda til að þessa starfsemi Fjölmenntar þurfi að efla og reynt verði að koma slíkri starfsemi í ríkara mæli á hér á höfuðborgarsvæðinu. Eins og Birna benti á má þar nefna að óskir hafa komið til Fjölmenntar um persónulega aðstoð við

námskeið sem haldin eru víðs vegar í samfélaginu, svo sem vinnuvélanámskeið, óskir um aðstoð við atvinnutengt starfsnám á vegum annarra menntastofnana sem og almenna námsaðstoð. Ökunám í samstarfi við Ökukennarafélag Íslands er dæmi um slíka samvinnu Fjölmenntar og annarra námsstofnana.

6.2 Tengsl við aðrar símenntunarstöðvar

Eins og áður hefur komið fram á Fjölmennt að starfa á landsvísu. Deildir Fjölmenntar eru á Selfossi fyrir þá sem búa á Suðurlandi og deild á Akureyri fyrir Norðlendinga. Á öðrum landsvæðum hefur ekki verið boðið upp á símenntun fyrir fatlaða á vegum Fjölmenntar eða forvera hennar en samstarf við Símenntunarstöðvar á öðrum landsvæðum hefur farið vaxandi undanfarin ár. Nokkrir samstarfssamningar hafa verið gerðir og hafa gengið mjög vel. Birna fjallaði um þessa samninga og taldi að Fjölmennt þyrfti að taka meira mið af því sem vel gengur í starfseminni:

Já og þessir þjónustusamningar úti á landi eru mjög spennandi fyrirbæri. Sem að ég er mjög stolt af. En við þurfum að skoða þetta betur og gera betur grein fyrir því sem vel er gert, og læra af því. Að halda þessu saman og greina frá því sem vel er gert. Við þurfum að gera meira úr því sem gott er.

Nám hjá Fjölmennt hefur farið fram í húsnaði annarra símenntunarstofnana og hefur gengið vel en það þarf að efla samkvæmt niðurstöðum mínum. Áður hefur komið fram að samstarfssamningar hafa verið gerðir við aðrar menntastofnanir en þessa samninga þarf að efla á höfuðborgarsvæðinu. Einnig benti Birna á að sífellt fleiri hópar fatlaðs fólks sækir að Fjölmennt í von um námstilboð við sitt hæfi. Þetta leiðir hugann að því hvernig best væri að skipuleggja nám með stuðningi við aðrar stofnanir en Fjölmennt. Slík einstaklingsbundin aðstoð við nám getur staðið í langan tíma í hverju og einu tilfelli. Sá afmarkaði fjárhagur sem Fjölmennt býr við án tillits til fjölda umsækjenda setur stofnuninni skorður og því verður að forgangsraða verkefnum og gera markvissa áætlun um hvernig þessu fjármagni er best varið. Miðað við það fjármagn sem úr er að spila er ekki hægt að koma til móts við nema örlítið brot af þeim óskum sem beinast að námsaðstoð á þennan hátt. Önnur leið í átt til samskipunar og fullgildrar þátttöku sem

fram kom í máli Birnu er að bjóða starfsemi annarra símenntunarstofnana inn í það húsnæði sem Fjölmennt hefur upp á að bjóða. Birna sagði um þetta:

Og ég kemst einhvern vegin alltaf að þeirri niðurstöðu að við þurfum að hafa góða umgjörð utanum það sem við erum að gera. Og þegar við höfum gott og glæsilegt húsnæði það lyftir okkur bara, sem stofnun heilmikið upp. Það er viðurkenning og reisn sem að fylgir því að vera í góðu húsi. Og ég held að ef við fáum tækifæri til að bjóða inn til okkar ýmissi annarri starfsemi sem þarf ekkert endilega að tengjast fötluðu fólki og gera þannig staðinn og umgjörðina svona fullorðinsmiðaðri heldur en hún er í dag.

Þessi möguleiki hefur ekki verið til staðar miðað við núverandi húsnæði en fyrirhugað er að Fjölmennt fái nýtt og stærra húsnæði sem gefur möguleika til samskipunar á þennan hátt. En á hvaða hátt er hægt að koma að stuðningi á virkari hátt út í menntastofnanir samfélagsins? Varðandi Fjölmennt og hlutverkið sem stofnuninni er ætlað í tengslum við aðrar símenntunarstöðvar leiðir þetta hugann að ráðgjafarhlutverki Fjölmenntar og víðtækara fræðsluhlutverki þeirrar stofnunar eins og áður hefur verið minnst á. Til að efla möguleika fatlaðs fólks til náms hjá almennum menntunarstofnunum með persónubundnum stuðningi þarf að efla þessar símenntunarstöðvar til að geta sjálfar séð um þann stuðning sem fatlað fólk þarf við nám sitt.

Miðað við stefnuskrá Fjölmenntar er það eitt af hlutverkum þeirrar stofnunar að koma að fræðslu og ráðgjöf fyrir starfsfólk þessarra símenntunarstöðva um kennsluáðferðir, aðlögun námsefnis og námsaðstæðna og þann persónulega stuðning sem fatlað fólk þarf á að halda hver með sínu sniði. Í þessu samhengi er því mikilvægt að horfa til einkenna fullorðinsfræðslu og styrkja innri starfsemi Fjölmenntar til að taka mið af því sem gerist hjá almennum símenntunarstöðvum (Merriam og Caffarella, 1999; Sutcliffe, 1994; Sutcliffe og Jacobssen, 2001). Einnig er mikilvægt að horfa til þeirra einstaklinga sem hafa verið í sérúrræðum varðandi menntun en hafa möguleika til að nýta sér samskipan og þátttöku innan almenna menntakerfisins. Það þarf að undirbúa einstaklinginn með valdeflingu og sjálfsstyrkingu og veita honum stuðning sem hann sjálfur hefur ákvörðunarvald gagnvart (Goodley, 2000; Ramcharan og fl., 2000; Sutcliffe 1994) til að honum takist sem best upp við nýjar og ögrandi aðstæður í námi.

6.3 Atvinnutengt nám

Foreldrarnir sem tóku þátt í rannsókninni lögðu mikla áherslu á að nám af atvinnutengdum toga þyrfti að vera valkostur í ríkara mæli en nú er. Niðurstöður mínar benda til að margt fatlað fólk vinnur einhæf störf á vernduðum vinnustöðum og gjarnan sömu störf árum og jafnvel áratugum saman. Hanna, annað foreldrið sem tók þátt, lagði mikla áherslu á að þörf væri fyrir Fjölmennt að auka atvinnutengingu í námskeiðahaldi sínu. Henni fannst mikilvægt að atvinnutengingin væri ekki eingöngu í þeim tilfellum sem gerði ráð fyrir atvinnu á almennum vinnumarkaði heldur væri ekki síður mikilvægt að stuðla að bættum möguleikum á atvinnuþróun í þeim tilfellum þar sem fólk ynni á vernduðum vinnustöðum. Hún sagði um þetta:

Ég mundi vilja sjá meiri atvinnutengingu... Það sem mér finnst svo skuggalegt er að þegar fólk verður fullorðið, framhaldsskólanum lýkur, möguleikarnir eru búnir, þú ert bara komin inn á einhvern stað og það er mismunandi hvernig þeir eru, ég meina þú situr kannski á einhverjum stað og þakkar einhverjum blöðum nánast alla þína ævi, það sem eftir er og þú veist, það er svo lítið val.

Guðbjörn trúnaðarmaður fatlaðra fjallaði einnig um þennan skort á fjölbreytni í vinnubrögðum á vernduðum vinnustöðunum eða hæfingastöðvum. Hann vildi gjarnan sjá verklegu greinarnar hjá Fjölmennt mikið öflugri með þennan þátt í huga:

En hvað með verklegu greinarnar, af hverju eru þær ekki öflugri? ...Og ef við horfum á vernduðu vinnustaðina þá eru þetta mjög einhliða verkefni oft á tíðum og mætti þá ekki skoða hjá Fjölmennt að það yrði lært eitthvað nýtt þar, bara útskurður, leirbrennsla sem hægt væri að þróa áfram á vinnustöðunum. Ég tek bara sem dæmi. En það er náttúrulega mjög nauðsynlegt að Fjölmennt sé í nánum tengslum við það sem er að gerast í kring, í tengslum við aðrar stofnanir. Það er ekki nokkur vafi. Þetta myndi auka hvað á maður að segja, reynslu þeirra og fjölbreytni og allt eftir þessu, auka lífsgæðin nákvæmlega.

Guðbjörn sá fyrir sér aukið samstarf Fjölmenntar, verndaðra vinnustaða og hinna svokölluðu hæfingastöðva um meiri fjölbreytni í vinnubrögðum og verkefnum. Mörg þeirra verkefna sem fólk er að sinna þar eru einhæf og stöðluð eins og saumaskapur og

pökkun. Aukin færni í handverki getur verið mikilvæg tólmstundaiðja fyrir þá sem áhugasamir eru um handverk.

Atvinnutengd námskeið hjá Fjölmennt hafa verið skipulögð sem þjálfun fyrir starf sem ekki er hafið. Samkvæmt niðurstöðum mínum kemur í ljós að tenging út í atvinnulífið hefur ekki gengið sem skyldi. Atvinnutengd námskeið hafa verið unnin í samstarfi við Atvinnu með stuðningi og annar sú vinnumiðlun ekki eftirspurn. Niðurstöður benda því til að atvinnutengd námskeið fyrir vinnandi fólk væru þarft innlegg í atvinnumál fatlaðs fólks og Fjölmennt kjörinn vettvangur fyrir þróun slíkra námskeiða. Forsenda fyrir þannig námskeiðum er að þau séu skipulögð í tengslum við þá atvinnumiðlun sem stuðning veitir á vinnustað að mati þátttakenda minna. Það er ljóst að atvinnumál og atvinnutenging námskeiða er viðmælendum mínum mikilvægt umræðuefni.

Eins og áður hefur komið fram fær atvinnutenging náms mikið vægi í stefnuskrá Fjölmenntar og því mikilvægt að íhuga hvernig hægt væri að koma þessari gerð námskeiða markvissar inn í starfsemi Fjölmenntar. Atvinnutengd námskeið þurfa að leiða eitthvað af sér til að námið hafi gildi fyrir nemendur. Annaðhvort bætt atvinnuskilyrði eða að vinna fái í kjölfarið. En eins og Birna sagði um atvinnutengdu námskeiðin, „við viljum ekki bjóða upp á atvinnutengd námskeið sem ekki leiða til neins“. Hún sagði jafnframt um atvinnutengdu námskeiðin:

Ég er mjög neikvæð á það að búa til einhverja atvinnumiðlun hér... en þessi atvinnumál þau brenna á fötluðu fólki á Íslandi. Og það er örugglega stærsta einstaka vandamálið sem að fullorðnir fatlaðir þurfa að glíma við. Og í því ljósi ætti að vera miklu stærri hluti af okkar starfsemi ég er alveg sammála því.

Ef horft er til stefnuskrár Fjölmenntar eru miklir möguleikar á að koma til móts við margháttaðan undirbúning fyrir atvinnu hjá Fjölmennt. Atvinnutengd námskeið sem undirbúa fatlað fólk undir vinnu á almennum vinnumarkaði geta falið í sér fræðslu um; hvernig sækja á um vinnu, kaup og kjör, skatta og skyldur á vinnumarkaði, verkalýðsfélög og svo mætti lengi telja. Slík námskeið hefur Atvinna með stuðningi séð um en í of litlum mæli samkvæmt Örru starfsmanni Atvinnu með stuðningi sem var ein af lykilþátttakendum í rannsókn minni. Hún sagði um þetta:

Við vorum með námskeið. Sem sagt tókum vinnustaði og hvað breytist við það að fara út á vinnumarkaðinn. Og sömuleiðis þá tókum við réttindi og skyldur þar inni og fórum í gegnum svona almennt séð um réttindi og skyldur. Þá fórum við í gegnum laun, hvað eru laun, launauppgjör, orlof, sumarfrí, jólafrí, hvernig áunnin eru þessi réttindi og hvaða rétt hefurðu eftir þrjá mánuði til dæmis, eftir að reynslutíma lýkur og þannig. Við reyndum að fara svolítið vítt yfir það líka og fórum yfir launaseðlana. Hvað stendur á launaseðlunum hreinlega, fólk sér þarna ok ég fæ þarna þetta margar krónur en áttar sig ekkert á því sko hvað þau eru að fá laun fyrir í sjálfu sér og hvers vegna þau eru að borga skatta og hvaða áhrif þetta hefur á örorkubætur hvers vegna og hvernig.

Fjölmennt gæti verið kjörinn vettvangur fyrir slík undirbúningsnámskeið en hafa verður samvinnu við vinnumiðlanir og verkalýðsfélög til að námskeiðin hafi raunveruleg gildi. Slík námskeið má skipuleggja fyrir fólk sem er að fara út á vinnumarkað í fyrsta sinn, námskeið sem stuðla að aukinni starfsþróun á vinnustað fyrir þá sem þegar hafa fengið vinnu og fræðslu fyrir starfsfólk fyrirtækja þar sem þess er þörf. Á þennan hátt gæti samstarfið við vinnumiðlun haft þau áhrif að vinnumiðlunin hefði meiri möguleika til að efla þann stuðning sem veita þarf í sjálfu vinnuferlinu og að sinna atvinnuleit. Það er mikilvægt að námið sé undirbúið vel, eftir hugmyndafræði Atvinnu með stuðningi og sé einstaklingsmiðað fyrir hvern þátttakanda.

Miðað við yfirlýst hlutverk Fjölmenntar um ráðgjöf og fræðslu gæti jafnframt verið vettvangur í samstarfi við Atvinnu með stuðningi að sinna fræðslu til fyrirtækja og þeirra starfsmanna sem taka að sér að veita fötluðu fólki stuðning á sínum vinnustað. Setja þarf stefnu um framkvæmdir til að stuðla að markvissu samstarfi sem skilar notendum þjónustunnar árangri þannig að fleiri gætu fengið atvinnu við hæfi og stuðning sem stuðlar að framþróun í starfi. Þar sem atvinna með stuðningi hefur gengið hvað best, þar hefur stuðningurinn færst frá starfsmönnum Atvinnu með stuðningi yfir til almennra starfsmanna viðkomandi fyrirtækja. Arna fjallaði um þróunina á þessum stuðningi og hvernig hann hefur reynst best:

„Natural support“ er það kallað. Það er að efla þá þessa vinnustaði til þess að styðja við viðkomandi starfsmann eftir einhvern ákveðinn tíma þá. Og þá er þessi stuðningur líka orðinn öðruvísi kannski og meira í þá áttina í að styðja starfsfólkið til

þess að styðja starfsmanninn. Og það er eitthvað sem að maður sér fyrir sér að þurfi að koma hérna eins og annars staðar.

Einnig má hugsa sér að Fjölmennt geti skipulagt endurmenntunarnámskeið fyrir þá sem eru á vinnumarkaðnum nú þegar. Rannsóknir hafa sýnt að fatlað fólk er stöðugur vinnukraftur á almennum vinnumarkaði ef starfið er við hæfi hvers og eins. En það er hætta á að framþróun í starfi sé ekki næg og þar af leiðandi lendi fatlað fólk í einhæfum störfum eða vinni sömu störfum um langan tíma (Kristján Valdimarsson, 2003).

Það kemur skýrt fram í máli þátttakenda minna að brýnna úrlausna er þörf í atvinnumálum ungs fatlaðs fólks. Starfsbrautir framhaldsskólanna eiga samkvæmt námskrá (Menntamálaráðuneyti, 2005) að byggja seinni árin tvö á starfstengdu námi í tengslum við atvinnumiðlanir og Fjölmennt hefur þau hlutverk skilgreind samkvæmt stefnuskrá sinni að stuðla að atvinnutengdum námskeiðum. En vegna þess að þessar stofnanir eru ekki skilgreindar sem vinnumiðlanir geta þær ekki í neinum tilfellum sinnt sínu hlutverki nema vinnumiðlun fyrir fatlað fólk verði stórefld. Það má draga þá ályktun af niðurstöðum mínum að hlutverk atvinnumiðlana gagnvart starfsnámi framhaldsskóla og Fjölmennt þurfi að skilgreina nánar með það að markmiði að efla möguleika þeirra sem óska eftir vinnu á almennum vinnumarkaði. Mikilvægt er að horft sé til þess unga fólks sem útskrifast úr framhaldsskóla og kýs að hefja störf að loknu framhaldsskólanámi.

Margir halda því fram að sú mikla aðsókn sem er að Fjölmennt stafi meðal annars af því að önnur kerfi eins og atvinna og félagskerfi bregðist og að ekki sé um önnur úrræði að ræða. Birna velti þessu fyrir sér og sagði:

Þannig að þessi atvinnumál eru að ég held stóri flöskuhálsinn. Bara alveg eins og við vorum að tala um, þessi mikla aðsókn í Fjölmennt og þetta allt saman. Ég hugsa að mjög margir sem að eru í námi hjá Fjölmennt myndu frekar velja að vera í atvinnu ef þeir gætu valið.

Guðbjörn trúnaðarmaður fatlaðra er á sama máli um þessa takmörkuðu möguleika og benti hann á að samfellu vantaði milli framhaldsskóla og atvinnulífs eins og þó sé stefnt að. Oft á tíðum sé fólk að sækja um hjá Fjölmennt vegna þess að engin önnur úrræði bjóðist og sérstaklega hjá ungu fólki sem enn býr í foreldrahúsum. Hann segir um þetta:

Já og maður batt svo miklar vonir við það að það yrði einhver svona þróun, sumir vilja bara fara út að vinna eftir framhaldsskólann og það er allt í lagi með það.

Þau eru orðin tvítug og mörg búin að fá alveg nóg af skóla. Ég vildi sjá meiri árangur af þessari samfellu. Mér finnst koma alltof mikið gat eftir að framhaldsskólanum lýkur. En vegna þess að ástandið er svona að það eina sem er hægt að líta til er Fjölmennt. Og þá hugsar maður með sér til hvers? Jú það er til að pússla saman deginum í mörgum tilfellum.

Í tengslum við þessa stöðu mála á atvinnumarkaði má velta fyrir sér tengslum við hið félagslega gildisaukandi hlutverk sem Wolfensberger (Wolfensberger, 1980, 1984, 1985) skilgreinir og fram kom í fræðilega kafla verkefnisins. Sú staða að fatlað fólk er stærsti hópur atvinnulausra (Brynhildur Flóvenz, 2004; Dóra Bjarnason, 2004) eins og raunin er meðal þátttakenda minna hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd einstaklings og lamandi áhrif á sjálfsstyrk fólks. Vegna þess hve stór hluti nemenda Fjölmenntar er án atvinnu langtímum saman má velta fyrir sér hvort nám sem byggir á valdeflingu og sjálfsstyrkingu þarf ekki að hafa mikið meira vægi í starfssemi Fjölmenntar. Sutcliffe (1991, 1994) hefur bent á mikilvægi þessara þátta í öllu námi fatlaðs fólks eins og áður er getið. Um gildi náms af þeim toga fjalla ég hér á eftir.

6.4 Nám byggt upp sem sjálfsstyrking

Hin félagslega sýn í fötlunarfræðum hefur beint sjónum fólks að kjörum fatlaðs fólks og þeirri undirokun sem það hefur búið við (Barnes, 1998; Chappell, 1998; Finkelstein, 2004; Oliver, M. 2004). Eins og getið var í upphafi verkefnisins hafa fræðimenn gert rannsóknir og skrifað um kjör fatlaðs fólks. Má í því sambandi benda á skrif Wolfensberger. Hann ásamt mörgum öðrum gagnrýndi hinar stóru stofnanir þar sem fólk bjó við oft á tíðum ómanneskjulegar aðstæður (Wolfensberger, 1980, 1984, 1985). Þegar fólki fór að standa til boða að flytja út í samfélagið voru mynduð baráttusamtök sem lögðu grunninn að hugmyndafræði þeirri sem liggur að baki sjálfsákvörðunarhópunum. Í Bandaríkjunum kom hugmyndafræðin um sjálfsákvörðunarhópa fram um 1970. Í sjálfsákvörðunarhópum var takmarkið að styrkja fatlað fólk til að sannfærast um að það hefði rétt á skoðunum um líf sitt og tjá þær (Goodley, 2000). Í kringum 1990 voru slíkir sjálfsákvörðunarhópar virkir hér á landi. Hér á landi hafa slíkir hópar verið nefndir

umræðuhópar. Í kjölfar þessarar virku hópastarfsemi umræðuhópanna var Átak félag fólks með þroskahömlun stofnað árið 1993. Umræðuhóparnir voru hvati að stofnun þess félags (Aileen Svendsdóttir og Ágústa Þorvaldsdóttir, 2003; Ólafur Guðmundsson, 2003). Eins og áður var getið eru umræðuhópar samstarfsverkefni Fjölmenntar, Átaks og Þroskahjálpar. Á undanförunum árum hefur orðið samdráttur á starfsemi umræðuhópanna að því leyti að ungt fólk hefur ekki í sama mæli sótt umræðuhópa. Hins vegar hefur eldra fólk sem var í umræðuhópum hér við upphaf þeirrar starfsemi verið virkt í umræðuhópum (Nemendaskrá Fjölmenntar 2004-2005). Má velta fyrir sér hvernig standi á þessum dræma áhuga ungs fólks á umræðuhópum.

Af niðurstöðum mínum má draga þá ályktun að sjálfsstyrking og valdefling þurfa að vera ríkulegur þáttur og innbyggður í námskeið af öllum toga hjá Fjölmennt. Eins og fram kemur í fræðilega kaflanum hefur breska fræðikonan Jeanne Sutcliffe bent á að í raun þurfi öll símenntun fatlaðs fullorðins fólks að vera þannig uppbyggð að hún stuðli að aukinni valdeflingu og aukinni sjálfsstyrkingu. Valdefling eigi að vera yfirmarkmið í öllum námstilboðum (Sutcliffe, 1991, 1994; Sutcliffe og Jacobsen, 2001). Sjálfsstyrking, sjálfsákvörðun og valdefling eru hugtök sem mikið hefur verið fjallað um, sérstaklega í tengslum við rannsóknir innan fötlunarfræða. Hugmyndafræðin sem liggur að baki sjálfsákvörðunarhópunum hefur á undanförunum árum verið nýtt í tengslum við rannsóknir með fötluðu fólki á öllum aldri. Margt fólk sem sagt hefur sögu sína hefur í kjölfar slíkrar þátttöku styrkst til aukinnar samfélagslegrar þátttöku á mörgum sviðum mannlífsins (Atkinson, 2004; Atkinson og Walmsley 1999; Goodley, 2000; Goodley og Armstrong, 2001; Guðrún Stefánsdóttir, 2003, 2004; Ramcharan o.fl., 2000). Á undanförunum árum hafa verið skrifaðar bækur og greinar í kjölfar slíkra rannsókna sem fjalla um hvernig þátttaka í rannsóknum hefur virkað sjálfsstyrkjandi fyrir fatlað fólk og stuðlað að aukinni valdeflingu (Atkinson 2004, Guðrún Stefánsdóttir, 2004; Goodley 2000; Goodley og Armstrong, 2001).

Þátttakendum mínum var tíðrætt um nám af þessum toga og veltu fyrir sér hvernig hægt væri að efla starfsemi umræðuhópanna hér og um leið að vinna markvissara starf til valdeflingar og sjálfsstyrkingar með fötluðu fólki í öllu námi innan Fjölmenntar. Magnús segir í sinni umfjöllun um umræðuhópana:

Það er náttúrulega gífurlega sterkur þáttur í kennslu, það er að hjálpa hverjum og einum nemanda að gera námið hluta af sjálfum sér. Það er það sem er mest í umræðunni, þannig að umræðuhóparnir eru náttúrulega gífurlega sterkt tilboð. Það er það sem þarf að styrkja enn frekar. Það er tilboð sem er mjög menntandi fyrirbæri

Í Fjölmennt hefur eldra fólk sótt um veru í slíkum umræðuhópum og virðist sem eldra fólk sæki meira eftir að segja sögu sína og miðla reynslu sinni. Margt af því eldra fólk sem sækir í umræðuhópana hefur búið á stóru stofnununum sem voru algengasta búsetuform fyrir fatlað fólk á síðustu öld. Margir þeirra sem hvað mest óska eftir umræðuhópum fluttu á þessar stóru stofnanir strax á unga aldri. Umræðuhóparnir voru í upphafi hugsaðir sem vettvangur fyrir fólk sem átti þessa reynslu sameiginlega. Umræðuhóparnir voru hugsaðir sem valdefling til að takast á við nýjar áskoranir sem líf í samfélaginu hafði í för með sér (Ólafur Guðmundsson, 2003).

Umræðuhópar með yngra fólk eru valdefling en á annan hátt. Það vekur athygli við lestur og greiningu námskrár fyrir starfsbrautir framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2005) hve lítil áhersla er lögð á markvissa umfjöllun um félagsleg samskipti á öllum sviðum mannlífsins. Þessa er getið en miðað við mikilvægi félagslegra samskipta og valdeflingar skortir útfærslu þessara þátta í námskránni. Áður hefur verið minnst á hversu litla möguleika nemendur í framhaldsskóla hafa til að velja námskeið eða að hafa áhrif á hvað þeim er boðið upp á til náms. Þess er einungis getið á einni af þrem tegundum starfsbrauta. Ekki er gert ráð fyrir skipulögðum áföngum í tengslum við áðurnefnda færniþætti nema að mjög takmörkuðu leyti en þeir samþættir öðrum námsgreinum. Þjálfun í þessum samskiptaþáttum er einn liður í undirbúningi unglínglinga undir fullorðinsárin. Fatlaðir unglínglingar þurfa undirbúning rétt eins og aðrir hvað þessa þætti varðar en á einstaklingsbundinn hátt. Í umfjöllun minni um siðfræðilega nálgun í fræðakaflanum er fjallað um hvernig það að hafa ekki valkosti um mikilvægar ákvarðanir í lífi sínu dregur úr möguleikum til valdeflingar.

Niðurstöður mínar benda til þess að markvissa þjálfun í að segja skoðun sína, skiptast á skoðunum, hlusta á skoðanir annarra, leiðtogaþjálfun og þjálfun í félagsstörfum svo eitthvað sé nefnt, skorti tilfinnanlega í námsmöguleikum ungs fatlaðs fólks. Ungt fatlað fólk þarf ríkari þjálfun í að skiptast á skoðunum um margvísleg efni og þessi liður

þarf að vera meira ríkjandi í námsaðstæðum bæði innan framhaldsskólanna og eins í námskeiðahaldi Fjölmenntar (Menntamálaráðuneyti, 2005, Fjölmennt, 2005-2006).

6.5 Félagslegt nám - tómstundatengt nám

Hjá þátttakendum mínum sem standa að skipulagningu náms hjá Fjölmennt kom fram að nám hjá Fjölmennt þarf að vera þannig uppbyggt að það auki reynsluheim, skapi tilbreytingu og auki lífsgæði þeirra sem taka þátt. Þessi umræða hefur verið umdeild meðal þeirra sem standa að skipulagi Fjölmenntar og fram komu þær skoðanir að Fjölmennt eigi að skipuleggja sig sem framsækna skólastofnun sem stuðlar að mælanlegum árangri hvers og eins í námi. Þeir sem eru þessarar skoðunar telja að aðrir eigi að sjá um að skipuleggja félagsstarf fyrir fatlað fólk og halda því jafnframt fram að skipulagt nám eigi að fara fram hjá Fjölmennt fyrir þá sem hafa auknar námsóskir og vilja setja sér símenntunarmarkmið ýmist sjálfir eða með aðstoð sinna nánustu.

Því hafa verið skiptar skoðanir á því tilboði sem skipulagt hefur verið í samstarfi við Hitt húsið og rekið er af Íþrótt- og tómstundaráði. Það hefur ekki verið skipulagt sem eiginleg námskeið en verið nefnt klúbbastarf í starfsáætlun Fjölmenntar (Fjölmenntar 2005-2006). En í stefnu Fjölmenntar (2004) er skýrt kveðið á um þetta hlutverk Fjölmenntar og segir þar svo „Stefnunni verði framfylgt með fjölpætri og heildrænni þjónustu í formi fræðslu, ráðgjafar, stuðnings og félagsstarfa“. Einnig er lögð áhersla á þetta hlutverk í kafla um námskeiðahald og segir þar að:

Áhersla er lögð á almenna fræðslu, en einnig á fræðslu sem tengist atvinnumálum, búsetumálum, félagsstörfum, líkamsrækt og heilsueflingu, list- og verkgreinum, tómstundum og öðrum þáttum sem notendur telja miklvæga

(Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004).

Þannig að það er ljóst að bæði félagsstörf og tómstundir fá vægi í stefnumörkun stjórnar Fjölmenntar. Hins vegar er þetta hlutverk umdeilt og margir af viðmælendum mínum telja að aðsókn í símenntunartilboð Fjölmenntar sé svo mikil sem raun ber vitni vegna þess hve önnur tilboð sem fötluðu fólki standa til boða séu af skornum skammti. Högni sem er í stjórn Þroskahjálpar og einn af lykilþátttakendum mínum ræddi þennan vanda og sagði:

Já þetta kannski snýr nú að bara í raun og veru að almennum möguleikum fólks til tómstundabátttöku. Þetta verður mjög fýsilegt val að velja þetta og ég held að það sé stundum þannig að menn hafi í raun og veru kannski ekki úr mjög miklu að velja. Þá velja þeir eitthvað nám í Fjölmennt umfram það að gera ekki neitt. Ég held að ef það væri hægt að fjölga tómstundatengdum atburðum þá væri hægt að minnka ásóknina eitthvað eða að líta á það sem eitt af hlutverkum Fjölmenntar að sinna ákveðinni tómstundabátttöku.

Hins vegar er þess einnig getið í stefnuskránni að Fjölmennt eigi ekki að taka yfir annarra hlutverk eins og segir um hlutverk Fjölmenntar „Fjölmennt kemur ekki í stað annarra stofnana né tekur á sig þær skyldur sem á þeim hvíla“ (Stefnuskrá Fjölmenntar 2004). Hvaða skyldur hvíla á öðrum stofnunum hvað þetta varðar og hvað má skilgreina sem hlutverk Fjölmenntar? Þátttakendur í rannsókn minni hafa mismunandi skoðanir á þessu og koma inn á þennan þátt í starfseminni á mismunandi hátt. Magnús sem er í stjórn Fjölmenntar fjallaði um þetta:

Og þarna eru námskeið sem eru reynslumiðuð og eiga að miða við fullorðið fólk sem að er að bara að fá tilbreytingu og fá fjölbreyttari lífsreynslu. Aukin lífsgæði og allt það. Svo þurfum við að gera okkur grein fyrir hvað erum við þá? Já og mér finnst að þó að við séum að horfa á einhverja aðra möguleika þá þurfi að horfa á þetta sem skemmtilega tilbreytingu svona tómstundatilboð. Þetta óformlega nám. Er stundum bara reynslumiðuð. Það skiptir líka miklu máli, er jafnmikilvægur þáttur.

Hjá Guðbirni trúnaðarmanni fatlaðra kemur það hins vegar fram að honum finnst að Fjölmennt eigi að skilgreina sig betur sem símenntunarstofnun og sinna mest þeim sem hafa minnsta möguleika til að auðga reynsluheim sinn og að fá tilbreytingu. Þegar við ræddum þá sem mest eru fatlaðir sagði hann:

Það eru þeir sem Fjölmennt ætti kannski fyrst og fremst að sinna. Þau sem hafa minnstu möguleikana á að auðga reynsluheiminn, það er miklu meiri áreiti í þessu almenna kerfi oft og það þola þau hvað síst. Og það er þarna nokkur hópur sem þolir það ekki og þeim á náttúrulega Fjölmennt að sinna. Ég held að það sem Fjölmennt hafi liðið líka fyrir, það er að hvað er lítið um tómstundatilboð. En ég held að, jú það eru margir ánægðir þarna,

en það vantar þessa hugsun að þetta sé símenntun. Sé eitthvað sem eykur lífsgæði viðkomandi, eykur þekkingu, reynsluheiminn, eitthvað í þessa átt.

Af orðum hans má skilja að honum finnst að Fjölmennt eigi að sinna símenntun og það sé annarra hlutverk að sinna þessum tómskundatengdu námstilboðum og hlutverk Fjölmenntar sé orðið of vítt. Tómskundatengt nám getur samkvæmt Stefnuskra Fjölmenntar (2004) átt heima innan Starfsáætlunar Fjölmenntar en það kom fram í máli þátttakenda minna að þessa tegund náms þarf að skilgreina betur. Fagleg vinnubrögð eru skilyrði hvað varðar tengsl við Fjölmennt í þessu tilviki. Á Fjölmennt hvíla þær starfsskyldur að nám af hvaða toga sem það er, sé undirbúið og skipulagt, markmiðssetning sé skýr og námið metið með tilliti til hversu gagnlegt það var þeim sem það stundaði. Hanna ræddi um hversu litla möguleika sonur hennar hefði til tómskundaiðkunar og sagði um þetta:

Til dæmis Hitt húsið, já þeir eru að gera gífurlega góða hluti varðandi tómskundir. En þá eiga eins og bara sonur minn, hann hefur ekki aðgang í Hitt húsið, vegna þess að hann þarf séraðstoður og hann þarf manneskju með sér. Kannski get ég ekki sagt alveg svona en þetta er svo flókið, við reyndum það og það eru einstaklingar þarna sem þurfa mjög mikið og þá er einhver samningur í gangi í hverju tilfalli. Borgin er að greiða með, það er þá bara fyrir ákveðna einstaklinga. Þannig að það er allavega fyrir þessa einstaklinga bara Fjölmennt og sumir hafa þar bara 40 mínútur einu sinni í viku.

Fyrir nemendur sem þurfa svo mikla séraðstoð sem raun ber vitni er mikilvægt að það sé íhugað vandlega hvers eðlis námtilboðin eru sem bjóðast. Þeir sem hugsanlega þurfa mestu sérhæfinguna hafa minnstu möguleikana til að njóta tilboða bæði hvað varðar nám hjá Fjölmennt, tómskundatilboð og fjölbreytt atvinnutækifæri.

Magnús velti þessum félagslegu þáttum fyrir sér á annan hátt og nefndi félagslegan ávinning sem fólk getur haft af námskeiðum hjá Fjölmennt. Hann leit þannig á málin:

Já á meðan fólk, í símenntunarmiðstöðvum, þar er bara fólk gefið tækifæri á að efla sig á öllum sviðum lífsins. Það er alveg sama hvað þú ert að taka þar, þú getur ekkert ákveðið fyrirfram ef þú ferð á matreiðslunámskeið eða tungumálanámskeið svo kannski færðu mest út úr samskiptunum. Þú heldur alltaf áfram að þroskast og þetta gefur og styrkir. Það eru kannski bara aðrar leiðir að

markinu sem kalla fram það besta, ég tala nú ekki um bara samskiptin og félagsfærni sem þetta hefur í för með sér.

Þessi þáttur sem snýr að félagslegum þáttum, hvort sem það er á námskeiðum hjá Fjölmennt eða í klúbbastarfi í tengslum við Hitt húsið er mikilvægur. Því er mikilvægt að huga vel að samsetningu hópa með þennan félagslega þátt að markmiði. Það hlutverk Fjölmenntar að sinna félagslegum tilboðum er það hlutverk sem er hvað mikilvægast að skilgreina á markvissari hátt og að það sé ljóst hvernig Fjölmennt getur skipulagt námskeið eða félagslega auðgandi tómskundastarf. Hvað af þessu tómskundastarfi á að vera á vegum Fjölmenntar og hverju eiga aðrir sem veita fötluðu fólki þjónustu að sinna í þessu tilliti? Niðurstöður mínar benda til að mjög skiptar skoðanir eru meðal þátttakenda minna um þetta hlutverk Fjölmenntar. Til að þessi þáttur verði ekki vanræktur þarf að fara fram aukin umræða og stefnumörkun hvað hann varðar.

6.6 Heildræn þjónusta

Eins og fram hefur komið hafa nýjar hugmyndir í fötlunarfræðum haft mikil áhrif á hugmyndafræði, viðhorf og vinnubrögð í tengslum við menntun fatlaðs fólks og þátttöku þess í samfélaginu. Þeir sem aðhyllast félagslega nálgun í fötlunarfræðum hafa bent á mikilvægi þess að fatlað fólk hafi möguleika til jafns við aðra þjóðfélagsþegna og að fatlað fólk hafi möguleika til að hafa áhrif á líf sitt og störf (Barnes, 1998; Chappell, 1998; Rannveig Traustadóttir, 2003; Oliver, 2004). Bent hefur verið á að fatlað fólk sé ekki sýnilegt í samfélaginu vegna þess að því sé ekki gefið færi á að taka þátt eins og öðru fólki. Þetta hafi þau áhrif að fatlað fólk verður undirokað og hafi ekki möguleika til að takast á við fullorðinshlutverk sín hvað varðar það að taka ákvarðanir um líf sitt og aðstæður (Chappell, Goodley og Lawthom, 2001; Goodley og Armstrong, 2001; Sutcliffe, 1994)

Lögð er áhersla á að fatlað fólk hafi möguleika til þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra. Því má velta fyrir sér hvort menntastofnun eins og Fjölmennt á rétt á sér eða á menntun fatlaðra að fara einvörðungu fram í hinu almenna símenntunarkerfi. Með það í huga þarf að huga að einkennum fullorðinsfræðslu og hvað það er sem greinir Fjölmennt frá öðrum slíkum menntastofnunum. Er hægt að breyta og efla starfsemi Fjölmenntar

þannig að þeir sem stunda þar nám eigi þann valkost að stunda nám hjá öðrum símenntunarstofnunum?

Eins og áður er getið eru megingildi Fjölmenntar birt í Stefnuskrá hennar og eiga þau að leiða starfsemina. Í einu af megingildum Fjölmenntar er fjallað um virðingu og þar birtist einnig áherslan á þá heildrænu þjónustu sem lögð er mikil áhersla á í Stefnuskránni:

Fjölmennt tryggir einstaklingsmiðaða, heildræna og sveigjanlega þjónustu, sem byggist á markvissu samstarfi við notandann og þá aðila sem best þekkja lífssýn hans, þarfir og áhugamál. Þess verði gætt að starfsemi, sem Fjölmennt skipuleggur, falli vel að öðru starfi þeirra, sem þjónustuna nýta (Stefnuskrá Fjölmenntar, 2004).

Þessi hugmynd að veita heildræna þjónustu gefur tilefni til meira samstarfs við aðra aðila sem tengjast nemendum á námskeiðum Fjölmenntar. Þessi heildræna þjónusta er mikilvæg og áhersla á þennan þátt veitir Fjölmennt sérstöðu miðað við aðrar símenntunarstöðvar. Heildræn þjónusta er mjög mikilvæg fyrir þá einstaklinga sem ekki geta talað fyrir sig sjálfir og því er samstarf sérlega mikilvægt í þeim tilfellum. Það kom ítrekað fram hjá Hönnu sem á einhverfan son hversu mikilvæg heildræn þjónusta er. Hún var þeirrar skoðunar að ef heildræn þjónusta væri ekki markviss kæmi það í veg fyrir að tilboðin sem nemendum stæði til boða nýttust sem skyldi. Hún bendir á að það sé mikilvægt að þau námskeið sem fatlað fólk sækir hjá Fjölmennt gefi þeim nýja reynslu og verið sé að þróa nýja færni hjá Fjölmennt sem einstaklingurinn getur nýtt á öðrum stöðum sem hann dvelur á. Heildræn sýn í formi aukins samstarfs er sérlega mikilvæg þar sem um mikið fatlað fólk er að ræða sem hefur alla jafnan minnstu möguleikana til þátttöku í tómstundastarfi, atvinnulífi eða tilboðum af öðrum toga sem bjóðast í samfélaginu.

Það kemur fram í niðurstöðum mínum að heildræna þjónustu þarf að skilgreina betur svo og hver ber ábyrgð á að henni sé komið af stað. Hönnu var tíðrætt um að allir þeir staðir sem sonur hennar dvelur á þurfi að samræma vinnubrögð til að hann nái að nýta sér það sem honum stendur til boða. Í því samhengi segir hún:

Það verður að vera þessi heildstæða hugsun því að annars gengur þetta ekkert upp. Þannig að dagþjónustan, búsetan og foreldrar og já Fjölmennnt eða hvað sem er, þarf að vinna saman. Annars held ég að komi svo takmarkað út úr þessu. Já mér finnst allvega hægt að búa til farveg, það þarf náttúrulega bara að búa til samskiptaskipulag. Það þarf að kalla til fundar reglulega með öllum aðilum sem koma að einstaklingnum og nú erum við að tala auðvitað um einstaklingurinn með ef það er einhver sem getur talað fyrir sig. Og það er mjög mikilvægt að það sé alltaf talsmaður hans á fundinum sem að talar máli hans.

Margt af því sem Hanna ræðir í tengslum við einhverfan son sinn er skilgreint sem starfsemi Fjölmennntar. En af máli hennar má ætla að þessa samvinnu og skipulag sem felst í heildrænni þjónustu þurfi að móta betur í framkvæmdaáætlun Fjölmennntar. Ætti þessi heildræna hugsun að vera í tengslum við þá sem mestrar sérhæfingar þurfa í tilboðum og skipulagi eða ætti að hugsa þessa heildrænu hugsun á víðtækari grunni?

Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort sú heildstæða þjónusta sem nefnd er þarf ekki einnig að vera betur skilgreind fyrir nemendur sem standa í þeim sporum sem þátttakendur mínir í rýnihópnum standa frammi fyrir. Hvernig geta þau best nýtt námskeið sem Fjölmennnt býður upp á til að efla sig og styrkja fyrir fullorðinsárin? Mörg hver eru farin að huga að því að flytja úr foreldrahúsum, eiga atvinnuumsóknir hjá Atvinnu með stuðningi og óska sér fjölbreyttra tómsundamöguleika.

Ef til vill þarf að huga frekar að náms- og starfsráðgjöf fyrir fatlað fólk sem vel gæti verið undir merkjum Fjölmennntar og væri þá skilgreint sem eitt af hlutverkum stofnunarinnar skýrar en núverandi stefnuskrá kveður á um. Sutcliffe (1994) bendir á að valdeflandi nám sem styrki fatlað fólk til að taka ákvarðanir um eigið líf eigi að vera grunnþáttur í öllu námi fyrir fatlað fólk. Eins og fram kom um einkenni fullorðinna námsmanna þarf námsmaðurinn sjálfur að gera sér grein fyrir markmiðum sínum og að hverju hann stefnir í námi sínu. Það er oft talið fyrsta verk kennara í fullorðinsfræðslu að hjálpa fullorðnum nemendum að gera sér grein fyrir hvernig þeir geta breytt námi sínu í sjálfstýrt nám sem byggir á einstaklingsbundinni nálgun (Knowles, Holtin III og Svansson, 1998). Áherslan á þessa heildrænu sýn í stefnuskrá Fjölmennntar gefur möguleika á þess háttar nálgun.

6.7 Þróunarstörf og ráðgjöf.

Síðustu megingildi Fjölmenntar sem ég fjalla um hér eru nefnd í stefnuskránni metnaður og framþróun. Þar er vísað til þeirrar starfsþróunar sem huga þarf að við þróun nýrrar stofnunar eins og Fjölmenntar:

Fjölmennt skal leitast við að veita góða þjónustu sem hentar öllum og stenst samanburð við það sem best hefur gefist. Starfsemin skal því byggjast á virku gæðastarfi sem tekur tillit til óska og þarfa notandans.

Fjölmennt skal fylgjast vel með umræðu, þróun og rannsóknum, sem snerta málefni fatlaðra og leitast við að tileinka sér nýja þekkingu og viðhorf í starfsemi sinni.

„Góð þjónusta sem hentar öllum“ stendur í stefnuskránni og fjallar um metnaðarfulla starfshætti sem hafa skal í heiðri. Hvað þýðir það í framkvæmd að veita góða þjónustu sem hentar öllum og stenst samanburð við það sem best gerist? Til þess að þróa þessa starfshætti þarf víðtæk þróunarvinna að fara fram innan stofnunarinnar. Leita þarf leiða til að kanna á hverjum tíma hvaða óskir og þarfir notandinn eða sá sem nýtur þjónustu Fjölmenntar hefur á hverjum tíma. Magnús fjallaði um þetta og sagði um þessa þætti:

Við erum búin að fá stefnumörkunina og hún hefur verið skoðuð af starfsfólki. Þetta er búið að fara inn í umræðuna. Það er mín skoðun að það sem við þurfum að skoða sérstaklega, það sem við höfum sammælast um í stefnumörkuninni. Mér finnst skipta máli að sjá skýra tengingu, ef að menn eru búnir að sammælast um einhvern svona sáttmála, eins og svona stefnumörkun og það sem hann felur í sér þá finnst mér að hann eigi að leiða alla þróun áfram. Nú þarf að fara til baka og skoða hvar erum við stödd núna...Líka til þess að átta okkur og skerpa á, hvað meinum við með þessu hlutverki? Hvað meinum við, hvernig sjáum við þessa stofnun í framtíðinni?

Magnús bendir á að meta þurfi starfsemina reglulega og markvisst með notanda þjónustunnar í fyrirrúmi. Bæði er hann að vísa til hversu langt í breytingaferlinu stofnunin er komin og eins að meta innihald starfsins á víðum grundvelli eins og gert er ráð fyrir að fari fram reglulega. Er verið að vinna í takt við það sem stefnuskráin segir til um? Það hafa allir sem koma að starfsemi Fjölmenntar samþykkt að vinna eftir stefnuskrá hennar en er það gert? Það hefur áður komið fram að margir þættir

stefnuskrárinnar eru ekki að fullu komnir til framkvæmda. Og nú er að mati Magnúsar komið að þeim tímapunkti að skoða það sem gert hefur verið í ljósi stefnuskrárinnar.

Það megingildi Fjölmenntar sem snýr að framþróun starfseminnar vísar til að Fjölmennt er ekki eingöngu hugsuð sem skólastofnun heldur eiga þar að fara fram rannsóknir, stöðug sí- og endurmenntun starfsfólks og virk umræða um starfsemina. Þannig vinnubrögð leiða til nýrrar þekkingar og stöðugra endurbóta sem auka eiga möguleika fatlaðs fólks til fjölbreyttra námsmöguleika sem stuðla að bættum lífskjörum þeim til handa.

Þetta gerir miklar faglegar kröfur til starfsmanna um fagleg vinnubrögð og markvissrar sí- og endurmenntunar. Jafnframt er krafa á að skýrar línur séu í áætlanagerð Fjölmenntar um hvert skal stefna á hverjum tíma. Annars er hætta á að þróunin verði handahófskennd og ómarkviss. Brynhildur Flóvenz (2004) bendir á að það sé ekki einungis menntun fyrir fatlað fólk sem skiptir máli hvað varðar réttindi fatlaðs fólks. Almenn menntun í samfélaginu er mikilvæg fyrir fatlað fólk því hún er tæki til að auka og bæta mannréttindi. Jafnframt má benda á að sýn fólks og hvaða skilning það leggur í hugtakið fötlun, eins og fjallað er um í kaflanum um fötlunarfræði, hefur áhrif á hvernig komið er fram við fatlað fólk (Rannveig Traustadóttir 2003).

Menntun þeirra fagstétta sem vinna að fræðslu fatlaðs fólks er því nátengd réttindabaráttu fatlaðs fólks að þessu leyti. Þessar áherslur beina sjónum að mikilvægi þess að koma á samstarfi við háskóla hérlendis sem erlendis um rannsóknarvinnu og þróunarstörf til að þessum þáttum sé sinnt sem skyldi og þau séu aðferðafræðilega marktæk. Stuðningur til starfsfólks og starfsþróunarverkefni eru af mörgum talin meðal mikilvægari þátta til framfara fyrir fatlað fólk (Sutcliffe, 1994, 1996a, 1996b; Sutcliffe og Jacobsen, 2001). Öll slík vinna tekur tíma og henni þarf að stýra svo hún skili stofnuninni og notendum hennar árangri. Það kom fram hjá þátttakendum mínum að margt er óunnið hvað framtíðarsýn varðar í starfsemi Fjölmenntar og margar breytingar sem orðið hafa þarf að skilgreina betur. Birna fjallaði um þetta og sagði:

Ég er bara harla ánægð, við erum að safna fullt af góðum dæmum. Nánast allt sem að við höfum tekið okkur fyrir hendur af svona verkefnum hefur gengið vel. En það sem vantar alltaf, okkur vantar alltaf tíma til að gera eitthvað með þetta, bara að skerpa fókusinn, að taka þetta saman. Við eigum að reyna að

vinna meira með þetta, þetta eru þróunarverkefni. En við eigum að safna þessu saman og kynna það betur sem vel er gert.

Það má af sjá af orðum Birnu að þróunarverkefni séu komin af stað þó að þau séu ekki nógu markvisst sett fram. Í þróunarverkefnum felst að meta það breytingaferli sem fram fer og gera grein fyrir því svo það nýtist á viðtækari hátt. Reynslan hefur sýnt að hætta er á að séu þróunarverkefni ekki skilgreind nákvæmlega með tímalegt upphaf og endi lognist þau út af og verði ekki nýtanleg til framþróunar. Því er mikilvægt að um þessa þætti sé gerð áætlun og sett skýr markmið.

Hin nýja sýn í málefnum fatlaðra samsvarar kenningum fullorðinsfræðslunnar um að einstaklingar þurfi að hafa möguleika á að mennta sig á ýmsum aldurstigum, menntunin þurfi að miðast við einstaklinginn og þurfi að uppfylla margháttaðar og misjafnar námsþarfir (Merriam og Caffarella, 1999; Sutcliffe 1991, 1994; Maudslay og Nightingale, 2004). Það kom endurtekið fram í viðtölum við alla mína þátttakendur að þeir hafa miklar væntingar til nýrra hlutverka sem símenntunarmiðstöðin Fjölmennt á að sinna. Eins og áður hefur komið fram eru mörg þessara hlutverka ekki enn komin í framkvæmd. Magnúsi var tíðrætt um að það þurfi að staldra við og meta stöðuna út frá stefnuskránni:

Ég er á því að það sé gífurlega framsækin sýn í stefnumörkuninni. Og mjög spennandi framtíðarsýn þegar farið er að útfæra hana betur. Það þarf að útfæra þessa stefnumörkun á þetta aðgerðaplan. Og horfa á stöðu stofnunarinnar í því ljósi. Það finnst mér vera fyrsta stig í að mæla árangurinn. Og við þurfum að fara að starfa betur sem þessi símenntunar- og ráðgjafarstofnun. Ég hef alltaf séð fyrir mér að það væri hægt að þróa upp svona ráðgjafarþekkingarmiðstöð.

Nú þarf að fara að meta þau tilboð sem eru til staðar og skoða nýja möguleika um ný hlutverk stofnunarinnar. Magnús vill fara hægt af stað og vinna þau skipulega svo að þau séu í takt við gildin í stefnuskránni. Nú sé kominn tími til að hefjast handa við að meta það starf sem fór af stað fyrir fjórum árum og tengja saman þau gildi sem lögð eru fram í stefnuskránni og skoða hvernig til hefur tekist að fylgja þeim eftir. Eitt af þessum hlutverkum er ráðgjafar- og fræðsluhlutverk stofnunarinnar til annarra stofnana sem gætu

tekið að sér að sinna nokkrum hluta nemenda sem stunda nám hjá Fjölmennt. Um þann þátt sagði Magnús:

Mín draumsýn er svona fræðslu- og ráðgjafarmiðstöð sem að muni veita þjónustu og menntun á staðnum. En verði um leið meira leiðbeinandi í uppbyggingu og komi til með að styðja við, veiti bæði ráðgjöf og eftirfylgd fyrir þennan notendahóp bara á landsvísu. Þannig að það sé þessi stuðningur, inn í öll almennu kerfin

Til að þessi draumsýn Magnúsar nái fram að ganga þarf að stuðla að markvissri símenntunaráætlun starfsmanna þannig að þeir séu í stakk búnir til að takast á við þessi nýju hlutverk. Þátttakendur mínir sem tengdust stjórnkerfi Fjölmenntar veltu því fyrir sér hvort byggja eigi Fjölmennt upp með föstu starfsmagni eða hvort Fjölmennt eigi að byggjast upp í framtíðinni með starfsfólki sem ráðið sé til einstakra verkefna innan stofnunarinnar. Það gefur vissa möguleika á að mæta betur þörfum notendahópsins og getur orðið til þess að hægt sé að hafa meiri fjölbreytni í starfsemi. En sú ráðstöfun yrði óhjákvæmilega til að erfiðara væri um vik að stuðla að þessari heildrænu þjónustu sem svo rík áhersla er lögð á í stefnuskrá Fjölmenntar. Högni velti þessu fyrir sér og sagði um þetta:

Ég vil frekar líta á þessa fullorðinsfræðslu sem starfsemi en stofnun. Að þetta sé fyrst og fremst starfsemi sem stuðli að tilboðum. Hvernig hún fer að því held ég að sé bara útfærsluatriði hreinlega. Hvort hún gerir það á eigin vegum eða í samvinnu við aðra og þá í húsnæði annarra með starfsfólki annarra, eða gerir þetta í húsnæði annarra með sínu starfsfólki sé í raun og veru útfærsluatriði. Ég held að þetta sé líka hvað varðar starfsmannahaldið, mér finnst þetta lúta alveg sömu lögmálum. Starfsmannahaldið, það getur vel verið að það þurfi ákveðna kjarnastarfsemi til að halda utanum þetta, en ég held að starfsmannahaldið eigi líka að vera dálítið flexibíl.

Í þessu tilliti má því velta fyrir sér hvort þessar mismunandi útfærslur hvað varðar starfsmannahald, húsnæði og tengsl við aðrar menntastofnanir sé ekki umræða sem þurfi að fara fram á virkari hátt en hingað til hefur verið gert.

Samantekt

Hér hef ég leitast við gera grein fyrir niðurstöðum mínum út frá þeim sóknarfærum sem þátttakendur mínir telja að séu mikilvæg í starfsemi Fjölmenntar og höfðu öll mikið vægi í rannsóknargögnunum. Ég fjallaði um nám með stuðningi sem þátttakendur í rannsókninni voru sammála um að komi til með að verða mun stærri þáttur í starfsemi Fjölmenntar í framtíðinni. Einnig skoðaði ég þá þætti sem fram komu í niðurstöðum mínum um tengsl við aðrar símenntunarstöðvar og fjallaði um nokkra þætti í tengslum við aðrar nálganir í námi sem voru atvinnutengt nám, nám sem sjálfstyrkingu og nám af félagslegum toga eða tómstundatengt nám. Ég fjallaði einnig um hina heildstæðu þjónustu sem kom ítrekað fram í gögnum mínum og birtist í Stefnuskra Fjölmenntar. Að lokum fjallaði ég um þá framtíðarsýn sem birtist í niðurstöðum mínum um þróunarstörf og ráðgjafarstarf stofnunarinnar.

Þátttakendur í rannsókninni sáu mikla möguleika á sóknarfærum fyrir Fjölmennt sem stuðla að meiri möguleikum fatlaðs fólks til aukinnar þátttöku í samfélaginu. Í þessu endurspeglast hin félagslegu viðhorf innan fötlunarfræða um aukna möguleika fatlaðs fólks að fá einstaklingsbundinn stuðning á leið sinni til meiri þátttöku í samfélaginu. Það kom fram bæði hvað varðar nám með stuðningi hjá öðrum menntastofnunum eða atvinnu með stuðningi. Einnig benda niðurstöður mínar til að hin félagslega hlið náms sé mikilvæg en jafnframt að auka þurfi vægi valdeflingar og sjálfsstyrkingar í öllum tegundum náms innan Fjölmenntar.

Næsti kafli er lokakafli ritgerðarinnar. Þar mun ég draga fram helstu niðurstöður. Að því loknu er fjallað um þá lærdóma sem draga má af rannsókninni.

7. Niðurlag: Samantekt og lærdómar

Ritgerð þessi er byggð á rannsókn sem fjallar um líf og aðstæður ungs fatlaðs fólks við lok náms í framhaldsskóla. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á námsóskir fatlaðs fólks við þessi tímamót og skoða hvaða valmöguleikar þeim standa til boða til náms og atvinnu. Innan þess hluta fellur Fjölmennt sem er símenntunarstöð fyrir fullorðin fatlað fólk. Sú stofnun var því skoðuð sérstaklega. Ég leitaðist við að skoða þá framtíðarsýn sem birtist í stefnumótun þeirrar stofnunar um símenntun fyrir fatlað fólk og hvernig það samræmist óskum og væntingum þess unga fólks sem stofnunin á að sinna.

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður mínar dregnar saman og þær skoðaðar í tengslum við þau fræðilegu sjónarhorn sem koma fram í fræðilegu umfjöllun verkefnisins. Í lokin eru greint frá þeim lærdómum sem draga má af niðurstöðum rannsóknarinnar.

7.1 Helstu niðurstöður

Í fræðilega hluta ritgerðarinnar var fjallað um þau fræðilegu sjónarhorn sem ég nýti til að endurspeglar niðurstöður mínar. Innan fötlunarfræða var fjallað um þær áherslur sem mest hafa verið í umræðunni í málaflokki fatlaðra hér á undanförunum árum. Hið fræðilega sjónarhorn hefur breyst frá því að vera læknisfræðilega miðað yfir í samfélagslegri áherslu. Í námi fatlaðs fullorðins fólks var gjarnan einblínt á fötlunina og hvernig þurfti að vinna bug á afleiðingum hennar til að aðlaga fatlað fólk að því sem eðlilegt þótti. Fyrst og fremst vegna baráttu fatlaðs fólks hefur sjónarhornið breyst frá því að horft sé á fötlun einstaklingsins yfir í að horft er á hvernig samfélagslegar hindranir koma í veg fyrir að fatlað fólk njóti jafnréttis í samfélagi okkar (Rannveig Traustadóttir 2004; Oliver, 2004; Finkelstein, 2004). Jafnframt er nú litið til samfélagslegri áherslna í menntun fatlaðs fullorðins fólks. Nú eru áherslur meira í tengslum við það sem almennt gerist hjá öðrum símenntunarstofnunum. Litið er til þess að fatlað fólk geti stundað símenntun sem eykur lífsgæði og eykur möguleika þeirra til fullrar þátttöku í samfélaginu (Sutcliffe, og Jacobsen, 2001; Gibson, 1998; Grantley, 2000).

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á virka fullgilda þátttöku í heildstæðri skólastefnu í leik- og grunnskólum. Það gefur fötluðum nemendum færi á að stunda nám með sínum jafnöldrum. Jafnframt gefst nú fötluðum ungmennum færi á að stunda nám í almennum framhaldsskólum en á sérstökum brautum sem skilgreindar eru eftir námsgetu nemendanna sem þar stunda nám (Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996; Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. nr. 372/1998). Áður hefur verið bent á að fullgild virk þátttaka er stutt á veg komin í framhaldsskólum og að fatlað fólk hefur verið útilokað frá námi á háskólastigi (Brynhildur Flóvenz, 2004).

Ég leitaðist við að skoða hvernig hin fræðilegu sjónarhorn sem getið er í öðrum kafla ritgerðarinnar birtust í mæli þátttakenda minna. Af niðurstöðum mínum má sjá að læknisfræðilega sjónarhornið birtist enn í lífi fatlaðs fólks að því leyti að lagalegur réttur til þjónustu sem veitt er, byggir í flestum tilfellum á hinu læknisfræðilega sjónarhorni.

Í minni rannsókn birtist það í möguleikum ungs fatlaðs fólks þegar kemur að vali á menntunarmöguleikum. Læknisfræðilega sjónarhornið liggur til grundvallar þegar að vali á námi í framhaldsskóla kemur. Starfsbrautir framhaldsskólanna eru greindar eftir fötlunarstigi nemenda eða hversu mikil áhrif fötlunin hefur á námsgetu nemenda (Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996; Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. nr. 372/1998). Fjölmennt sinnir einungis fötluðu fólki og því liggur læknisfræðileg skilgreining að baki inntöku flestra nemenda hjá Fjölmennt. Í ljósi þeirrar heildstæðu skólastefnu sem gildir á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og rétti fatlaðs fólks til fullrar þátttöku mætti velja því upp hvort að menntastofnun fyrir fullorðið fólk sem einungis er fyrir fatlað fólk eigi rétt á sér.

Norræni tengslaskilningurinn hefur rutt sér til rúms í auknum mæli á undanförunum árum hvað varðar áherslur í námi fatlaðs fólks á öllum aldri. Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2005) og starfsáætlun Fjölmenntar (Starfsáætlun, 2005) má sjá að lögð er áhersla á samspil umhverfis og einstaklings í námsuppleggi þessara menntastofnana. Lögð er áhersla á að taka mið af einstaklingsbundnum óskum nemenda og hvernig hægt er að koma betur til móts við samfélagslegri áherslur. Þetta sjónarhorn má glögglega sjá í starfsemi Fjölmenntar og birtist í máli þátttakenda minna.

Hin félagsleg sýn birtist í auknum mæli meðal þátttakenda minna, bæði hvað varðar óskir nemenda og aðstandenda sem tóku þátt um aukna þátttöku í samfélaginu og í framtíðarsýn stjórnenda. Þó að Fjölmennt hafi það skilgreinda hlutverk að sinna eingöngu fötluðu fólki þá eru það skýrar niðurstöður í rannsókn minni að Fjölmennt skuli stefna að því að skilgreina starfsemi sína og útfæra hana í þá átt að taka mið af sambærilegum menntastofnunum. Annars vegar með því að tekið sé tillit til nýrra hugmynda í fötlunarfræðum um aukna möguleika til fullrar þátttöku í almennum menntunartækifærum samfélagsins og hins vegar að tekið sé mið af áherslum á sviði fullorðinsfræðslu. Hin félagslega áhersla sem bendir á þær hindranir sem samfélagið skapar í formi skertra möguleika fatlaðs fólks til náms, atvinnu og félagsstarfa kom glögglega í ljós í rannsókn minni. Stjórnsýslulega er Fjölmennt sérstofnun en þær áherslur sem stjórnendur hafa þegar þeir horfa til framtíðar byggja á félagslegri sýn með það að leiðarljósi að auka möguleika fatlaðs fólks til fullrar þátttöku innan annarra menntastofnana. Áhersla er lögð á aukna þátttöku einstaklinga í námi sínu, hugað er að valdeflingu, sjálfsstyrkingu og sjálfsábyrgð nemenda í auknum mæli og þátttakendum í rannsókn minni sem unnu að stjórnun og uppbyggingu Fjölmenntar finnst afar mikilvægt að horft sé til þess að þróa þá stofnun markvisst með það í huga að auka nám með stuðningi við aðrar sambærilegar símenntunarmiðstöðvar.

7.1.1 Námsóskir og væntingar nemenda

Helstu niðurstöður mínar um valkosti nemenda að loknum framhaldsskóla eru þær að úrræði eru fá við þessi tímamót bæði hvað varðar áframhaldandi nám og atvinnu. Fatlaðir nemendur sem eru að útskrifast úr framhaldsskóla standa því frammi fyrir afar fáum valkostum. Fram kom eindregin ósk um aukna valmöguleika til náms og starfa. Starfsbrautir framhaldsskóla hafa það meðal annars að markmiði sínu að undirbúa nemendur undir frekara nám og atvinnu að námi loknu (Menntamálaráðuneyti, 2005) en hvorugt er í boði í raun. Ungt fatlað fólk hefur ekki möguleika á neinu samfelldu námi að framhaldsskóla loknum og nám á háskólastigi stendur ekki til boða. Niðurstöður mínar benda til að ungt fólk skiptist í þrjá hópa hvað óskir sínar varðar:

- Ungt fatlað fólk vill gjarnan fara á almennan vinnumarkað og stunda símenntun í formi einstakra námskeiða.
- Ungt fatlað fólk vill gjarnan fá samfellt nám á móti vinnu. Óskir þessa hóps koma að hluta til vegna þess að erfiðlega hefur gengið fyrir fatlað fólk sem er að útskrifast úr framhaldsskóla að fá atvinnu. Þeir sem nú þegar hafa fengið atvinnu eru gjarnan í skertu starfshlutfalli og er algengt að starfshlutfall sé undir 50%. Einnig varð ég vör við þau sjónarmið að ungt fólk vill læra meira, viðhalda því sem þau hafa tileinkað sér í framhaldsskóla og setja þekkingu sína í nýtt samhengi.
- Ungt fatlað fólk er ekki tilbúið til að fara á vinnumarkaðinn og vill gjarnan hafa möguleika á fullu námi. Meðal þátttakenda minna komu fram óskir um tækifæri til að stunda nám á háskólastigi.

Valkostir og möguleikar

Vegna þess hve valkostir eru fáir að framhaldsskóla loknum er ábyrgð foreldra og forráðamanna mikil að útbúa tilboð fyrir dætur sínar og syni varðandi nám, atvinnu og félagsstarf. Aðstæður nemenda geta því verið afar mismunandi eins og fram kom í niðurstöðum mínum. Eina menntunin sem stendur þessum nemendahóp til boða eru einstök námskeið hjá Fjölmennt sem engan veginn duga til að uppfylla þær óskir sem ungt fólk hefur á þessum tímamótum. Algengt er að nemendur fái ekki atvinnu strax að loknum framhaldsskóla jafnvel þó að þau óski þess að fara á atvinnumarkaðinn að loknu námi í framhaldsskóla. Niðurstöður mínar benda einnig til þess að námsóskir séu meiri nú til náms á háskólastigi vegna þess að undirstöðumenntun er meiri eftir að fatlað fólk fékk tækifæri til að stunda nám í framhaldsskóla. Það styður við þessar auknu námsóskir að Íslendingar eru aðilar að alþjóðlegum yfirlýsingum um aukinn rétt fatlaðs fólks til náms umfram aðra (Salamanca yfirlýsing, 1995). Vegna aukinnar áherslu á rétt fatlaðs fólks til náms eru margir foreldrar meðvitaðri en áður var um rétt sona sinna og dætra og því kröftugri baráttuhópur fyrir aukinni menntun og bættum atvinnutækifærum. Það kemur því skýrt fram í rannsókn minni að unga fólk og þeir aðstandendur sem tóku þátt aðhyllast hin félagslegu líkön og óska sér ríkulegri þátttöku í samfélaginu bæði hvað varðar nám og atvinnu.

Það er algengt að foreldrar þurfi að krefjast þess sem börnum þeirra ber þó að þau séu komin á fullorðinsár. Sú staðreynd að foreldrar þurfa að hafa meiri ítök hvað varðar ákvarðanir fyrir börn sín hefur áhrif á möguleika fatlaðs ungs fólks til eigin ákvarðanatöku. Það dregur úr möguleikum þeirra til valdeflingar og sjálfsstyrkingar til jafns við jafnaldra sína og skerðir möguleika þeirra til að takast á við fullorðinshlutverk (Goodley, 2000; Goodley og Armstrong, 2001; Ramcharan o fl., 2000).

Sutcliffe (1994) bendir á að meðan foreldrar eru stöðugt í þeirri aðstöðu að þrýsta á að útbúin séu námsúrræði fyrir börn sín, koma með tillögur um fyrirkomulag námsins og jafnvel að sjá um stuðninginn sjálf, hafi þau ekki möguleika til að draga úr forræði og ábyrgðarkennd gagnvart börnum sínum. Hún bendir á að þar sem fatlaðir nemendur í framhaldsskóla hafa fengið tækifæri til fullrar þátttöku í námi hafi það stuðlað að auknum möguleikum fatlaðs fólks til að taka sjálft ákvarðanir um nám sitt auk þess sem foreldrar þeirra telja að það hjálpi þeim að líta á syni sína og dætur sem fullorðið fólk og að virða þeirra ákvarðanir. Sambærilegar niðurstöður af viðhorfum foreldra má sjá þar sem háskólanám fyrir fatlaða stendur til boða (Gibson, 1998; Grantley, 2000).

Skortur á valkostum og möguleikum til sjálfsákvörðunar innan skólakerfisins veldur valdskerðingu fatlaðs fólks. Það að vera útilokuð frá þátttöku í samfélaginu hefur mikil áhrif á þróun sjálfsmýndar og veldur því að fatlað ungt fólk treystir meira á foreldra sína eða starfsfólk um ákvarðanir um líf sitt ef fáir valkostir standa til boða. Þetta á einnig við um möguleika til ákvarðanatöku um menntun og atvinnu að framhaldsskóla loknum. Rannsóknir með fötluðu fullorðnu fólki sýna að valdefling og sjálfsstyrking séu þættir sem þurfa að vera í öndvegi í skipulagningu náms fyrir fatlað fullorðið fólk (Sutcliffe, 1994; Maudslay og Nightingale, 2004). Mikil áhersla hefur verið lögð á þessa þætti innan fötlunarfræða og hafa rannsóknir með fötluðu fólki sýnt fram á þörf fyrir nám af þessum toga á öllum sviðum (Atkinson, 2004; Atkinson og Walmsley 1999; Goodley, 2000; Ramcharan o.fl., 2000; Guðrún Stefánsdóttir, 2004).

Sutcliffe (1996b) bendir á að í þessu samhengi þurfa viðhorf umhverfisins gagnvart fullorðnu fólki að byggja á eftirfarandi þáttum:

- Að líta á fullorðið fatlað fólk sem sjálfstæða einstaklinga.
- Virða þarf fullorðinshlutverk þeirra.
- Valkostir þurfa að vera til staðar fyrir fatlað fólk.

- Stuðningur þarf að vera til staðar við ákvarðanatöku.
- Tækifæri til nýrrar reynslu þurfa að vera til staðar.
- Fatlað fólk þarf að hafa tækifæri til að öðlast jákvæða reynslu af ögrandi verkefnum sem eykur sjálfstraust þeirra og sem stuðlar að jákvæðri sjálfsmynd.
- Fatlað fólk þarf að mæta því viðhorfi að það geti tekið eigin ákvarðanir.
- Að fatlað fólk sé þátttakendur í eigin framförum með því að setja sér sín eigin markmið og meti eigin framfarir.

Varðandi það nám sem stendur til boða hjá Fjölmennt eru nemendurnir sem tóku þátt í rannsókninni nokkuð ánægð með innihald námsins. Þau leggja áherslu á að þau vilja meiri upplýsingatækni og raunhæf verkefni sem tengjast því sem efst er á baugi í samfélaginu á hverjum tíma. Félagsleg hlið námsins er mikilvæg að þeirra mati. Þeim finnst mikilvægt að stunda nám með þeim sem þau þekkja og njóta samvista við. Nemendurnir sem tóku þátt í rannsókninni sakna tímabilsins í framhaldsskólanum og sérstaklega samverunnar með ófötludum jafnöldrum sínum. Vegna þessara óska má velta fyrir sér hvort skólastofnanir sem sinna jafnt fötluðu fólki sem ófötlugu hentuðu ekki þessum nemendahópi betur en menntastofnun sem eingöngu sinnir fötluðu fólki. Margir þeirra nemenda sem ekki hafa verið í sérskóla fyrr á skólagöngu sinni, telja Fjölmennt ekki vera valkost fyrir sig vegna þess að þar stundar eingöngu fatlað fólk nám. Þeim finnst að það hafi í för með sér stimplun sem þeim finnst óæskileg.

Það var áberandi meðal nemendanna sem tóku þátt í rannsókn minni að þeim finnst mikilvægt að stunda atvinnu og þau sem ekki höfðu vinnu höfðu væntingar um atvinnu á almennum vinnumarkaði. En sumum fannst það ekki tímabært og vildu hafa möguleika á að mennta sig meira áður en þau færu á vinnumarkaðinn. Þeim var öllum tíðrætt um að þau vilja gjarnan hafa meiri áhrif á hverskonar vinnu þau stunda og vilja gjarnan að vinnan tengist sínum sterku hliðum eða áhugasviði sínu.

Nám og atvinna

Í rannsókninni kemur fram augljós þörf fyrir meiri námsmöguleika að loknu framhaldsskólanámi. Þátttakendum mínum finnst mikilvægt að um valkosti sé að ræða. En jafnframt tengist það fullorðinshugmyndum ungs fólks að stunda atvinnu og atvinna er samofin sjálfsmynd fólks. Sutcliffe (1991) bendir á í rannsóknnum sínum að fatlað fólk

vill sjá tilgang með námi sínu og nefnir að þegar fatlað fólk hefur hlotið vinnu í kjölfar atvinnutengdra námskeiða gefi það að fá vinnu þeim aukið sjálfstraust og bætta sjálfsmynd, þau öðlist nýja möguleika með því að fá raunveruleg laun fyrir vinnu sína, vinna á almennum markaði gefi þeim ný tækifæri til félagslegrar þátttöku og að samstarfsfólk þeirra læri að fatlað fólk er fyrst og fremst fólk.

Meðal þátttakenda minna var ungt fólk sem hafði áhuga á að fá atvinnu og þau sem höfðu vinnu fannst mikilvægt að vera í góðu sambandi við samstarfsfólk sitt. Áður hefur komið fram að samfellu milli framhaldsskóla og atvinnu skortir og meðal þátttakenda minna voru nemendur sem höfðu í raun hvorki að atvinnu né námi að hverfa við útskrift úr framhaldsskóla. Þau vilja gjarnan stunda nám meðfram vinnu, sérstaklega þau sem eru í mjög litlu starfshlutfalli í vinnu sinni. Hugmyndir komu fram um deildaskiptingu innan Fjölmenntar. Annars vegar að um samfellt formlegt nám væri að ræða sem hefði skýrt upphaf og endi og hins vegar nám sem væri meira í formi símenntunar og væri tómstundatengt. Þeir þátttakendur mínir sem koma að stjórnkerfi Fjölmenntar eru sammála um að formlegt nám að loknum framhaldsskóla þarf að vera valkostur en skiptar skoðanir eru á því hvort það eigi að vera hlutverk Fjölmenntar að skipuleggja slíkt nám. Í ljósi þess hve nemendum þykir eftirsóknarvert að hafa möguleika til að stunda nám með ófötluðum jafnöldrum sínum og þeirri hugmyndafræði að auka fullgilda þátttöku fatlaðra í samfélaginu væri slíku samfelldu námi betur komið fyrir innan almennrar menntastofnunar. Þessar niðurstöður mínar eiga samhljóm með hinni félagslegu áherslu innan fötlunarfræða um fulla þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. (Sutcliffe, 1994, 1996a; Sutcliffe og Jacobsen, 1998; Ramcharan o.fl., 2000).

Nám á háskólastigi

Í niðurstöðum mínum kom fram eindregin ósk um nám á háskólastigi bæði frá nemendum sem tóku þátt og einnig frá foreldrum. Foreldrarnir sem voru lykilþátttakendur í rannsókninni höfðu einnig velt fyrir sér þeim möguleika að hér væri stofnaður lýðháskóli sem báðum fannst eftirsóknarverður valkostur. Þau höfðu bæði kynnt sér fyrirkomulag slíkra menntastofnana á Norðurlöndum. En það kemur skýrt fram að eitt hentar ekki öllum og benda niðurstöður mínar til þess að huga þurfi að aðgengi fatlaðs fólks að formlegu námi að loknum framhaldsskóla eftir mismunandi brautum. Því

er mikilvægt að hugað sé að því skipulagi sem þarf að vera á skipulagi menntunar að framhaldsskóla loknum. Hvernig er hægt að koma slíkum tilboðum inn í skólakerfi okkar á jafnræðisgrundvelli? Fyrir nokkrum árum þótti óhugsandi að fatlað fólk, sérstaklega fólk með þroskahömlum, gæti stundað nám í framhaldsskóla. Á þeim tímapunkti stöndum við nú hvað varðar háskólamenntun fatlaðs fólks hér á landi. Áður hefur verið getið um þann hag sem fatlað fólk tilgreinir af námi í háskóla (Hughson, Moodie og Uditsky, 2005; Gibson, 1998; Grantley, 2000; Lobban, 2002). Niðurstöður rannsókna á háskólanámi fatlaðs fólks benda einnig til að bæði nemendur og kennarar telja að kennslan verði skýrari og skilvirkari sem komi ófötludum nemendum til góða (Grantley, 2000; Lobban, 2002).

Jafnframt hefur verið sýnt fram á að nám fatlaðs fólks í háskóla þarfnast skipulagningar og að markmið þurfa að vera skýr bæði fyrir fötludu nemendurna, ófatlaða bekkjarfélagi þeirra sem og starfsfólk háskóla sem að kennslunni kemur (Saloviita e.d.). Niðurstöður Gibson (1998) benda til að fatlaðir nemendur sem hafa tök á háskólanámi öðlast mikilvægan persónuþroska, sjálfsaga, jákvæða sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Nemendur öðlast færni á margbreytilegan hátt í hópastarfi við að spyrja spurninga, taka ákvarðanir og við lausnaleit verkefna. Nemendur fá tilfinningu fyrir því að tilheyra hópi með því að taka þátt í bekkjarstarfi og finnst þeir mikilvægir meðlimir hópsins auk þess sem þátttakendur Gibson hafa öðlast nýja þekkingu í þeim námsgreinum sem þeir velja sér.

Áður hefur verið fjallað um gildi þess að hafa valkosti fyrir persónuþroska einstaklings og það að hafa valkosti í lífinu teljum við forsendu fyrir lífsstíl okkar. Nemendur sem útskrifast úr framhaldsskóla ættu að fá tækifæri til að eiga samskipti við ófatlað fólk og að taka þátt í athöfnum samfélagsins, þar með talinni menntun á háskólastigi (Brown og Hughson, 1993, í Gibson, 1998). Það sem hefur mest gildi í menntun fatlaðs fólks er að stuðla að auknu sjálfsöryggi, aukinni sjálfsvirðingu og félagsfærni og að efla sjálfsákvörðunarhæfni við raunverulegum valkostum í daglegu lífi. Háskólar hafa fræðilega virðingarstöðu innan samfélaga og leggja gjarnan grunn að félagslegum breytingum í samfélaginu. Uditsky (1988, í Gibson, 1998) veltir því fram, að ef fötludu fólki tekst að stunda nám í háskólum, hvaða dyr í samfélaginu geti þá verið þeim lokaðar?

7.1.2 Möguleikar til náms að loknum framhaldsskóla

Leitast var við í rannsókn þessari að skoða hvaða valmöguleika fatlað ungt fólk hefði við útskrift úr framhaldsskóla. Þar sem að ekki er um annan valkost í námi en símenntunarmiðstöðina Fjölmennt var hún skoðuð sérstaklega og sú framtíðarsýn sem birtist í stefnuskrá hennar og í máli þátttakenda minna.

Fjölmennt-símenntun

Helstu niðurstöður mínar í tengslum við Fjölmennt eru þær að sú menntastofnun hefur ekki bolmagn til að sinna öllum þeim námsóskum sem fullorðið fatlað fólk hefur miðað við núverandi skipulag og umfang. Þátttakendur mínir úr stjórnkerfi Fjölmenntar voru allir sammála um að leggja þarf vinnu í að skilgreina stofnunina betur og skilgreina hvað felst í símenntun fyrir fatlað fólk. Skiptar skoðanir voru meðal þátttakenda minna hversu umfangsmikil stofnunin á að vera. En allir voru þeir sammála um að auka þarf sveigjanleika hennar til að vinna að auknum möguleikum fatlaðs fólks til að fá einstaklingsbundinn stuðning við nám sem stendur ófötlðu fólki til boða. Stofnunin á sér framsækna stefnuskrá en framkvæmdaáætlun og framtíðarþróun þarf að útfæra nánar. Margir þátttakenda minna telja að ástæða þessarar ásóknar í nám hjá Fjölmennt geti verið eftirfarandi:

- Ekkert annað nám er í boði fyrir fatlað fullorðið fólk fyrir þá sem hafa löngun og vilja til áframhaldandi náms að framhaldsskóla loknum.
- Menntastofnanir sem sinna símenntun fullorðins fólks hafa ekki staðið fötlðu fólki til boða vegna skorts á aðgengi. Fyrst og fremst hefur vantað persónubundinn stuðning við aðlögun námsefnis og kennsluáðstæðna.
- Fatlað fólk hefur ekki möguleika til að sækja sér menntun hjá menntastofnunum samfélagsins sem sinna fullorðnu fólki vegna þess hve námsmenn bera stóran hluta kostaðar við símenntun. Starfsmenntasjóðir styrkja gjarnan fullorðið fólk til símenntunar sem fatlað fólk hefur litla möguleika til vegna þess hver stór hluti fatlaðs fólks er án atvinnu og hefur því ekki möguleika til að sækja í starfsmenntasjóði.

- Samfellu milli framhaldsskóla og atvinnu að framhaldsskóla loknum skortir. Ungt fatlað fólk er því langtímum saman atvinnulaust. Unga fólkið sækir því í áframhaldandi nám til að „fylla upp í daginn“ meðan enga atvinnu er að hafa.
- Fatlað fólk sem fengið hefur atvinnu er gjarnan í litlu starfshlutfalli (20-50%). Margir þessarar einstaklinga hafa fulla starfsorku en hafa lítið fyrir stafni stóran hluta dagsins og vilja gjarnan nýta þann tíma til náms.
- Ásókn í símenntun kemur til vegna félagslegra þarfa. Félagsþjónustan og svæðisskrifstofur anna ekki umsóknum um liðsmenn og persónubundna aðstoð til að nýta félagsleg tilboð samfélagsins. Fá önnur tilboð bjóðast.

Þátttakendum í rannsókn minni var tíðrætt um bága stöðu í atvinnumálum þeirra er sækja um nám hjá Fjölmennt. Þeir þátttakendur sem komu að stjórnkerfi Fjölmenntar lögðu allir áherslu á mikilvægi þess að námskeið Fjölmenntar væru atvinnutengd og stuðluðu að bættum möguleikum fatlaðs fólks til fjölbreyttari atvinnutækifæra. Fatlað fólk er stærsti hópur atvinnulausra í vestrænum samfélögum og fatlað fólk er einnig líklegra til að vinna lágláunastörf í samfélaginu eða að stunda vinnu á vernduðum vinnustöðum þar sem laun eru til málamynda (Dóra Bjarnason, 2003; Sérkennsla - umskipti úr námi og út á atvinnumarkað, 2002).

Það kom fram í niðurstöðum mínum að sérstaða stofnunarinnar er mikil þó að leitast sé við í stefnumörkun og hugmyndafræði hennar að taka mið af því sem almennt gerist hjá símenntunarstofnunum sem sinna fullorðnu fólki. Kennslufræðilega kemur sérstaðan mest fram hjá þeim sem búa við alvarlegustu fatlanirnar og þarfnast mikillar sérhæfingar í framsetningu efnis og mestrar aðlögunar kennsluáðstæðna. Sérstaða stofnunarinnar felst einnig í áherslu á heildræna þjónustu sem lögð er mikil áhersla á í allri stefnumörkun stofnunarinnar. Það kom fram í niðurstöðum mínum að þá þjónustu þarf að skilgreina betur í framkvæmdaáætlun.

Ein af niðurstöðum mínum hvað varðar Fjölmennt og það breytingaferli sem stofnunin er að ganga í gegnum snýr að viðhorfum og vinnubrögðum starfsmanna. Brynhildur Flóvenz (2004) bendir á að menntunarstig samfélagsins hafi víðtæk áhrif á stöðu fatlaðs fólks. Niðurstöður mínar benda til að í auknum mæli þurfi að taka mið af að hjá Fjölmennt stundar fullorðið fólk nám og gera þurfi markvissa endurmenntunaráætlun starfsfólks þannig að stofnunin verði fær um að sinna því ráðgjafar- og fræðsluhlutverki

sem henni er ætlað í stefnuskrá. Eins og áður hefur komið fram hefur sérkennsla gjarnan tekið mið af kennslu barna og bentu þátttakendur í rannsókn minni á mikilvægi þess að litið væri til kenninga um fræðslu fullorðins fólks við áframhaldandi skipulagningu á innra starfi stofnunarinnar.

Í rannsókninni leitaði ég eftir að skoða siðfræðilegar áherslur hvað varðar möguleika unga fólksins sem tók þátt til að taka ákvarðanir um líf sitt. Í tengslum við félagsleg líkön hefur ítrekað verið bent á hvernig útilokun frá samfélaginu hefur áhrif á möguleika fatlaðs fólks til sjálfsábyrgðar og þróun jákvæðrar sjálfsmyndar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sú undirokun, sem fatlað fólk býr við þegar því gefst ekki tækifæri til að taka ákvarðanir hvað líf sitt varðar, stuðlar að skertum möguleikum þeirra til að takast á við fullorðinshlutverk (Goodley, 2000; Sutcliffe, 1991; Ramcharan o.fl., 2000). Niðurstöður mínar benda til að vegna þess hve valkostir eru fáir við þau tímamót að útskrifast úr framhaldsskóla er það gjarnan hlutverk foreldra að útbúa tilboð fyrir syni sína og dætur. Ungu fólkið fær þannig ekki möguleika til að þróa sjálfstæði sitt til jafns við ófatlaða jafnaldra sína. Skortur á valkostum hvað varðar nám og atvinnu við lok framhaldsskóla veldur þannig valdskerðingu meðal fatlaðs ungs fólks og skerðir möguleika þeirra til að þróa rétt sinn til sjálfstæðrar ákvarðanatöku.

Mörg hlutverk sem stofnuninni er ætlað að sinna eru stutt á veg komin í framkvæmd. Það leiðir hugann að breytingaferli stofnana, hversu margir þættir það eru sem þurfa að breytast til að almenn viðhorfabreyting eigi sér stað og ný hugmyndafræði skjóti rötum og skapi nýja menningu. Það þarf hins vegar að gerast ef stofna á nýja stofnun með nýrri hugmyndafræði og nýrri framtíðarsýn. Margar duldar ástæður liggja í menningu stofnana, sem oft er erfitt að festa fingur á og þær er oft mjög erfitt að kljást við. En það er nokkuð ljóst að breytingarferli stofnunarinnar er mislangt komið hvað varðar annars vegar þjónustustefnu og hins vegar framkvæmdaáætlun.

Símenntunarmiðstöðin Fjölmennt hefur að stórum hluta byggt starfsemi sína upp á fjölþættri fræðslu í formi námskeiða sem fólk getur valið um samkvæmt áhuga sínum og þörfum. Nám á háskólastigi hefur ekki verið valkostur og eins og fram hefur komið eru skiptar skoðanir á hvort Fjölmennt eigi að skipuleggja samfellt formlegt nám að framhaldsskóla loknum. Fjölmennt getur eðli málsins samkvæmt ekki skipulagt háskólamenntun. Þess háttar háskólamenntun verður að skipuleggja í hverjum þeim skóla

sem upp á slíkt nám býður. Þátttakendur mínir innan stjórnkerfis Fjölmenntar telja hins vegar að það myndi samræmast hlutverki Fjölmenntar sem ráðgjafarstofnunar að vera í samstarfi með þeim skólum sem skipuleggja slíkt nám. Það gæti verið í formi þess að veita nemendum stuðning við nám eða kennurum stuðning við aðlögun námsefnis eða kennsluáðstæðna.

Nám með stuðningi

Niðurstöður mínar benda til að ungt fatlað fólk horfi í auknum mæli til náms hjá öðrum menntastofnunum en skorti til þess stuðning. Meðal þátttakenda minna úr stjórnkerfi Fjölmenntar eru hugmyndir um að þróa nám af þessu tagi enn frekar en nú er. Þeim finnst mikilvægt að stofnunin sé sveigjanleg og komi til móts við einstaklingslegar námsþarfir nemenda sinna. Allir þátttakendur í rannsókn minni telja mikilvægt að fatlað fullorðið fólk hafi möguleika á virkari þátttöku í námi í hinu almenna menntakerfi. Þessum hugmyndum sem fram komu hjá þátttakendum mínum má finna samsvörun hjá Sutcliffe (1996a) sem bendir á að þátttöku sé hægt að skilgreina á þrjá mismunandi vegu:

- Félagsleg þátttaka þar sem fólk nýtur samvista í kaffipásam og félagslífi.
- Þátttaka sem kemur til vegna sameiginlegrar staðsetningar. Þar sem fatlað fólk er á sérstökum námskeiðum eða brautum í sama húsnæði og ófatlað fólk.
- Fullgild þátttaka þar sem námsaðstæður eru sameiginlegar og fatlað fólk tekur virkan þátt í þeim námskeiðum sem jafnframt eru ætluð ófötluðu fólki.

Áður hefur verið bent á félagslegt gildi fullgildrar þátttöku í námi fatlaðs fólks. Mikilvægt er að sá stuðningur sem fatlað fólk þarf við nám sitt sé skipulagður og þróaður í þá átt að þeir sem stunda nám við hlið fatlaðs fólks geti veitt þann stuðning sem þarf og hægt sé að draga úr utanaðkomandi stuðningi sérfræðinga. Sutcliffe (1994) bendir á að þannig stuðningur reynist best ef um félagslegan stuðningshring sé að ræða. Ófatlaðir bekkjarfélagar taka þá að sér að styðja við fatlaðan samnemanda sinn ásamt því starfsfólki sem að náminu kemur. Peter, Ayres, Meyer and Park-Lee (1989, í Grantley, 2000) benda jafnframt á að þeir samnemendur sem taka að sér að vera stuðningsaðilar fatlaðs fólks í námi þurfi í byrjun ráðgjöf og fræðslu til að stuðla að virkum samskiptum fatlaðra við samnemendur sína. Þeir þættir sem mikilvægir eru í þessu sambandi eru:

- Gefa jákvæðar upplýsingar til ófatlaðra nemenda innan skólasamfélagsins um fatlaða nemendur.
- Fræða ófatlaða nemendur og starfsfólk hvernig best sé að koma eðlilega fram við fatlaða nemendur.
- Nýta athafnir sem byggja á samvinnu til að stuðla að sjálfstæði og trausti.
- Styðja fatlaða nemendur við að taka þátt í hópvinnum frekar en einstaklingslegum verkefnum.
- Að stuðla að viðvarandi tækifærum frekar en þeim sem standa yfir í stuttan tíma í námslegu og félagslegu tilliti.

Niðurstöður Gibson (1998) benda einnig til að stuðningur og hvatning aðstandenda hafi afgerandi áhrif á að vel takist til við fullgilda þátttöku í námi fatlaðs fólks. Gibson bendir einnig á að nauðsynleg forsenda þess að vel takist til við nám sem byggir á fullgildri þátttöku á efri stigum skólakerfisins sé einlægur vilji námsmannsins og innri hvati til náms. Þessar niðurstöður samræmast því sem Malcolm Knowles skilgreinir sem „andragogy“ og er ein skilgreining á fullorðnum námsmönnum. Innri hvati til náms, þróun sjálfsmýndar og að námið taki mið af reynslu hins fullorðna námsmanns á jafnt við um fatlað fólk sem ófatlað (Knowles, Holtin III og Svansson, 1998; Merriam og Caffarella, 1999; Sutcliffe, 1991). Niðurstöður mínar benda einnig til að nemendurnir sem tóku þátt í rannsókninni vilja kljást við verkefni sem þau geta tengt við þann raunveruleika sem þau búa við, þau hafa sterka hvöt til að læra meira, félagsleg samskipti hafa mikið gildi í þeirra huga og þau vilja taka þátt í samfélaginu til jafns við jafnaldra sína.

Eins og fram hefur komið eru til yfirlýsingar og samþykktir um rétt fatlaðs fólks til menntunar (Stjórnarskrá Íslands 1944; Stjórnskipunarlög um breytingu á Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum 1995 nr. 97; Salamanca yfirlýsing, 1995). En samkvæmt niðurstöðum mínum eigum við langt í land með að fatlað ungt fólk hafi sömu möguleika og þeir sem ófatlaðir eru. Í þessu sambandi má benda á að grasrótarsamtök fatlaðs fólks hafa bent á að fatlað fólk þurfi stöðugt að standa vörð um réttindi sín hvað varðar:

- Réttindin til að segja skoðun sína.
- Réttindin til að njóta virðingar.

- Réttindi til menntunar.
- Réttindin til að velja og standa frammi fyrir valkostum.
- Réttindin til að fá aðstoð og stuðning.
- Réttindin til ferðþjónustu (Sutcliffe, 1996a).

Eitt af því sem fatlað fólk hefur ítrekað bent á er að ekkert sé ályktað um fatlað fólk án fatlaðra sjálfra (Aileen Svendsdóttir og Ágústa Þorvaldsdóttir, 2003; Ólafur Guðmundsson, 2003; Chappell, Goodley, og Lawthom, 2001). Þegar stefnuskrá Fjölmenntar er skoðuð má velja fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að geta þess sérstaklega í stefnu stofnunarinnar í meira mæli en nú er gert að námið sé uppbyggt með þátttöku fatlaðs fólks. Mikil áhersla er lögð á að samstarfs sé leitað við aðrar stofnanir og þá aðila sem þekkja einstaklinginn best sem þjónustunnar nýtur. En þar er ekki sérstaklega getið um aðkomu fatlaðs fólks að stefnumörkun og framþróunar stofnunarinnar. Sutcliffe (1994, 1996a) bendir á mikilvægi þess að fatlað fólk hafi möguleika til veru í nemendaráðum og eigi fulltrúa í stjórnnum hjá þeim menntastofnunum sem skipuleggja menntun fyrir fatlað fólk.

Því má velja fyrir sér hvort ekki þurfi að fjalla meira um sjálfsákvarðanatöku þátttakenda og um virka þátttöku fatlaðra í námsferli sínu hjá Fjölmennt. Má í þessu samhengi benda á þá þætti sem tilgreindir eru í fyrsta kafla verkefnisins um einkenni fullorðinna námsmanna og hvernig fullorðið fólk kemur á annan hátt að símenntun en ef um börn væri að ræða. Eftirsóknarverð væri aukin virkni þátttakenda í að setja sér sín eigin markmið með náminu, að námsmenn geti komið með tillögur um nálgun í námi og taki þátt í að meta frammistöðu sína í náminu ásamt virkari umræðum um hver væru næstu námslegu skref (Knowles, Holtin III og Svansson, 1998; Merriam og Caffarella, 1999; Sutcliffe, 1994, 1996a). Ef aukin þátttaka á þennan hátt yrði raunveruleg myndu nemendur Fjölmenntar gera sínar eigin námsáætlanir í samstarfi við kennara. Það myndi stuðla að heildrænni einstaklingsmiðaðri þjónustu fyrir þá sem taka þátt í námstilboðum Fjölmenntar og aukinni valdeflingu fatlaðs fólks með námi sínu.

7.2 Helstu lærdómar

Hér á eftir geri ég grein fyrir helstu lærdómum sem draga má af rannsókninni. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gera þeim tæmandi skil, heldur er einungis fjallað um þá þætti sem þátttakendum mínum hafa þótt mikilvægastir og höfðu mest vægi í máli þeirra.

- Stuðla þarf að því að fatlað fólk hafi valkosti við útskrift úr framhaldsskóla. Ungt fatlað fólk óskar þess að geta valið hvort það vill fara á atvinnumarkaðinn eða hvort það hefur hug á meira námi.
- Þeir sem velja námsleið að loknum framhaldsskóla þurfa að geta valið um mismunandi leiðir. Samfellt nám og nám á háskólastigi þarf að vera í boði. Það nám þarf að vera bæði bóklegt og verklegt. Mikilvægt er að það nám fari fram innan þeirra menntastofnana sem taka að sér að skipuleggja það. Í þessu sambandi er mikilvægt að einstaklingsmiðaður jafningjastuðningur komi til í félagslegu og námslegu tilliti. Einnig er mikilvægt að námið skili einstaklingnum menntun sem geri hann betur samkeppnisferan um að fá atvinnu samkvæmt sínu áhugasviði að námi loknu.
- Hefja þarf undirbúning fyrir skipulag á háskólanámi fyrir fatlað fólk. Mikilvægt er að fjölbreyttir valkostir séu mögulegir. Hafa þarf í huga að brýnt er að fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra komi að þeirri skipulagningu ásamt þeim menntastofnunum sem að slíku námi koma.
- Öflug sýmenntun þarf að vera í boði bæði innan hins almenna sýmenntunarkerfis í formi náms með stuðningi og fyrir þá sem þurfa sérhæfðar aðstæður sé möguleiki á að sinna þeim út frá heildstæðri sýn. Stefna þarf á að sýmenntun fyrir fatlað fólk sem hefur lokið námi úr framhaldsskólum sé staðsett innan almenna menntakerfisins.
- Efla þarf möguleika fatlaðs fólks til að taka ákvarðanir um nám sitt. Auka þarf þátttöku fatlaðs fólks við eigin markmiðssetningar og efla þarf fatlað fólk til að gera sér sýmenntunaráætlun. Það fái stuðning til að meta eigin framfarir og hafa þannig meiri áhrif á innihald náms og fyrirkomulag.
- Auka þarf vægi valdeflingar og sjálfsákvörðunarhópa innan Fjölmenntar og auka umræðu meðal starfsfólks og foreldra um siðfræðilega þætti eins og virðingu, viðhorf, sjálfsákvörðunarrétt og valdeflingu.

- Mikilvægt er að losa foreldra undan þeirri ábyrgð að útbúa sérsniðin tilboð fyrir syni sína og dætur sem komin eru á fullorðinsár. Í þessu tilliti þarf að vera möguleiki á að Félagsþjónusta og Svæðisskrifstofur stuðli að samfellu þegar framhaldsskóla lýkur yfir í atvinnulíf fyrir þá sem þess óska.
- Atvinnutengingu námskeiða þarf að efla bæði í formi fræðslu til starfsmannsins sem í hlut á og til þeirra starfsmanna sem veita honum stuðning innan fyrirtækja. Samstarfs þarf að leita við Atvinnu með stuðningi og aðrar þær vinnumiðlanir sem veita stuðning við vinnu. Einnig er brýnt að huga að samstarfi við verndaða vinnustaði vegna möguleika á að stuðla að atvinnuþróun þeirra sem vinna á vernduðum vinnustöðum.
- Skilgreina þarf betur hlutverk Fjölmenntar gagnvart nemendahópnum sem sækir þar nám. Meðal annars þarf að fara fram virk umræða um félagslega hlið náms og tómsundatengt nám. Einnig er mikilvægt að skoða ákveðna þætti innan námsins s.s. gæði náms, námsárangur, nám sem eykur lífsgæði og samsetningu námshópa.
- Efla þarf umræðu um gildi Fjölmenntar og hvað þau fela í sér fyrir nemendur og starfsfólk. Skilgreina þarf hvernig koma á þeim betur í framkvæmd og gera nákvæmari framkvæmdaáætlun en nú er.
- Gera þarf meira ráð fyrir fötluðu fólki í tengslum við stefnumörkun stofnunarinnar og hafa þarf í huga hugtakið „Ekkert um okkur án okkar“.
- Efla þarf nýsköpunar- og rannsóknarverkefni innan Fjölmenntar sem tengjast samstarfi við aðrar menntastofnanir og leggja þarf áherslu á þau þróunarverkefni sem stuðla að því að auka þátttöku fatlaðs fólks innan almenna menntakerfisins.
- Efla þarf símenntunarmöguleika starfsmanna svo þeir séu í stakk búnir til að takast á við þau krefjandi verkefni á sviði ráðgjafar og fræðslu sem þeim er ætlað samkvæmt stefnuskrá.

7.3 Lokaorð

Rannsókn þessi sem hér hefur verið kynnt er um möguleika fatlaðs ungs fólks til menntunar og starfa að loknum framhaldsskóla. Gjarnan er litið svo á að við þau tímamót séu ungu fólki allir vegir færir en niðurstöður mínar sýna svo ekki verður um villst að það gildir ekki um fatlað ungt fólk. Vona ég að niðurstöður rannsóknarinnar verði innlegg í umræðu um nám á háskólastigi fyrir fatlað fólk sem ég vona að verði að veruleika á Íslandi innan tíðar og bættum tækifærum til símenntunar fyrir fatlað fólk sem stuðli að aukinni samfélagsþátttöku fatlaðs fólks.

HEIMILDASKRÁ

- Aileen Svendsdóttir og Ágústa Þorvaldsdóttir (2003). Umræðuhópar fyrir fólk með proskahömlun. *Þroskahjálp* (2. og 3. tbl.), 14–15.
- Altman, B. M. (2001). Disability definitions, models, classification schemes, and applications. Í G. Albrecht, K. D. Seelman og M. Bury (Ritstj.), *Handbook of Disability Studies*. (bls. 97–122). London: Sage Publications.
- Anna Einarsdóttir (2000). *Fatlaðar konur á almennum vinnumarkaði*. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Atkinson, D. (2004). Research and empowerment: involving people with learning difficulties in oral and life history research. *Disability and Society*, 19 (7), 691–702.
- Atkinson, D. og Walmsley, J. (1999). Using autobiographical approaches with people with learning difficulties. *Disability and Society*, 21 (2), 203–216.
- Atli Lýðsson (2002). Fullorðinsfræðsla fatlaðra. *Þroskahjálp*. (3. tbl.), 10-11.
- Bank-Mikkaelssen, N.E. (1980) Denmark. Í R.J. Flynn og K.E. Nitch (Ritstj.), *Normalization, social integration and community service* (bls. 51–70). Baltimore: University Park Press.
- Banister, P., Burman, E., Parker, I., Taylor, M. og Tindall, C. (1994). *Qualitative methods in psychology: A research guide*. England: Open University Press.
- Barnes, C. (1998). The social model of disability: A sociological phenomenon ignored by sociologists. Í T. Shakespeare (Ritstj.), *The disability reader. Social science perspectives* (bls. 56–78). London: Cassell.
- Bogdan, R. og Biklen, S. (1998). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. (3. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Booth og Booth (1996). Sound of silence: narrative research with inarticulate subjects. *Disability and Society*, 11 (1), 55–69.
- Brynhildur G. Flóvenz (2004). *Réttarstaða fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Chappell, A.L. (1998). Still out in the cold: People with learning difficulties and the social model of disability. Í T. Shakespeare (Ritstj.), *The disability reader: Social science perspectives* (bls. 201–210). London: Cassell.

- Chappell, A.L., Goodley, D. og Lawthom, R. (2001). Making connections: the relevance of the social model of disability for people with learning difficulties. *British Journal of Learning Disabilities*, 29, 45–50.
- Clark, M. C. og Caffarella, R.S. (Ritstj.) (1999). *An Update on Adult Development Theory: New Ways of Thinking About the Life Course*. San Francisco: Jossey-Bass Publisher.
- Creswell, J. W. (1998). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions*. Thousand Oaks: SAGE.
- Cross, K. P. (1981). *Adults as learners. Increasing participation and facilitating learning*. San Fransisco: Jossey-Bass Publisher.
- Dóra S. Bjarnason (1991). Á blöndun og normalisering við um alla. *Tímaritið Proskahjálp* 13(1), 8–14.
- Dóra S. Bjarnason (1995). Frá samskiptan og blöndunar til lifandi menningarsamfélags. *Glæður: Tímarit um uppeldis- og skólamál*, 5, 41–56.
- Dóra S. Bjarnason (2003). Fullorðinshlutverk og fötlun. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði* (bls. 153–174). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Elias, J.L. og Merriam, S.B. (1980). *Philosophical foundations of adult education*. Florida: Krieger Publishing Company.
- Emerson, R. M., Fretz, R. I., og Shaw, L. L. (1995). *Writing ethnographic fieldnotes*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Finkelstein, V. (2004). Representing disability. Í J. Swain, S. French, C. Barnes og C. Thomas (Ritstj.), *Disabling barriers – Enabling environments* (bls. 13–20) London: Sage Publications.
- Fjölmennt, Fullorðinsfræðsla fatlaðra (2005). *Starfsáætlun. Starfsárið 2005-2006*. Reykjavík: Fjölmennt.
- French, S. og Swain, J. (2004). Whose tragedy? Towards a personal non-tragedy view of disability. Í J. Swain, S. French, C. Barnes og C. Thomas (Ritstj.), *Disabling barriers – Enabling environments* (bls. 34 – 40). London: Sage Publications.
- Fisher, D., Sax, C. og Pumpian, I. (Ritstj.) (1999). *Inclusive high schools: Learning from contemporary classrooms*. Baltimore: Paul H. Brookes.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (2004). *Gátt. Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Reykjavík.

- Gibson, C. (1998). *The next step: Inclusive university education for people with an intellectual disability*. Pathways national conference. Creating the future. 1.-4. desember 1998. Sótt á vef 21.07.2006
<http://www.adcet.edu.au/uploads/documents/promp.pdf>
- Goodley, D. (2000). *Self-advocacy in the lives of people with learning difficulties*. Buckingham: Open University Press.
- Goodley, D. og Armstrong, D. (2001). *Self-advocacy, Civil Rights and the Social Model of Disability*. Final Research Report. ERSC Research Grant R000237697. Sótt á vef 20.06. 2005
<http://www.leeds.ac.uk/disabilitystudies/projects/selfadvocacy/finalreport.htm>
- Grantley, J. (2000). *Towards inclusion in university of people with intellectual disabilities*. Abstract presented at ISEC 2000. Sótt á vef 21.07.2006
http://www.isec2000.org.uk/abstracts/papers_g/grantley_1.htm
- Gretar Marinósson (1995). Um **hvað** snýst deilan? *Glæður: Tímarit um uppeldis- og skólamál*, 5, 41–56.
- Guðrún V. Stefánsdóttir (2003). Lífssögur fólks með þroskahömlun: Nokkrar aðferðafræðilegar áskoranir. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Félagsvísindadeild* (bls. 355–363). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún V. Stefánsdóttir (2004). Birtingamyndir andófs og mótspyrnu í lífssögum þriggja kvenna með þroskahömlun. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum V. Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (bls. 495–507). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guenette, F. (e.d.). *Inclusive Post-Secondary Education. Human rights can Legislate Change but can it Create Acceptance ?* Sótt á vef 21.07.2006
http://stepsforward.homestead.com/Acceptance_UVIC_2004_.pdf
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001). *Ósýnilegar fjölskyldur: Sein færar/þroskaheftar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hughson, E.A., Moodie, S., Uditsky, B. (2005). *The story of inclusive post secondary education in Alberta. Final research report 2004-2005*. Sótt á vef 21.07.2006
http://pdd.org/projects/IPSE_FinalReport.pdf
- Jón Torfi Jónsson (2004). Fullorðinsfræðsla og starfsmenntun á Íslandi. Staða og þróun starfsfræðslu og símenntunar. Í *Gátt. Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

- Jørgensen, C.M. (Ritstjóri). (1998). *Restructuring high schools for all students: Taking inclusion to the next level*. Baltimore: Paul H. Brookes.
- Knowles, M. S., Holton III, E. F. og Swanson, R. A. (1998). *The adult learner. The definitive classic in adult education and human resource development*. Houston: Gulf Publishing Company.
- Kristín Björnsdóttir (2002). *Þroskaheftir nemendur í framhaldsskóla*. Óbirt MA ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Kristín Björnsdóttir (2003). Sérnámsbrautir og skólasamfélag. Samskipti þroskaheftra og ófatlaðra framhaldsskólanema. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði* (bls. 153–174). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristján Valdimarsson (2003). *Atvinnumál fatlaðra: Málaflokkur í vanda*. Óbirt MPA ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative interviewing*. Thousand Oaks, CA: SAGE.
- Lobban, M. (2002). *Taking their place: People with intellectual disability at university*. Pathways 6 Conference 2002. Sótt á vef 21.07.2006
<http://www.adcet.edu.au/uploads/documents/Malcolm%20Lobban.pdf>
- Lög um almenna fullorðinsfræðslu nr.47/1992 á vef Alþingis. Sótt 20.06.2005
<http://www.althingi.is/lagas/120b/1992047.html>
- Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 á vef Alþingis. Sótt 10.12.2004
<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1996080.html>
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995 á vef Alþingis. Sótt 22.06.2005
<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1995066.html>
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 á vef Alþingis. Sótt 10.12.2004
<http://www.althingi.is/lagas/131a/1992059.html>
- Margrét Margeirsdóttir (2001). *Fötlun og samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- María E. Keld (1995). *Skýrsla um framhaldsnám og fullorðinsfræðslu þroskaheftra á Norðurlöndum*. Óbirt skýrsla um löggjöf og framkvæmd fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum unnin við Háskólann í Osló.
- Menntamálaráðuneytið (1998). *Símenntun afl á nýrri öld. Álit nefndar um símenntun*.

- Menntamálaráðuneytið (2000). Námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla. Starfsbrautir. Sótt á vef Menntamálaráðuneytis. 25.02.2005
<http://bella.mrn.stj.is/utgafur/Framhaldsskola.pdf>
- Menntamálaráðuneytið (2005). Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla. Sérdeildir. Sótt á vef menntamálaráðuneytis 1. 06.2005
http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/starfsbrautir_2005.pdf
- Merriam, S. B. og Caffarella, R.S. (1999). *Learning in adulthood. A comprehensive guide*. Houston: Jossey-Bass.
- Maudslay, L. og Nightingale, C. (2004). *Achievement in non-accredited learning for adults with learning difficulties*. Leicester: National Institute of Adult Continuing Education.
- Nemendaskrá Fjölmenntar. 2002-2005. Fjölmennt Reykjavík.
- Nirje, B. (1969). The Normalization principle and its human management implication. Í R. Kugel og W. Wolfensberger (Ritstj.), *Changing patterns in residential service for the mentally retarded* (bls. 179–195). Washington, DC: President's Committee on Mental Retardation.
- Nirje, B. (1980). The normalization principle. Í R.J. Flynn og K.E. Nitch (Ritstj.), *Normalization, social integration and community service* (bls. 31–49). Baltimore: University Park Press.
- Oliver, M. (2004). If I had a hammer: The social model in action. Í J. Swain, S. French, C. Barnes og C. Thomas (Ritstj.), *Disabling barriers – Enabling environments* (bls. 7–12). London: Sage Publications.
- Ólafur Guðmundsson (2003). Félög fólks með þroskahömlun í öðrum löndum. *Þroskahjálp*. (2. og 3. tbl.), 7–11.
- Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði* (bls. 9–17). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir (2004). Fötlunarfræði: Upphaf, þróun og fræðileg sjónarhorn. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum V. Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (bls. 519–530). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ramcharan, P., Roberts, G., Grant, G. og Borland, J. (2000). *Empowerment in everyday life. Learning disability*. London: Jessica Kingsley Publishers.

- Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. 1998 nr. 372. Sótt á vef Menntamálaráðuneytis. 25.02.2005
<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir3721998>
- Reglugerð um sérkennslu 1996 nr. 389. Sótt á vef alþingis 25.06.2005
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/389-1996>
- Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir. Alþjóðleg ráðstefna um menntun nemenda með sérþarfir. Salamanca, Spáni, 7. – 10. júní 1994. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og Menntamálaráðuneytið á Spáni. Bæklingur gefinn út af Menntamálaráðuneyti 1995. Keneva Kunz þýddi, staðfært af starfsmönnum Menntamálaráðuneytisins.
- Saloviita, T. (e.d.). *An inclusive education program for students with mild to severe developmental disabilities: A pilot project in Finland*. Sótt á vef 21.07.2006
<http://stepsforward.homestead.com/Research-Finland.html>
- Sérkennsla – umskipti úr námi og út á atvinnumarkað. Yfirlitsskýrsla Október 2002. Sótt á vef Menntamálaráðuneytis 30.11.2004
<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntun/serkennsla/nr/1085>
- Skipulagsskrá fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra. (2002). Óútgefinn samningur milli Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar um rekstur Fjölmenntar.
- Sóley S. Bender (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Kristjánsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. (bls. 85–99). Háskólinn á Akureyri.
- Stefnuskrá Fjölmenntar (2004). Óútgefin gögn. Gögn um starfsemi Fjölmenntar gerð af stjórn Fjölmenntar.
- Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands (1944) nr.33 á vef Alþingis. Sótt 25.07.2005
<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1944033.html>
- Stjórnskipunarlög um breyting á Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (1995) nr. 97 á vef Alþingis. Sótt 25.07.2005
<http://www.althingi.is/altxt/stjt/1995.097.html>
- Strauss, A. og Corbin, J. (1998). *Basics of qualitative research. Techniques and procedures for developing grounded theory*. Thousand Oaks: SAGE
- Sutcliffe, J. (1991). *Adults with learning difficulties. Education for choice & empowerment*. Buckingham: Open University Press.
- Sutcliffe, J. (1994). *Integration for adults with learning difficulties. Contexts and debates*. Leicester: The National Institute of Adult Continuing Education.

- Sutcliffe, J. (1996 a). *Towards Inclusion. Developing integrated education for adults with learning difficulties*. Leicester: The National Institute of Adult Continuing Education.
- Sutcliffe, J. (1996 b). *Enabling Learning. A student centred approach to teaching adults with learning difficulties*. Leicester: The National Institute of Adult Continuing Education.
- Sutcliffe, J. og Jacobsen, Y. (2001). *All things being equal? A practical guide to widening participation for adults with learning difficulties in continuing education*. Leicester: The National Institute of Adult Continuing Education.
- Swain, J., French, S., Barnes, C. og Thomas, C. (Ritstj.) (2004). *Disabling Barriers – Enabling Environments* (2. útgáfa). Thousand Oaks: SAGE
- Taylor, S. J. (2001). On choice *TASH*, 27(2), 8-9.
- Thomas, C. (1999). *Female forms. Disability and feminist perspectives: The personal and the political*. Buckingham: Open University Press.
- Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issues of SJDR: Understanding Disability. *Scandinavian Journal of Disability Research. Special Issue on Understanding Disability*, 6 (1), 3–8.
- Valgerður Gunnarsdóttir (2003). ICF Flokkunarkerfið og notagildi þess á Íslandi. Greinargerð unnin á vegum þverfaglegs áhugahóps um ICF. Heilbrigðisráðuneytið.
- Walmsley, J. og Johnson, K. (2003). *Inclusive research with people with learning disabilities. What matters to people with learning disabilities?* London: Jessica Kingsley Publishers.
- Vilborg Jóhannsdóttir (2003). Gæðastýrð þjónusta byggð á viðhorfum notenda. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði* (bls. 209–227). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Wolfensberger, W. (1980). A brief overview of the principle of normalization. Í R. J. Flynn og K. E. Nitsch (Ritstj.). *Normalization, social integration, and community services* (bls.7–30). Baltimore: University Park Press.
- Wolfensberger, W. (1984). A reconceptualization of normalization as social rolevalorization. *Canadian Journal on Mental Retardation*, 34(2), 22–26.

Wolfensberger, W. (1985). Social role valorization: A new insight, and a new term, for normalization. *Australian Association for the Mentally Retarded Journal*, 9 (1), 4–11.

Þjónustusamningur Fullorðinsfræðslu fatlaðra (2002). Óútgefin gögn. Samningur um Fjölmennt milli Menntamálaráðuneytis, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands.

Þorsteinn Sigurðsson (1993). *Þættir úr sögu sérkennslunnar*. Reykjavík: Þórsútgáfan.

Viðauki

Kynning á þátttakendum

Eftirfarandi er kynning mín á lykilþátttakendum. Ég hef breytt nöfnum og öðrum þeim þáttum sem ég hef getað til að dylja þátttakendur og talið nauðsynlegt til að kynningin verði ekki persónugreinanleg. Enda eru það allt þættir sem ég tel ekki skipta máli fyrir niðurstöður mínar að öðru leyti. Ég lýsi ekki persónum en geri grein fyrir hvernig aðkoma þeirra að verkefni mínu er. Ég var lengi í vafa um hvernig ég myndi vinna þennan þátt þar sem mér finnst það glæða ritgerð sem þessa lífi að hafa lýsingar á persónum þátttakenda og það hefði ég gert ef samfélag okkar væri stærra í sniðum og því ekki eins auðvelt að finna út um hvern verið er að ræða í hverju tilfelli.

Lykilþátttakendur mínir eru sex nemendur, tveir foreldrar, starfsmaður Atvinnu með stuðningi og fjórir aðilar sem tengjast stjórnkerfi Fjölmenntar á mismikinn hátt.

Arna Jónsdóttir er starfsmaður Atvinnu með stuðningi á höfuðborgarsvæðinu. Vegna þess hve atvinnumál brenna á fötluðu fólki fannst mér mikilvægt að fá sjónarmið fólks sem vinnur við atvinnumiðlun og stuðning á vinnustöðum. Eins fannst mér mikilvægt að ræða við starfsfólk Atvinnu með stuðningi vegna þeirra hlutverka sem vinnumiðlanir hafa fengið í kjölfar starfsnáms framhaldsskólanna eftir tilkomu seinni hluta námsins sem er starfstengt nám að hluta. Skýrt er tekið fram í aðalnámskrá starfsbrauta framhaldsskólanna að eitt af markmiðum með veru í starfsbraut sé að fá tækifæri til atvinnuþátttöku að námi þar loknu. Mér fannst fróðlegt að fá sjónarmið frá aðila innan vinnumiðlunar fyrir fatlað fólk til að skoða betur hvernig þessi tenging milli framhaldsskóla og atvinnu að skóla loknum er skipulögð og hvernig hún virkar í raun.

Birna Stefánsdóttir er ein af stjórnendum Fjölmenntar og hefur komið að skipulagningu innra starfs stofnunarinnar frá upphafi. Stjórnkerfi Fjölmenntar er þannig uppbyggt að einn framkvæmdastjóri er yfir Fjölmennt á landsvísu sem er tengiliður milli starfsfólks og stjórnar Fjölmenntar, þrjár deildarstjórar eru starfandi, einn á Akureyri, einn á Selfossi og einn á höfuðborgarsvæðinu. Í Fjölmennt í Reykjavík eru síðan starfandi fjórir sviðstjórar

sem allir taka þátt í innra skipulagi stofnunarinnar hver á sínu sviði. Tveir verkefnastjórar sinna auk þess ákveðnum verkefnum innan stofnunarinnar.

Björg Einarsdóttir hefur lokið fjögurra ára námi á starfsbraut en stundar nú ekki nám hjá Fjölmennt Hún hefur verið á námskeiðum hjá Fjölmennt. Hún fór í starfsnám á þriðja ári framhaldsskólans á leikskóla og fann þar það sem hana langaði að vinna við í framtíðinni. Björg var alveg búin að fá nóg af garðvinnu þeirri sem fötluðu skólafólki stendur til boða og sótti sjálf um vinnu á leikskóla með aðstoð móður sinnar. Björg vinnur nú á leikskóla í 70% starfi.

Guðbjörn Jónsson er trúnaðarmaður fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur sinnt margs konar verkefnum í tengslum við réttindagæslu fatlaðs fólks á öllum aldri. Mér fannst mikilvægt að ræða við Guðbjörn til að fá sjónarhorn hans um starfsemi Fjölmenntar, með tilliti til hvernig Fjölmennt sinnir yfirlýstu hlutverki sínu, að sinna best þeim sem fæst tilboð fá annars staðar. Einnig fannst mér mikilvægt að spyrja hann hvort einhverjir hópar fatlaðs fólks fengju ekki nein símenntunartilboð. Mér fannst hann einna líklegastur til að hafa yfirsýn yfir stöðu þeirra sem þannig er ástatt um.

Gunnar Þórisson er foreldri og á son sem stundar nám hjá Fjölmennt. Gunnar er mjög áhugasamur um áframhaldandi nám fyrir son sinn og hefur ítrekað bent á hversu skertir valmöguleikar eru hjá fötluðu ungu fólki við lok framhaldsskóla bæði hvað varðar atvinnu og áframhaldandi nám. Hann hefur réttilega bent á að nemendur sem stunda nám í áfangakerfi framhaldsskóla geta lokið framhaldsskóla á mun lengri tíma en gengur og gerist. Nemendur á almennum brautum framhaldsskóla geta verið allt að sex ár að ljúka námi. Honum finnst að það sé eðlilegt að nemendur sem séu fatlaðir og séu þar af leiðandi lengur að læra geti haft möguleika á að vera lengur í framhaldsskóla. Gunnar er ákafur talsmaður aukinnar menntunar fyrir þann hóp fatlaðra nemenda sem hefur lokið námi í framhaldsskóla. Honum finnst að það sé eðlilegur framgangur í menntamálum að fatlað fólk eigi einhverja möguleika á að vera í fullu námi að framhaldsskóla loknum. Gunnar er mikill áhugamaður um lýðháskóla og hefur kynnt sér persónulega fyrirkomulag lýðháskóla á Norðurlöndum. Sú hugmynd finnst honum mjög áhugaverð

meðal annars vegna þess að þar sé möguleiki á fullri þátttöku fatlaðra við ófatlaða jafnaldra sína.

Hanna Sveinsdóttir er foreldri og á einhverfan son sem stundar nám hjá Fjölmennt. Hanna hefur unnið mikið að málefnum einhverfra um margra ára skeið. Sonur Hönnu, Eyþór Hannesson, hefur lokið fjögurra ára námi í framhaldsskóla. Hann er einn af þeim sem þarf sértækt námsumhverfi og einstaklingsmiðað kennsluúrræði. Hann sýnir sterk einhverf einkenni hvað daglegar athafnir og boðskipti varðar. Eyþór er einn af þeim hópi fatlaðs fólks sem þarf mikinn stuðning við allar athafnir daglegs lífs bæði persónulega og sem varðar búsetu, menntun, atvinnu og tómstundir. Þar af leiðandi eru tækifæri fyrir fatlað fólk sem þarf svo sértæk úrræði og mikinn stuðning alltof fá að margra mati. Fjölmennt hefur oft verið gagnrýnd fyrir að sinna þessum hópi ekki nægilega vel, atvinnumöguleikar séu fáir og einhæfir að margra mati og tómstundatilboð af skornum skammti. Margir aðstandendur og fagfólk sem vinnur með fólki með mikla einhverfu hefur ítekað bent á að þörf sé á heildstæðri þjónustu fyrir þennan hóp fólks. Mér fannst mikilvægt að fá sjónarmið Hönnu í tengslum við rannsókn mína vegna þess að ég hafði hug á að skoða hvernig hún sæi fyrir sér að best væri komið til móts við námsþarfir og atvinnuóskir Eyþórs í framtíðinni.

Högni Sigurjónsson er í stjórn landsamtakanna Þroskahjálpar sem eru annar eigandi sjálfseignarstofnunarinnar Fjölmenntar. Það hlutverk hefur orðið umræðuefni meðal fagfólks vegna þess að þannig sitja landsamtökin beggja vegna borðs, annars vegar sem eigendur Fjölmenntar og hins vegar sem málsvari fatlaðs fólks í landinu. Mig langaði að fá sjónarmið forsvarsmanna Þroskahjálpar um þessa stöðu, tilurð Fjölmenntar og hvernig á því stóð að Þroskahjálpar fór í rekstur af þessu tagi. Það hefur verið yfirlýst stefna samtakanna að taka ekki þátt í rekstri þannig að í þessu tilfelli var gerð undantekning á þeirri stefnu landsamtakanna.

Hörður Ingason er nemandi hjá Fjölmennt. Hörður útskrifaðist eftir fjögurra ára framhaldsnám árið 2002. Hann fékk áhuga á að vinna á bókasafni eftir að hafa verið í þannig vinnu í starfsnámi. Foreldrar hans aðstoðuðu hann við að sækja um vinnu á

bókasafni á höfuðborgarsvæðinu. Hann vinnur tvo og hálfan klukkutíma á dag fjóra daga vikunnar. Hann er mjög áhugasamur um vinnu sína og stoltur af henni. Auk námskeiðsins hjá Fjölmennt er hann á námskeiðum með sínum gömlu bekkjarfélögum sem foreldrahópur hefur skipulagt í leiklist og ensku. Hann er auk þess í tónlistarnámi og er einn eftirmiðdag í tómsundastarfi á vegum Íþróttá- og tómsundaráðs. Hörður hefur gaman af að ræða um lífið og tilveruna og hefur miklar skoðanir á hvernig hann vill hafa sitt skipulag.

Magnús Tómasson er í stjórn Fjölmenntar. Hann hefur verið virkur í stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmdum í tengslum við málaflokk fatlaðs fólks um langan tíma. Magnús hefur fylgst vel með þróun hugmyndafræði í tengslum við fatlað fólk í áratugi og unnið að fjölbjóðlegum samstarfsverkefnum í málaflokki fatlaðra. Í stjórn Fjölmenntar eru fimm aðilar. Tveir eru tilnefndir af Þroskahjálpi, tveir af Öryrkjabandalagi og einn fulltrúi er frá Kennaraháskóla Íslands. Þessir fulltrúar eru tilnefndir til setu í stjórn til þriggja ára í senn.

Rannveig Sigurjónsdóttir er nemandi hjá Fjölmennt. Rannveig er virk í sundfélagi fatlaðra og æfir sund þrisvar í viku. Hún vinnur í þökkunarfyrirtæki hér í borg. Hún er ánægð með vinnuna sína sem eins og hjá Herði hún kynntist í starfsnámi í framhaldsskólanum sínum. Henni finnst sérstaklega skemmtilegt starfsfólk í vinnunni og finnst það helsti kostur við vinnuna sína hvað starfsfólkið er hress og skemmtilegt. Rannveig hefur mikinn félagsskap af sundfélögum sínum og hittir þau eða hefur samskipti með msn, sms eða hringir í þau. Hún hefur farið nokkrum sinnum í keppnisferðir til útlanda með sundfélaginu sínu.

Sigurður Jóhannsson hefur lokið fjögurra ára námi á starfsbraut en hefur ekki sótt námskeið hjá Fjölmennt. Hann útskrifaðist vorið 2002 úr framhaldsskóla eftir fjögurra ára nám á starfsbraut. Hann var orðinn leiður í skólanum en hafði mikið félagslega að sækja til samnemenda sinna þar. Hann hefur ekki stundað vinnu að skóla loknum og hefur ekki mikil tengsl við sína fyrri námsfélaga eftir að framhaldsskóla lauk. Sigurður átti sér þann

draum að fá vinnu á bifvélaverkstæði og langaði til að taka meirapróf og keyra vinnuvélar. Sigurður er mjög hlédrægur piltur og hefur sig lítt í frammi.

Sunna Arnardóttir er nemandi hjá Fjölmennt og hefur ekki fengið atvinnu þrátt fyrir að hafa verið á skrá hjá Atvinnu með stuðningi frá því að hún útskrifaðist úr framhaldsskóla vorið 2002. Sunna er áhugasöm um frekara nám og hefði viljað vera lengur í framhaldsskóla því hún naut verunnar þar mjög. Sunna hefur áhuga á mörgu sem gerist í kringum hana, er ræðin og hefur gaman að spjalla um lífið og tilveruna sem hún hefur miklar skoðanir á. Hún er þó alveg óhrædd við að velta hlutunum fyrir sér fram og til baka ef hún hefur ekki ákveðna skoðun. Sunna fannst mjög ánægjulegt að taka þátt í þessari rannsókn.

Sveinn Guðjónsson er nemandi hjá Fjölmennt. Sveinn hefur lokið fjögurra ára námi á starfsbraut í einum af framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins. Hann lauk námi þar vorið 2003. Sveinn hefur ekki atvinnu en stundar íþróttir á vegum íþróttafélags fatlaðra. Sveinn hefur bílpróf og ekur á sínum eigin bíl. Hann á umsókn hjá Atvinnu með stuðningi. Hans áhugasvið eru smíðastörf eða lagerstörf og hefur mikinn áhuga á að vinna fullan vinnudag og taka einstök námskeið hjá Fjölmennt að vinnu lokinni. Sveinn hefur unnið í nokkra mánuði síðastliðið sumar en „svo gekk það ekki lengur“ eins og hann orðaði það sjálfur. Sveinn er hlédrægur og rólyndur piltur. Hann hefur miklar skoðanir um líf sitt en þurfti nokkra hvatningu til að segja frá upplifun sinni.

